

Milli mála

Milli mála

Tímarit um erlend
tungumál og menningu

8. ÁRGANGUR

Ritstjórar
Gísli Magnússon
Þórhallur Eyþórsson



Miðstöð íslenskra bókmennta styrkti útgáfuna



*Styrktarsjóði SVF er þakkaður
stuðningur við útgáfu tímaritsins*

*Milli mála er ritrýnt tímarit
og er ritrýnum þakkað þeirra framlag*



Háskólaútgáfan
Reykjavík 2016

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttir í erlendum tungumálum og höfundar/pýðendur efnis.

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson
Rafræn útgáfa

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

U6201404
ISBN 978-9935-23-026-3

Efni

<i>Gísli Magnússon og Þórhallur Eyþórsson</i>	
Frá ritstjórum	7
RITRÝNDAR GREINAR	
<i>Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood</i>	
„Þáttur var tekinn í hlaupinu af Höskuldi.“	
Samspil fastra orðasambanda og setningagerðar	13
<i>Pilar Concheiro Coello</i>	
Motivación y redes sociales en la enseñanza de ELE	43
<i>Erla Erlendsdóttir</i>	
Quilla, branque, estrave...	
Términos náuticos de origen nórdico	70
<i>François Heenen</i>	
Imparfait et modalité	93
<i>Hólmfríður Gardarsdóttir</i>	
Central American Coastal Identity: Multiple Faces of	
Mestizaje in Narrative by the Costa Rican novelist	
Anacristna Rossi	118
<i>Alexander Künzli og Gunnar Engwall</i>	
Le français strindbergien en traduction : l'exemple	
du Plaidoyer d'un fou	145
<i>Margrét Jónsdóttir</i>	
Beygingarsaga nafnsins Ester	176

<i>Anne Elisabeth Sejten</i>	
Une pensée de l'eau. Pour une lecture bachelardienne de l'œuvre d'Albert Camus	197
<i>Svavar Hrafn Svavarsson</i>	
Grímur Thomsen og framandgerving Pindars.	217
FRÆÐILEG RITGERÐ	
<i>Wolf Wucherpfennig</i>	
Kunst und Vandalismus im Zeichen der Moderne	253
ÞÝÐINGAR	
<i>Hólmfríður Garðarsdóttir</i>	
Um höfundinn Carmen Lyra.	283
<i>Carmen Lyra</i>	
Stefanía.	285
<i>Erla Erlendsdóttir</i>	
Um Doru Alonso	289
<i>Dora Alonso</i>	
Gamla konan.	291
<i>Ásdís R. Magnúsdóttir</i>	
Nokkur orð um esseyjur (<i>Essais</i>) Michels de Montaigne..	294
<i>Michel de Montaigne</i>	
Að iðka heimspeki er ígildi þess að læra að deyja	296
Höfundar, þýðendur og ritstjórar.	315
Authors, translators and editors.	317

Frá ritstjórum

*M*illi mála – tímarit um erlend tungumál og menningu kemur nú út í áttunda sinn hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Tímaritið kemur út einu sinni á ári í opnum vefafang (millimala.hi.is) og er vettvangur fyrir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig birtast heftin jafnóðum á vef Landsbókasafnsins: timarit.is.

Tímaritinu hafa borist fjölmargar greinar undanfarna mánuði og birtast túi þeirra í þessu hefti, skrifaðar á íslensku, ensku, frönsku, spænsku og þýsku. Níu greinanna eru ritrýndar en ein flokkast fremur sem fræðileg ritgerð eða hugleiðing („esseyja“). Fyrsta ritrýnda greinin er eftir Anton Karl Ingason, Einar Frey Sigurðsson og Jim Wood og ber hún titilinn „„Þáttur var tekinn í hlaupinu af Höskului.“ Samspil fastra orðasambanda og setningagerðar“. Greinin fjallar um föst orðasambönd í íslensku sem eru túlkuð á sérstakan hátt sem ekki er fyrirsegjanlegur út frá merkingu einstakra orða. Fjallað er um þá eiginleika sem einkenna föst sagnasambönd og kenningar sem settar hafa verið fram af bandaríksa málvísindamanninum Noam Chomsky og fleirum um greiningu á slíkum gögnum. Sýnt er fram á að þessar kenningar henta vel við greiningu á setningagerðum í íslensku.

Pilar Concheiro Coello ritar greinina „Áhugahvöt og samfélagsmiðlar í kennslu spænsku sem erlends máls“. Rannsóknin sem þar er lýst sýnir hvernig notkun á Facebook sem stafræns vinnuumhverfis í kennslu spænsku sem erlends tungumáls getur haft hvetjandi áhrif á nemendur í tileinkun markmálsins. Þannig geta nemendur nýtt sér Facebook til að búa til og deila efni á spænsku sem tengist þeirra persónulega reynsluheimi og tjá öðrum það. Það leiðir til þess að lærðómsferlið hefur meiri þýðingu í augum nemendanna. Rannsóknin var byggð á raungögnum og með tilstyrk

megindlegra rannsóknaraðferða var reiknað út hvort notkun samfélagsmiðla hefði jákvæð áhrif á áhuga og viðhorf nemendanna.

Orð af norrænum uppruna, einkum orð sem lúta að skipasmíði og siglingum, voru tekin upp í normandísku þaðan sem þau bárust inn í frönsku sem miðlaði þeim aftur á móti til annara rómanskra tungumála, til að mynda spænsku. Þetta er viðfangsefni Erlu Erlendsdóttur í greininni „Quilla, branque, estrave... Sjómannarð af norrænum uppruna“. Sem dæmi má nefna heiti á ýmsum skipshlutum og verkfærum sem voru notuð um borð í skipum fyrr á tímum. Þessi heiti koma fyrst fyrir í spænskum textum frá 16. og 17. öld sem voru skrifaðir í kjölfar landafundanna miklu í Vesturheimi.

Í greininni „Lýsingarþátíð (*imperfait*) og háttarmerking“ tekur François Heenen upp þráðinn frá síðasta hefti (*Milli Mála* 7, 2015) þar sem sú kenning var sett fram að franska lýsingarþátíðin miðli ákveðnu ferli sem viðmælandinn fer eftir til að túlka segðina. Þessi kenning getur að mati höfundarins útskýrt af hverju þessi tið er oft notuð til að tjá óraunverulega atburði. Skýringin væri þá sú að viðkomandi ferli leiði huga viðmælandans frá aðgengilegasta samhenginu. Höfundurinn veltir líka fyrir sér hvernig lýsingarþátíð í skilyrðissetningum fær nútíðarmerkingu í stað þátíðarmerkingarinnar sem einkennir hana almennt að öðru leyti. Að mati hans er það vegna þess að segðin er túlkuð sem endurhugsun annarrar segðar sem inniheldur sögn í nútíð.

Hólmfríður Garðarsdóttir ritar grein sem hún nefnir „Miðamerískar sjálfsmyndir við ströndina: Mörg andlit mestizaje í frásögum eftir kostaríkska rithöfundinn Anacristna Rossi“. Greinin beinir sjónum að menningarlegri fjölbreytni á Karíbahafssvæði Mið-Ameríkuríkja. Hún gerir ósýnileika ýmissa minnihlutahópa að sérstöku umtalsefni og þá ekki hvað síst á Karíbahafsströnd Kostaríku. Meginefniviður rannsóknarinnar er sóttur í tvær skáldsögur kostaríkska rithöfundarins Anacristina Rossi sem báðar gerast á umræddum slóðum og „bregða ljósi á fjölsamsettan uppruna íbúa Kostaríku og þar af leiðandi fjölmengunarlegan bakgrunn nútíma samfélags“, ásamt því að rannsaka menningarárf og sögu landsins.

Alexander Künzli og Gunnar Engwall fjalla um August Strindberg sem frönskumælandi rithöfund í grein sem nefnist „Hinn franski Strindberg í þýðingu: dæmi af *Varnarrædu vitfírr*-

ings“. Markmiðið er að skoða hvernig franskur yfirlesari hans fór með sérkennin á frönskunni sem hann ritaði og hvernig þau komu fram í þýðingum *Varnarræðunnar*. Í ljós koma mikil frávik frá frumtexta skáldsögunnar sem eru ekki skilyrt af viðmiðum markmálsins, sérstaklega í fyrstu endurskoðuðu útgáfunni á frönsku en einnig í nýjustu sánsku og ítölsku þýðingunum. Þar að auki sýnir textagreining að ekki einungis hafi upprunalegt handrit Strindbergs veitt þýðendum innblástur heldur einnig eldri þýðingar á viðkomandi tungumál. Höfundarnir benda á að mögulegt væri að þýða *Varnarræðuna* upp á nýtt þar sem frekari tilraunir yrðu gerðar með tungumálið.

Eiginnaafnið Ester (eða Esther) er áhugavert af ýmsum ástæðum, eins og Margrét Jónsdóttir fjallar um í grein sinni „Beygingarsaga nafnsins Ester“. Í þessari grein er skýrt frá beygingarsögu nafnsins í íslensku, allt frá því að það kemur fyrst fyrir í Guðbrandsbiblú (1584) til okkar daga. Áhugavert er að þótt nafnið Ester fái venjulega eignarfallsendinguna *-ar* í nútímmamáli kemur endingin *-s* þó stundum fyrir, auk þess sem nafnið kemur líka fyrir endingarlaust. Í greininni er einnig hugað að stöðu sérnafna og hlutverki þeirra.

Anne Elisabeth Sejten ritar grein sem hún nefnir „Myndir vatnsins – tilraun til lesturs á Camus í anda Bachelard“. Í greininni er fjallað um náttúrulýsingar hjá Albert Camus með því að velja „ein-falda“ nálgun sem tengist fremur „efnislegri ímyndun“ en táknrænni og táknsögulegri túlkun. Höfundur sýnir fram á að ólíkt viðteknum hugmyndum um Camus sem skáld sólarinnar bendi nánari lestur til þess að vatn yfirgnæfi önnur frumefni. Í anda franska heimspekkingsins Gaston Bachelard er því lýst hvernig framsetning náttúrunnar hjá Camus er afbyggð út frá hugmyndum um vatnið sem hinn „leynda sjóndeildarhring fegurðarinnar“.

Kvæðaþýðingar Gríms Thomsen hafa löngum þótt góð dæmi um aðlögun erlends skáldskapar að íslenskum hefðum og hugarfari. Þessu efni gerir Svavar Hrafn Svavarsson skil í grein sinni „Grímur Thomsen og framandgerving Pindars“. Í greininni er því haldið fram að Grími hafi ekki gengið til að staðfæra skáldskap Pindars og annarra forngrískra skálða heldur hampi hann framandleikanum og vilji þannig auðga íslenskar bókmenntir. Raunar má segja að Pindar sé nánast „framandleikinn holdi klæddur“ og því kemur ekki á

óvart að þýðingum Gríms hafi oftast verið tekið fálega og þær talda sérviska gamalmennis sem var ósáttur við samtíma sinn. Mikill fengur er að þýðingu Gríms Thomsen á Ólympískri drápu I eftir Pindar sem birt er ásamt gríska frumtextanum og ákvæmri þýðingu í óbundnu máli.

Auk ritrýndra greina er í heftinu fræðileg ritgerð („esseyja“) eftir Wolf Wucherpfennig sem nefnist „List og skemmdarfýsn í nútímanum“. Ritgerðin sýnir í fyrsta lagi hvernig list í skilningi gnostískrar hugsunar bregst við þjáningu vegna hinnar raunverulegu skemmdarfýsnar sögunnar með því að sætta menn við óleysanlega tvíbendni tilverunnar. Í öðru lagi sýnir greinin hvernig nútímalist hefur auk þess – allt frá tímum framúrstefnunnar – ýmist brugðist við hinni raunverulegu firringu með listrænni framand-gervingu eða hefur sjálf af skemmdarfýsn tefti þjáningunni sem leifum mennskunnar fram gegn afmenskuninni.

Loks eru í heftinu þrjár þýðingar (fyrir utan Pindar-þýðingu Gríms Thomsen sem áður er getið). Hólmsfríður Gardarsdóttir birtir hér þýðingu sína, „Stefanía“ eftir Carmen Lyra frá Kostaríku. Erla Erlensdóttir birtir þýðingu sem nefnist „Gamla konan“ eftir Doru Alonso sem var af spænsku og kúbonsku bergi brotin. Að endingu þýðir Ásdís R. Magnúsdóttir nokkrar „esseyjur“ (*Essais*) eftir Michel de Montaigne, einn þekktasta andansmann í sögu Frakklands.

*Gísli Magnússon
Þórhallur Eyþórsson*

Ritrýndar greinar

ANTON KARL INGASON – HÁSKÓLA ÍSLANDS
EINAR FREYR SIGURÐSSON – UNIVERSITY OF PENNSYLVANIA
JIM WOOD – YALE UNIVERSITY

„Þáttur var tekinn í hlaupinu
af Höskului.“
Samspil fastra orðasambanda
og setningagerðar

1. Inngangur

Þessi grein fjallar um föst orðasambönd þar sem tiltekin sögn og tiltekið andlag tjá í sameiningu merkingu sem er ekki bókstafleg.¹ Færð eru rök fyrir því að þegar sögn og andlag hennar eru á þennan hátt túlkuð sem ein heild þá byggi þessi sérstaka merking á því að andlagið geti ekki færst úr setningafræðilegri andlagsstöðu. Sambandið *að taka þátt í e-u* sem kemur fyrir í eftirfarandi setningu er dæmi um það sem við nefnum fast orðasamband.

(1) Höskuldur tók þátt í hlaupinu.

Í þessari setningu tekur Höskuldur ekki neitt heldur er hann einfaldlega með í hlaupinu. Sögnin *að taka* og nafnorðið *þáttur* hafa þannig sérstaka merkingu þegar þau standa saman. Við nefnum merkingu af þessu tagi orðasambandsmerkingu til að aðgreina hana frá bókstaflegri merkingu. Eitt af því sem einkennir sum föst orðasambönd er að þau glata orðasambandsmerkingu sinni í þolmynd. Þetta er sýnt í (2) en við notum táknið # í greininni til að auðkenna dæmi þar sem orðasambandsmerking er ekki til staðar.

1 Hluti af þessu efni var kynntur á málþingi til heiðurs Höskului Þráinssyni 16. janúar 2016. Við þökkum Höskuldi og Helga Skúla Kjartanssyni fyrir athugasemdir og umræður í framhaldi af þeirri kynningu. Einnig þökkum við ritstjóra og tveimur nafnlausum ritrýnum fyrir gagnlegar ábendingar.

(2) # Þáttur var tekinn í hlaupinu.

Áhugavert er að bera saman föst orðasambönd í hefðbundinni þolmynd (HPM) og nýju ópersónulegu setningagerðinni (NÓS), sem margir málhafar, einkum yngri kynslóðir, hafa í máli sínu.² Nýja ópersónulega setningagerðin er að sumu leyti svipuð hefðbundinni þolmynd enda er hún stundum nefnd nýja þolmyndin en setningafræði hennar er þó ólík HPM vegna þess að andlag germyndarinnar færist ekki í frumlagssæti í NÓS. Setningagerðirnar eru enn fremur ólíkar að því leyti að NÓS varðveitir orðasambandsmerkingu í tilvikum þar sem HPM gerir það ekki. Þetta sést ef við berum saman HPM í (2) og NÓS í (3).

(3) Pað var tekið þátt í hlaupinu.

Hér varðveitist orðasambandsmerking, ólíkt þolmyndardæminu í (2). Í (3) sjáum við nokkur af aðalsmerkjum NÓS: 1) Andlagið þátt er í þolfalli (þrátt fyrir að það sé enginn sýnilegur gerandi í nefnifalli), 2) það getur ekki færst í frumlagssæti og 3) hjálparsögnin sem tekur lýsingarhátt þátíðar er *vera*. Fyrstu tvö atriðin minna á germynd en það þriðja á þolmynd. Hér má einnig nefna að í HPM samræmist persónubeygð sögn og lýsingarháttur nafnlíð í nefnifalli (*Margir bílar voru teknir, Pað voru teknir margir bílar*) en slíku samræmi er ekki til að dreifa í NÓS (*Pað var tekið marg a bíla*).

Í umfjöllun Chomskys (1981:194) er sá möguleiki ræddur að tiltekin föst orðasambönd krefjist þess að sögnin og beint andlag hennar séu hlið við hlið í afleiðslu merkingarfræðinnar. Í þessari

2 Nýja ópersónulega setningagerðin hefur komið þó nokkuð við sögu í fræðilegum skrifum á síðustu árum, sbr. t.d. Helgi Bernódsson (1982:212), Halldór Ármann Sigurðsson (1989:355, 2011), Helgi Skúli Kjartansson (1991), Maling og Sigurjónsdóttir (1997, 2002, 2012, 2013, 2015), Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a-b), Maling (2006), Maling, Kroch og Sigríður Sigurjónsdóttir (2011), Sigríður Sigurjónsdóttir og Iris Nowenstein (2016), Sigríður Sigurjónsdóttir (væntanlegt), Margrét Guðmundsdóttir (2002), Jóhanna Barðdal og Molná (2003), Jóhanna Barðdal (2015), Höskuldur Þráinsson (2007, 2015), Höskuldur Þráinsson o.fl. (2015), Kristín M. Valgarðsdóttir (2007), Ásbjörg Benediktsdóttir (2008), Þórhallur Eyþórsson (2008a-b, 2012), Jóhannes Gísli Jónsson (2009), Auður Sif Sigurgeirs dóttir (2009), Hlíf Árnadóttir (2008), Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson (2008, 2012), Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eyþórsson og Einar Freyr Sigurðsson (2011), Einar Freyr Sigurðsson (2010, 2012), Einar Freyr Sigurðsson og Brynhildur Stefánsdóttir (2014), Íðunn Gardarsdóttir (2012), Schäfer (2012), Anton Karl Ingason, Legate og Yang (2012, 2013), Legate (2014), Whelpton, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórhallur Eyþórsson (2013).

grein færum við rök fyrir því að þessi hugmynd sé á réttri leið. Við gerum ráð fyrir því í okkar greiningu að ekki sé hægt að túlka föst orðasambönd í gegnum spor (e. *trace*) röklíðafærslu (e. *A-movement*).³ Einkenni NÓS fela í sér nýstárlag rök fyrir greiningu af þessu tagi vegna þess að flestir sem hafa greint þessa formgerð gera ráð fyrir einhvers konar ósögðu frumlagi í NÓS setningum eins og (3) en Joan Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir voru fyrstar til að leggja til slíka greiningu (Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir 2002, Halldór Ármann Sigurðsson 2011, Einar Freyr Sigurðsson 2012, Anton Karl Ingason o.fl. 2013, Legate 2014).⁴ Þetta ósagða frumlag kemur í veg fyrir að andlagið geti færst í frumlagssæti og þess vegna tryggir það að sögnin og andlag hennar séu hlið við hlið.

Í greiningunni sem við setjum fram gerum við ráð fyrir að yfirleitt sé það möguleikinn á færslu andlags sem útilokar orðasambandsmerkingu frekar en færslan sjálf. Áhrif þessa má sjá í (4) en margir málhafar, þar á meðal höfundar þessarar greinar, telja orðasambandsmerkingu ekki eiga við í HPM jafnvel þó að andlagið færst ekki í frumlagssæti.

(4) # Það var tekinn þáttur í hlaupinu.

Rétt eins og í (3) færst nafnlíðurinn ekki í frumlagssæti í þolmyndardæminu í (4). Aftur á móti er nafnlíðurinn hér í nefnifalli, ólíkt (3). Þetta dæmi er til marks um að möguleikinn á færslu nafnlíðarins *þáttur* sé það sem ræður úrslitum um orðasambandsmerkingu.

Í þessari grein höfum við fyrst og fremst áhuga á því sem við köllum föst **sagnasambönd** (e. *verbal idiom*), en þar er lykilatriði að

3 Við leggjum áherslu á röklíðafærslu í þessari grein vegna þess að ekki fer á milli mála að hún skiptir máli fyrir þá tegund af merkingu sem er til umfjöllunar. Hið sama á ekki endilega við um allar tegundir af færslum. Sagnfærla, og raunar hausafærsla almennt, virðist til dæmis ekki hafa áhrif á merkingu og þess vegna hefur Chomsky (2001:37–38) t.a.m. stungið upp á því að hausafærsla tilheyri hljóðkerfisafleðslunni. Stílfærsla í íslensku er yfirleitt ekki heldur talin hafa áhrif á merkingu fyrir utan stílgildi hennar (t.d. Holmberg 2000; sjá þó Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson 2003). Við munum ekki leggja áherslu á kjarnafærslu hér en í föstum orðasamböndum þar sem röklíðafærsla samrýmist ekki orðasambandsmerkingu ætti kjarnafærsla ekki að gera það heldur. Vert er að geta þess að kjarnafærsla hefur alltaf merkingaráhrif á þann lið sem er færður þannig að slík færsla er örörkrétt ef sá liður hefur enga sjálfstæða merkingu.

4 Sjá þó umraðu hjá Þórhalli Eyþórrsyni (2008a) og Jóhannesi Gísla Jónssyni (2009) þar sem færð eru rök fyrir því að NÓS, eða nýja þolmyndin, sé 'sönn þolmynd'.

sögn komi fyrir, ólíkt t.d. orðasamböndum á bord við *lon og don*, enda er hér til athugunar samspil orðasambanda og setningagerða eins og þolmyndar og germyndar. Föstum sagnasamböndum skiptum við í tvennt að hætti Nunbergs o.fl. (1994): föst orðasambönd (e. *idiomatic phrase*) og fastvenslaðar segðir (e. *idiomatically combining expression*).

Gjarnan er rætt um hugtakið fast orðasamband á fremur almennan hátt, svipað og hugtakið orðatiltæki (hjá Jóni G. Friðjónssyni 1993:v–vii virðast þessi hugtök hafa svipaða merkingu en hann skiptir föstum orðasamböndum og orðatiltækjum svo niður í undirflokkja). Við notum hugtakið föst orðasambönd hins vegar í þrengri merkingu þar sem sögn og andlag mynda saman merkingarbæra heild sem er ekki fyrirsegjanleg. Við höfum nefnt *taka pátt í e-u* sem dæmi um fast orðasamband og hér má auðvitað nefna ýmis fleiri föst orðasambönd, svo sem *rifa kjaft* ‘svara e-u á ósvífinn hátt’ og *drepa tittlinga* ‘depla augunum (ótt og tit) (og koma þannig skilabodum til e-s)’ (Jón G. Friðjónsson 1993:350, 650). Í síðarnefnda orðasambandinu myndar sögnin *drepa* og andlagið *tittlingar* saman merkingarbæra heild; ekki er haegt að skipta einingum orðasambandsins upp merkingarlega, t.d. þannig að *drepa* merki ‘depla’ og *tittlingar* merki ‘augu’.

Fastvenslaðar segðir eru ólíkar föstum orðasamböndum að því leyti að sögn og andlag mynda merkingarbærar einingar hvort í sínu lagi. Hér má sem dæmi nefna *beita brögðum* og *færa rök fyrir e-u*. Í 2. kafla er fræðileg umræða um muninn á föstum orðasamböndum og fastvensluðum segðum. Þar sjáum við umræðu um föst sagnasambönd í ensku og skoðum þar fasta orðasambandið *kick the bucket* ‘deyja’ og fastvensluðu segðina *spill the beans* ‘afhjúpa leyndarmálið’.

Kaflaskipan greinarinnar er eftirfarandi. Í 2. kafla kynnum við fræðilegt samhengi fastra sagnasambanda af því tagi sem er til umfjöllunar. Við setjum fram greiningu í 3. kafla á þá leið að orðasambandsmerking glatist ef færsla andlags er möguleg. Í 4. kafla ræðum við um mikilvægi þess að ákveðnibás andlagsins sé hluti af föstu orðasambandi. Í 5. kafla ræðum við um föst orðasambönd í sambandi við þá kenningu að setningafræðileg afleiðsla fari fram í áföngum, svonefndum fösum. Við drögum loks saman helstu niðurstöður í 6. kafla.

2. Föst sagnasambönd

Margs konar segdir í náttúrulegum málum hafa eiginleika sem eðlilegt er að tengja við hugtakið fast orðasamband. Í þessari grein beinum við sjónum okkar aðallega að hinu svokallaða fasta sagnasambandi sem hefur eftirfarandi eiginleika samkvæmt Harwood o.fl. (2016).

- (5)
 - a. Það verður að innihalda lexíkalska sögn (þ.e. sögn sem gegnir ekki aðeins málfræðilegu hlutverki).⁵
 - b. Það verður að fela í sér merkingu sem er ekki bókstafleg.
 - c. Það verður að taka þátt í virkum setningafræðilegum mynstrum málsins.
 - d. Það verður að vera sett saman úr orðum sem koma fyrir í öðru samhengi en í fasta orðasambandinu.
 - e. Það verður að vera sett saman samkvæmt venjulegum setningafræðilegum reglum málsins.

Það er vel þekkt að föst sagnasambönd skiptast í two hópa eftir því hvort orðasbandsmerking varðveitist þegar beina andlagið er fært eins og gerist í þolmynd. Til dæmis hefur verið bent á það að enska orðasambandið *kick the bucket* hefur aðeins bókstaflega merkingu í þolmynd (6). Orðasambandið merkir bókstaflega 'sparka í fótuna' en orðasbandsmerking þess er 'deyja'. Önnur ensk orðasambönd eins og *spill the beans* varðveita orðasbandsmerkingu í þolmynd (7). Þetta samband merkir bókstaflega 'glutra niður baunum' en orðasbandsmerkingin er 'afhjúpa leyndarmálið'.

- (6)
 - a. John kicked the bucket. (Germund)
 - b. # The bucket was kicked (by John). (þolmynd)
- (7)
 - a. Mary spilled the beans. (Germund)
 - b. The beans were spilled (by Mary). (þolmynd)

⁵ Þessi eiginleiki sem vísar í lexíkalskar sagnir byggir á lýsingu frá Harwood o.fl. en hann vekur reyndar upp spurningar um hvernig hlutverkssagnir/létsagnir hegða sér með tilliti til fastra orðasambanda. Hugsalegt er að hér skipti frekar málí að sögnin sem um ræðir hafi eigin rökliðaformgerð. Sögn með sína eigin rökliðaformgerð í þeim skilningi sem hér er átt við hefur sitt eigið litla *v* í formgerðinni, þ.e. jaðar sagnliðar sem markar fasaskil (sjá t.d. Legate 2003; Anton Karl Ingason og Wood væntanlegt). Sjá einnig umræðu um fasa í 5. kafla.

Nunberg o.fl. (1994) veita því athygli að það virðist skipta máli hvort allir hlutar orðasambandsins eru túlkaðir sem ein heild eða hvort einstakir hlutar þess standa fyrir einstaka hluta orðasambandsmerkingarinnar. Þannig virðast málhafar varpa *kick the bucket* beint yfir í 'deyja' en túlkun á *spill the beans* virðist varpa sögninni *spill* yfir í 'afhjúpa' og nafnliðnum *the beans* yfir í 'leyndarmálið'. Fyrri gerðin er nefnd **fast orðasamband** (e. *idiomatic phrase*) en hin síðari **fast-vensluð segð** (e. *idiomatically combining expression*).

Sú hugmynd að föst orðasambönd séu túlkuð sem ein heild samræmist vel þeirri uppgötvun Lebeaux (2009:xix)⁶ að fylgni virðist vera milli þess að orðasamband glati orðasambandsmerkingu í þolmynd og þess að ákveðnibás orðasambandsins sé fastákveðinn hluti þess eins og í (8) eða frjáls eins og í (9). Við vísum í þessa fylgni sem alhæfingu Lebeaux (dæmin eru frá honum, bls. xx).

- (8) a. kick the bucket
 - b. # kick all the bucket
 - c. # Some men kicked some buckets.
- (9) a. take advantage of
 - b. take some advantage of
 - c. take a lot of advantage of

Lebeaux bendir á að fastur ákveðnibás í orðasambandi eins og *kick the bucket* samræmist að jafnaði ekki þolmynd sem varðveitir orðasambandsmerkingu en frjáls ákveðnibás eins og í *take advantage of* 'misnota, notfæra sér' er að jafnaði til marks um að orðasambandið samræmist þolmynd.

- (10) a. # The bucket was kicked.
- b. Advantage was taken of John.

Þessi stutta samantekt á eiginleikum sérstakrar merkingar í orðasamböndum er ekki sett fram hér í þeirri trú að engin vafaatriði komi upp þegar öll orðasambönd eru skoðuð enda eru föst orðasambönd vandmeðferðin gögn og vafalaust er oft munur á því hvernig einstakir málhafar greina einstök orðasambönd. Við lítum þó svo á

6 Sjá einnnig Lebeaux (1988, 2001, 2008).

að þær almennu tilhneigingar sem við höfum rætt séu of kerfisbundnar til að vera tilviljun. Frávik frá eftirfarandi eiginleikum fastra orðasambanda og fastvenslaðra segða stafa þá væntanlega af einhverjum óháðum áhrifaþáttum.

(11) Föst orðasambönd

Sögn-Nafnorð túlkast sem ein heild

Orðasbandsmerking glatast í þolmynd

Fastur ákveðnibás

Fastvenslaðar segðir

Sögn-Nafnorð túlkast sitt í hvoru lagi

Orðasbandsmerking varðveitt í þolmynd

Frjáls ákveðnibás

Sögnin og andlag hennar túlkast í einhverjum skilningi í tvennu lagi í fastvensluðum segðum. Aftur á móti túlkast föst orðasambönd sem ein merkingarleg heild og í næsta kafla beinum við sjónum okkar að ástæðum þess að orðasbandsmerking þeirra varðveitist ekki í hefðbundinni þolmynd.

3. Möguleiki á færslu andlags

Við nefndum að ofan þá hugmynd Chomskys (1981:194) að tiltekin föst sagnasambönd krefjist þess að sögnin og beint andlag hennar séu hlið við hlið í merkingarfæðiafleiðslunni og þess vegna samræmist þau ekki þolmynd. Orðasambandið *kick the bucket* er þá dæmi um slíkt.

(12) # The bucket was kicked.

Gerum nú ráð fyrir því að þau föstu sagnasambönd sem Chomsky á við séu raunveruleg föst orðasambönd (t.d. *kick the bucket*) en ekki fastvenslaðar segðir (t.d. *spill the beans*). Kröfuna um að sögn og andlag séu hlið við hlið má þá setja fram á eftirfarandi hátt.

(13) **Hamla gegn færslum í föstum orðasamböndum**

Orðasbandsmerkingu er ekki hægt að túlka gegnum spor (eftir rökliðafærslu).

Fastvenslaðar segðir samræmast þolmynd og ástæðan fyrir því er samkvæmt þessu sú að sögninni og andlagi hennar er varpað sitt í hvoru lagi yfir í þá merkingu sem er ekki bókstafleg.

- (14) The beans were spilled.

Í þessu dæmi merkir *the beans* 'leyndarmálið' og *spilled* merkir 'afhjúpa'. Sporid eftir færslu andlagsins getur tjáð leyndarmálsmerkinguna vegna þess að sögnin og andlagið túlkast ekki sem ein heild.

Okkar greining byggir á nálgun Chomskys en útfærir nánar þau skilyrði sem orðasambandsmerking þarf að uppfylla. Við gerum ráð fyrir að það sé möguleikinn á færslu andlagsins sem gildir að jafnaði fremur en færslan sem slík. Ef andlagið getur færst í frumlagsstöðu þá glatast orðasambandsmerking. Skoðum nú aftur orðasambandið *að taka þátt í e-u*.

- (15) Höskuldur tók þátt í hlaupinu.

- (16) # Þáttur var tekinn í hlaupinu (af Höskuldi).

Orðasambandsmerkingin 'að vera með' glatast í þolmynd og þetta samræmist vel þeirri hugmynd að orðasambandsmerking glatist þegar andlagið getur færst. Dæmi á bord við (17) renna svo frekari stoðum undir þá greiningu að það sé möguleiki á færslu sem skiptir máli vegna þess að hér er andlagið í andlagssæti en það hefði getað færst þar sem þetta er þolmynd.

- (17) # Það var tekinn þáttur í hlaupinu (af Höskuldi).

Dæmið gefur til kynna að orðasambandsmerking glatist þegar færsla andlags er möguleg. Reyndar er einhver munur á málhöfum hvað þetta varðar og sumir virðast geta túlkað þolmyndardæmi eins og (17) með orðasambandsmerkingu ef andlagið færst ekki. Hjá þessum málhöfum virðist því færslan sjálf skipta máli frekar en möguleiki á færslu, sbr. umræðu Helga Skúla Kjartanssonar (1991:21) um orðasambandið *drepa titlinga*. Í þessari grein munum við þó halda okkur við dóma sem samræmast okkar eigin máli.

Greining sem byggir á því hvort færsla er möguleg eða ekki samræmist einnig vel hugmyndum sem settar hafa verið fram um nýju ópersónulegu setningagerðina (NÓS), sjá (18). NÓS líkist hefðbundinni þolmynd (HPM) að ýmsu leyti en ólíkt HPM þá varðveitist orðasambandsmerking fastra sagnasambanda alltaf í

NÓS (sbr. umræðu hjá Helga Skúla Kjartanssyni 1991). Rétt er að benda á að bókstafleg merking HPM og NÓS hefur sama sanngildi (e. *truth-conditionally equivalent*) þó að einhver munur virðist vera á því hvernig setningagerðunum er beitt með tilliti til upplýsingaformgerðar (Sigríður Sigurjónsdóttir og Iris Nowenstein 2016).

(18) Það var tekið þátt í hlaupinu (af Höskuldi).

NÓS hefur vakið athygli vegna þess að þar birtast í sömu setningu eiginleikar sem einkenna ýmist þolmynd eða germynd. NÓS líkist hefðbundinni þolmynd að því leyti að aðalsögnin hefur form lýsingaráttar, sögnin *vera* er notuð og *af*-liðir eru stundum notaðir með henni til að tilgreina geranda.⁷ Hún líkist aftur á móti germynd að því leyti að andlag sem hefur þolfall í germynd er einnig í þolfalli í NÓS, ólíkt HPM þar sem fallið breytist í nefnifall. Andlag germyndarinnar færst ekki heldur í frumlagsstöðu í NÓS heldur situr sem fastast í andlagsstöðu jafnvel þegar um ákveðinn nafnlið er að ræða. Þó að andlag germyndar þurfi ekki að færast í frumlagsstöðu í hefðbundinni þolmynd ef það er óákveðið er slík færsla að jafnaði nauðsynleg ef um ákveðinn lið er að ræða eins og sýnt er í (19) (sem er HPM). Þetta mynstur er dæmi um áhrif hinnar svokölluðu ákveðnihömlu (Milsark 1977, Safir 1985, Jóhannes Gísli Jónsson 2000, Ingunn Hreinberg Indriðadóttir 2014).

(19) Það var borðaður matur(*-inn).

Blandaða eiginleika NÓS má greina með því að gera ráð fyrir ósögðu veiku fornafni í frumlagssæti NÓS (Anton Karl Ingason o.fl. 2013, Legate 2014; sbr. einnig Halldór Ármann Sigurðsson 2011 og Einar Freyr Sigurðsson 2012) og við gerum ráð fyrir slíkri greiningu.⁸ Nánar er fjallað um hvernig hún virkar í þeim heimildum sem við vísum til en í stuttu máli þá hefur þetta veika fornafn þætti

7 Í fyrri skrifum um NÓS var ekki gert ráð fyrir því að setningagerðin samræmdist *af*-liðum en síðari rannsóknir hafa leitt í ljós að málhafar sem hafa NÓS í máli sínu geta notað *af*-liði í NÓS (Jóhannes Gísli Jónsson 2009; Einar Freyr Sigurðsson og Brynhildur Stefnasdóttir 2014); sjá einnig umræðu hjá Þórhalli Eyþórssyni (2008a).

8 Þessi greining er svipuð greiningu Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttir (2002) að sumu leyti en þær gera þó ráð fyrir því sem við myndum nefna sterkt ósagt fornafn.

fyrir tölu, persónu og kyn sem eiga við um gerandann án þess að fylla pláss gerandans í merkingarfræðinni. Þegar veikt fornafn af þessu tagi er í frumlagssætinu þá kemur það í veg fyrir að andlagið geti færst og vegna þess að merkingarfræði veika fornafnsins felur ekki í sér fullnaðartúlkun á gerandanum er mögulegt að nota *af*-lið til að segja hver gerandinn er.

Orðasambandsmerking varðveitist alltaf í NÓS og við gerum ráð fyrir að ástæðan fyrir þessu sé sú að andlagið getur ekki færst í frumlagssætið. Skoðum þetta nánar. Nokkur fleiri dæmi um föst orðasambönd í íslensku eru gefin hér að neðan.

- (20) a. Jón reif kjaft við Maríu.
 b. Siggi braut heilann um gátuna.
 c. Marta tók upp hanskann fyrir Kristján.
 d. Sigþrúður rak lestina.
 e. Íslendingar jöfnuðu metin í síðari hálfleik.
 f. Gomez rak upp stór augu.
 g. Kim keypti köttinn í sekknum.
 h. Krakkarnir drápu tittlinga.

Þessi orðasambönd eiga það öll sameiginlegt að sögnin og andlag þess bera sérstaka merkingu hvort í annars návist og þessi merking er ekki bókstafleg. Það að *rífa kjaft* merkir t.d. að ‘svara e-u á ósvífinn hátt’ (JGF 350), það að *brjóta heilann* merkir að ‘hugsa fast um e-ð, velta e-u vandlega fyrir sér’ (JGF 233) og það að *taka upp hanskann (fyrir e-n)* merkir að ‘taka málstað e-s, hjálpa e-m’ (JGF 221).⁹ Orðasambandsmerkingin í þessum dænum samræmist ekki HPM (21) (nema hjá þeim málhöfum sem greina viðkomandi sambönd sem fastvenslaðar segðir) en hún gerir það alltaf í NÓS (22).

- (21) a. # Kjaftur var rifinn við Maríu (af Jóni).
 b. # Heilinn var brotinn um gátuna (af Siggú).
 c. # Hanskinn var tekinn upp fyrir Kristján (af Mörtu).
 d. # Lestin var rekin (af Sigþrúði).
 e. # Metin voru jöfnuð í síðari hálfleik (af Íslendingum).
 f. # Stór augu voru rekin upp (af Gomez).

⁹ Við vísum í *Merg málins* (Jón G. Friðjónsson 1993) með því að rita JGF og blaðsíðatal í því riti.

- g. # Kötturinn í sekknunum var keyptur (af Kim).
 h. # Tittlingar voru drepnir (af krökkunum).

- (22) a. Það var rifið kjaft við Maríu (af Jóni).
 b. Það var brotið heilann um gátuna (af Siggu).
 c. Það var tekið upp hanskann fyrir Kristján (af Mörtu).
 d. Það var rekið lestina (af Sigþrúði).
 e. Það var jafnað metin í síðari hálfleik (af Íslendingum).
 f. Það var rekið upp stór augu (af Gomez).
 g. Það var keypt köttinn í sekknunum (af Kim).
 h. Það var drepið tittlinga (af krökkunum).

Eftir því sem við best vitum er þessi alhæfing undantekningarálaus. Öll föst sagnasambönd sem glata sérstakri orðasambandsmerkingu sinni í HPM varðveita hana í NÓS. Þessi staðreynð rennir stoðum undir þá greiningu okkar að orðasambandsmerking glatist ef færsla er möguleg. NÓS hefur ósagt frumlag sem kemur í veg fyrir að færsla geti átt sér stað.

Frekari vísbindigar um að þessi greining sé rétt má sjá með því að skoða föst orðasambönd þar sem sögnin tekur forsetningarálið sem andlag. Andlög forsetninga geta ekki færst upp í frumlagsstöðu og líkt og greiningin spáir hefur það í för með sér að slík orðasambönd varðveita alltaf orðasambandsmerkingu í þolmynd. Dæmi um sambönd af þessu tagi er að finna í (23) en orðasambandsmerking þeirra varðveitist einmitt í þolmynd, sjá (24).¹⁰

- (23) a. Íslendingar tóku í taumana.
 b. Liðið spýtti í lófana.
 c. Árni gekk á lagið.
 d. Brjánn tók í lurginn á Skúla.
 e. Fanney maldædi í móinn.
 f. Fyrirtækið kom til móts við viðskiptavinna.

¹⁰ Í þolmyndardæmunum í (24) sýnum við eins og áður *af*-liði innan sviga þar sem við teljum að þeir séu ekki ótækir í ópersónulegri þolmynd (sjá einnig Anton Karl Ingason o.fl. 2016; Hlif Árnadóttur o.fl. 2011:72-73, þar á meðal dæmi sem þau sýna úr textum í nmgr. 40 á bls. 73). Notkun af-liða í ópersónulegri þolmynd virðist hins vegar að einhverju leyti takmarkaðri en í öðrum þolmyndargerðum enda er því gjarnan haldið fram að þeir séu ótækir eða varla mögulegir í ópersónulegri þolmynd (t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1989:322, Höskuldur Þráinsson 2007:270 og Jóhannes Gísli Jónsson 2009:294).

- g. Ársæll tók til óspilltra málanna.
- h. Eiður tefldi við páfann að leik loknum.

- (24)
- a. Það var tekið í taumana (af Íslendingum).
 - b. Það var spýtt í lófana (af liðinu).
 - c. Það var gengið á lagið (af Árna).
 - d. Það var tekið í lurginn á Skúla (af Brjáni).
 - e. Það var maldað í móinn (af Fanneyju).
 - f. Það var komið til móts við viðskiptavinina (af fyrirtækinu).
 - g. Það var tekið til óspilltra málanna (af Ársæli).
 - h. Það var tefti við páfann að leik loknum (af Eiði).

ENN fremur kemur stuðningur við greiningu okkar frá samanburði á fleiri setningagerðum sem annars vegar hafa mikilvæga eiginleika þolmyndar og hins vegar setningagerðum sem sýna sömu einkenni og NÓS. Lýsingarháttur nútíðar í þolmyndarmerkingu sýnir ýmsa eiginleika þolmyndar (Jón Friðjónsson 1982, Halldór Árman Sigurðsson 1989, Halldór Árman Sigurðsson og Egerland 2009, Wood og Einar Freyr Sigurðsson 2014). Við köllum þessa setningagerð *andi*-þolmynd (dæmi (25a) er fengið frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni og Egerland 2009:171 en (25b–d) frá Jóni Friðjónssyni 1982:195, 213):

- (25)
- a. Hér er bókin ekki auglýsandi.
 - b. Mjólkini var drekkandi.
 - c. Honum var treystandi.
 - d. Þess var ekki freistandi.

Sagnirnar *auglýsa* og *drekka* taka þolfall í germynd (sbr. *Við auglýstum ekki bókina*, *Við drukkum mjólkina*) en í *andi*-þolmynd verður þolfall germyndar að nefnifalli, sjá (25a–b), rétt eins og um hefðbundna þolmynd væri að ræða, sbr. *Bókin var ekki auglýst*, *Mjólkini var drukkin*. Í þolmynd varðveitist þágufall og eignarfall (sbr. *Honum var treyst*, *Þess var freistað*) og hið sama er uppi á teningnum í *andi*-þolmynd, sjá (25c–d).

Í öllum setningunum í (25) færist rökliður sem samsvarar andlagi germyndar í frumlagssæti. Rökliðurinn í hverju dæmi um sig

er ákveðinn og verður því að færast (*það væri t.a.m. ótækt að segja *Það var treystandi honum*). Sé rökliðurinn óákveðinn má a.m.k. í sumum tilfellum láta hann vera óhreyfðan (í andlagssæti), líkt og í þolmynd (sbr. *Það var tekið mark á honum*).

- (26) a. Það er ekki takandi mark á Jóni.
b. Það er ekki mark takandi á Jóni.

Í málí sumra virðist aftur á móti tækt að nota þolfall í stað nefnifalls (Wood og Einar Freyr Sigurðsson 2014). Þá getur rökliðurinn ekki færst í frumlagssæti, hvort sem hann er ákveðinn eða óákveðinn. Þetta minnir vissulega á NÓS og virðist vera nýjung í málinu. Við köllum þetta nýju *andi*-setningagerðina (NAS) til samræmis við nýju ópersónulegu setningagerðina.¹¹

- (27) a. það er ekki drekkandi Miller nema ÍSKALDANN
b. [...] að það sé ekki finnandi mann eða konu í þessu þjóðfélagi sem er síðferðislega samkvæmt sjálfum sér

Við greinum NAS á svipaðan hátt og NÓS, þ.e. með ósögðu veiku fornafni í frumlagssæti. Aftur á móti greinum við *andi*-þolmynd á sama hátt og HPM, þ.e. án slíks fornafns.

Neitun er oft notuð í *andi*-þolmynd (Wood og Einar Freyr Sigurðsson 2014). Merking setningagerðarinnar er gjarnan sú að eitthvað sé hægt (eða ekki hægt) en einnig er merkingin stundum sú að eitthvað borgi sig (ekki). Þess má þó geta að notkun *andi*-þolmyndar er mun takmarkaðri en HPM eða NÓS en það getur skýrst að hluta af því að oft eru notuð lýsingarorð sem enda á *-anlegur* í svipaðri merkingu, þ.e. að eitthvað sé hægt (t.d. *breytanlegur*, *drekkanlegur*, *teygjanlegur*).

Það er kjörið að bera HPM og NÓS saman við *andi*-þolmynd og NAS með tilliti til orðasambanda. Nýja *andi*-setningagerðin minnir setningafræðilega á NÓS og líkt og í NÓS varðveitist orðasambandsmerking í NAS.

11 Dæmin í (27) eru fengin frá Wood og Einari Frey Sigurðssyni (2014:353). Þau eru upprunalega fengin úr náttúrulegum gögnum af netinu með þeirri stafsetningu sem hér birtist.

- (28) a. Það er ekki takandi þátt í þessu móti.
 b. Það er ekki eltandi ólar við Jón út af þessu.

Í (28a) sjáum við aftur orðasambandið *taka þátt í e-n*. Áður sáum við að sérstök merking orðasambandsins varðveitist í NÓS og það gerir hún líka í NAS. Í (28b) sjáum við svo orðasambandið *elta ólar við e-n (um e-ð)* ‘deila um e-ð við e-n’ (JGF 476). Hér sjáum við ekki fallið á ólar og því gæti þetta verið annaðhvort nefnifall eða þolfall. Það sem bendir hins vegar til að þetta sé NAS frekar en *andi*-þolmynd er að sögnin *vera* samræmist ekki nafnliðnum ólar í tölu. Það gefur til kynna að um þolfall sé að ræða og þ.a.l. NAS. Í máli höfunda þessarar greinar varðveitist orðasambandsmerking í báðum dæmunum í (28). Það samræmist þeirri tilgátu okkar að NAS hafi ósagt veikt fornafn í frumlagssæti og því geti andlagið ekki færst.

Aftur á móti minnir *andi*-þolmynd setningafræðilega á HPM.¹² Í þessari setningagerð glatast sérstök merking áðurnefndra orðasambanda, hvort sem nafnliðurinn færist í frumlagssæti eða ekki.

- (29) a. # Þáttur er ekki takandi í þessu móti.
 b. # Ólar eru ekki eltandi við Jón út af þessu.
- (30) a. # Það er ekki takandi þáttur í þessu móti.
 b. # Það eru ekki eltandi ólar við Jón út af þessu.

Þetta passar vel við þá hugmynd að *andi*-þolmynd hafi svipaða setningagerð og HPM. Hér skiptir máli að færsla er möguleg í báðum setningagerðum. Við höfum áður séð að orðasambandið *taka þátt í e-n* er ekki mögulegt í þolmynd en að auki er *eltha ólar við einhvern (um e-ð)* ekki heldur mögulegt í HPM. Að vísu flækir það málin að sögnin *eltha* er oft ekki mjög góð í þolmynd. Hins vegar er mikilvægt að orðasambandsmerkingin varðveitist í NÓS.

- (31) a. # Ólar voru eltar við Jón út af þessu.
 b. # Það voru eltar ólar við Jón út af þessu.
 c. Það var elt ólar við Jón út af þessu.

12 Það er þó rétt að geta þess að *af*-liðir sem vísa til geranda virðast almennt ekki mögulegir í *andi*-þolmynd, eins og Wood og Einar Freyr Sigurðsson (2014) benda á.

Notkunarsvið þessara setningagerða er takmarkaðri en t.a.m. þolmyndar og því er erfiðara að skoða varðveislu orðasambandsmerkingar í þeim þar eð einungis tiltölulega fá orðasambönd er hægt að nota í þessum setningagerðum.

Að lokum má benda á að notkun *andi*-þolmyndar þar sem sögnin tekur forsetningarlið sem andlag er möguleg (Halldór Ármann Sigurðsson 1989), rétt eins og notkun sambærilegrar þolmyndar, sbr. (24) hér að ofan (dæmi (32b) er fengið frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni 1989:162 en því hefur verið lítillega breytt).

- (32) a. Það var hlegið að þessu.
b. Það er ekki hlæjandi að þessu.

Tilgáta okkar um að möguleikinn á færslu komi í veg fyrir að orðasambandsmerking varðveitist spáir því að sérstök merking varðveitist í ópersónulegri *andi*-þolmynd þar sem aðalsögnin tekur forsetningarlið sem andlag, líkt og hún gerir í ópersónulegri þolmynd þar sem forsetningarliður er andlag sagnarinnar. Við sýnum þetta með fasta orðasambandinu *tefla á tvær hættur* ‘taka áhættu, leggja út í tvísýnu’ (JGF 648) þar sem orðasambandsmerking varðveitist.

- (33) Það er ekki teflandi á tvær hættur.

Við látum staðar numið hér í athugunum okkar á *andi*-þolmynd og NAS en leggjum áherslu á að notkun orðasambanda í NAS og *andi*-þolmynd þarfnað ítarlegri rannsókna.

Niðurstaða þessa kafla er sú að orðasambandsmerking glatist ef færsla er möguleg og að NÓS varðveiti alltaf orðasambandsmerkingu vegna þess að þar er ósagt veikt fornafn í frumlagssæti sem kemur í veg fyrir að andlag germyndarinnar geti færst.

4. Sagnasambönd með fastan ákveðnibás

Eins og áður segir hefur Lebeaux (2009) bent á fylgni milli þess að orðasambandsmerking glatist í þolmynd og þess að viðkomandi orðasamband hafi ákveðnibás sem sé fastákveðinn hluti þess. Við sáum þetta í ensku í dænum (6)–(9) hér að ofan. Þessi tilhneiting á einnig við um íslensku en hér notum við m.a. magnorð til að

skoða möguleikann á að vinna með ákveðnibásinn; ef ekki er hægt að breyta ákveðni eða óákveðni nafnorðsins eða nota mismunandi magnorð með því segjum við að orðasambandið hafi fastákveðinn ákveðnibás og sé þá fast orðasamband.

- (34) a. Gunnar beitti *brögðum / einhverjum brögðum / miklum brögðum / öllum tiltækum brögðum.*
 b. Ég færði *rök / einhver rök / ýmis rök* fyrir kenningunni áðan.
 c. Páll bar *kostnaðinn / kostnað / allan kostnað / mikinn kostnað af þessu.*
 d. Jóna varpaði *ábyrgðinni / allri ábyrgð / mikilli ábyrgð yfir á Pétur.*¹³

Í orðasamböndunum í (34) getur magnorð staðið með andlaginu og einnig getur andlagið ýmist verið ákveðið eða óákveðið. Í (34a) sjáum við t.d. orðasambandið *beita brögðum* sem þýðir 'hafa rangt við; (reyna að) ná sínu fram með óheiðarlegum hætti' (JGF 75). Hér er um að ræða fastvenslaða segð en ekki fast orðasamband þar sem við getum brotið samband orðanna upp (með talsverðri einföldun) þannig að *beita* merki 'notast við' og *brögð* 'eitthvað óheiðarlegt'. Til marks um þetta er að auðveldlega er hægt að nota magnorð á bord við *einhver* eða *mikill* sem standa með nafnorðinu til að kveða nánar á um merkinguna.

Eins og sést í (35) er einnig hægt að nota orðatiltækin úr (34) í þolmynd, en það er í samræmi við alhæfingu Lebeaux (2009). Fastvenslaðar segðir með frjálsan ákveðnibás samræmast þolmynd.

- (35) a. Brögðum var beitt (af Gunnari).
 b. Rök voru færð fyrir kenningunni áðan (af Brynjari).
 c. Kostnaðurinn var borinn af Páli.
 d. Ábyrgðinni var varpað yfir á Pétur (af Maríu).

Orðasamböndin í (36)–(37) eru hins vegar af öðrum meiði. Þetta

13 Alhæfing Lebeaux fjallar sérstaklega um ákveðnibás og við leggjum áherslu á hana hér. Trúlega er hún þó aðeins ein birtingarmynd almenns lögmáls um að ekki sé mögulegt að breyta einstökum hlutum fastra orðasambanda. Önnur þekkt tilgáta í þessa veru er sú hugmynd að tungumál leyfi ekki föst orðasambönd þar sem frumlag og sögn eru fastákveðin en beint andlag sagnarinnar breytilegt (Marantz 1984, Harley og Stone 2014)

eru föst orðasambönd en ekki fastvenslaðar segðir ((37) er endurtekning á (21) hér að ofan).

- (36) a. Jón reif **kjaft** / #**kjaftinn** / #**allan kjaftinn** / #**hvern einasta kjaft** / #**einn kjaft** við Maríu.
 b. Sigga braut **heilann** / #**heila** / #**allan heilann** / #**einhvern heila** um gátuna.
 c. Marta tók upp **hanskann** / #**hanska** / #**allan hanskann** fyrir Kristján.
 d. Sigþrúður rak **lestina** / #**lest** / #**einhverja** lest.
 e. Íslendingar jöfnuðu **metin** / #**met** / #**öll met** í síðari hálfleik.
 f. Gomez rak upp **stór augu** / #**stóru augun** / #**bæði stóru augun**.
 g. Kim keypti köttinn í seknum / #**kött í seknum** / #**einhvern kött í seknum**.
 h. Krakkarnir drápu **tittlinga** / #**tittlingana** / #**marga tittlinga** / #**nokkra tittlinga**.

- (37) a. # **Kjaftur** var rifinn við Maríu (af Jóni).
 b. # **Heilinn** var brotinn um gátuna (af Siggú).
 c. # **Hanskinn** var tekinn upp fyrir Kristján (af Mörtu).
 d. # **Lestin** var rekin (af Sigþrúði).
 e. # **Metin** voru jöfnuð í síðari hálfleik (af Íslendingum).
 f. # **Stór augu** voru rekin upp (af Gomez).
 g. # **Kötturinn** í seknum var keyptur (af Kim).
 h. # **Tittlingar** voru drepnir (af krökkunum).

Þessi orðasambönd eru ekki möguleg í þolmynd og ákveðnibás þeirra er fastákveðinn eins og (36) er til marks um. Hér getum við tekið sem dæmi orðasambandið *brjóta heilann um eitthvað* 'hugsa fast um e-ð, velta e-u vandlega fyrir sér' (JGF 233). Hér liggar ekki beint við að *brjóta* samband orðanna upp þannig að *brjóta* merki eitt og *heilinn* annað. Þar með er ekki hægt að kveða nánar á um merkingu nafnorðsins með t.d. magnorðum enda hefur það ekki sérstaka

merkingu sem hægt er að draga út úr orðasambandinu.¹⁴ Það er svo einnig í samræmi við alhæfingu Lebeaux (2009) að ekki er hægt að nota þetta fasta orðasamband í hefðbundinni þolmynd án þess að orðasbandsmerking glatist, sjá (37b).

Föst orðasambönd eru þó örlítið flóknari viðfangs en hér hefur verið lýst. Í (38)–(39) sjáum við tvö slík og möguleikann á breytingum í ákveðníbásnum ((39) er endurtekning á (36a) og (37a)). Eins og áður ganga slík orðasambönd ekki í þolmynd án þess að orðasbandsmerking glatist.¹⁵

- (38) a. Jóhannes tók þátt / #þáttinn / #allan þáttinn / #hvern einasta þátt / #einn þátt í mótinu
 b. # Páttur var tekinn í mótinu (af Jóhannesi).

- (39) a. Jón reif kjaft / #kjaftinn / #allan kjaftinn / #hvern einasta kjaft / #einn kjaft við Maríu
 b. # Kjaftur var rifinn við Maríu (af Jóni).

Hér virðist ómögulegt að gera breytingar á ákveðni andlagsins eða ákvárdar frekar merkingu þess enda eru þetta föst orðasambönd, þar sem allir hlutar þess eru túlkaðir sem ein heild, en ekki fastvenslaðar segðir. Þó gengur að nota sum magnorð með andlaginu í þessum orðasamböndum, sjá (40). (Við þökkum Höskuldi Þráinssyni fyrir að benda okkur á þetta í tilfelli orðasbandsins *taka þátt í e-um*.)

- (40) a. Jóhannes tók einhvern þátt / mikinn þátt / talsverðan þátt í skákmótinu.
 b. María reif nokkurn kjaft / svolítinn kjaft / engan kjaft við mig.

Að okkar mati er það hins vegar lykilatriði að ákvæðisorðin með nafnorðinu kveða ekki nánar á um eiginleika andlagsins heldur

¹⁴ Það er þó hægt að nota magnorð með þessu fasta orðasambandi án þess að það standi með nafnorðinu, svá sem *Sigga braut heilann mikil um gátuna* en þá virðist magnorðið kveða á um atburðinn sem felur í sér að Sigga hafi hugsað mikil um gátuna.

¹⁵ Ritrýnir telur að þolmynd af *taka þátt í e-um* sé betri ef ákvæðisorð eins og *virkur* stendur með andlaginu. Okkur finnst ekki augljóst að svo sé en hér gæti verið einhver munur á einstökum málhöfum. Þetta krefst frekari rannsóknna.

atburðarins, þ.e. þau kveða nánar á um merkingu fasta orðasambandsins í heild enda er ekki hægt að brjóta það upp í mismunandi hluta. Ef Jóhannes tekur mikinn þátt í mótinu þýðir það að hann hafi gert mikið, t.d. með því að tefla margar skákir. Ef hann tekur einhvern þátt í því, þá tekur hann þátt í því að einhverju leyti. Augljósasta túlkunin á *einhvern* er e.t.v. að hann hafi teftt einhverjar umferðir í mótinu. Það er, þrátt fyrir að magnorðið standi með andlaginu kveður það ekki nánar á um það heldur nánar á um merkingu orðasambandsins í heild. Þannig fáum við sömu merkingu og þegar við notum magnliði sem viðhengi sagnliðar, svo sem í setningum á bord við *Jóhannes hafði eitthvað tekið þátt í skákmótinu þegar hann þurfti að hætta* (hér notum við hjálparsögn til að sýna að *eitthvað* stendur ekki með nafnorðinu *þátt* eins og mætti e.t.v. halda í setningunni *Jón tók eitthvað þátt í skákmótinu*). Sömu sögu er að segja af fasta orðasambandinu *rífa kjaft* í (40b); þar kveður ákvæðisorðið nánar á um atburðinn, t.d. í hve miklum mæli það var sem María reif kjaft við mig.

5. Fasar

Sú hugmynd hefur lengi verið við lýði í generatífri málfræði að málfræðileg afleiðsla sé hringvirk (e. *cyclic*). Tiltölulega nýleg útfærsla á þessu (Chomsky 2000, 2001, 2008) er að afleiðslan fari fram í áföngum sem kallaðir eru fasar (e. *phases*) (Heimir Freyr Viðarsson 2009 þýðir þetta sem áfangabundna afleiðslu). Þessi kafli kynnir fasa sem fræðilegt verkfæri og setur þá í samhengi við túlkun fastra orðasambanda. Í fasakenningunni (e. *phase theory*) eins og hún er sett fram hjá Chomsky er gert ráð fyrir að t.d. tengiliðir (e. *complementizer phrase*, *CP*) séu fasar en tíðarliðir (e. *tense phrase*, *TP*) séu það ekki. Þá segjum við að haus tengiliðar (e. *complementizer*, *C*) sé fasahaus. Hlutverkshausinn sem markar jaðar sagnliðar, kallaður (litla) *v* (e. (*little*) *v*), er einnig fasahaus (sagnliðurinn *vP* er sem sagt fasi) og þá er oft einnig gert ráð fyrir að ákveðniliðir (e. *determiner phrase*, *DP*) séu fasar (Svenonius 2004, 2005, Chomsky 2008) og það gerum við einnig. Sumir fræðimenn gera enn fremur ráð fyrir því að nafnliðir (e. *noun phrase*, *nP*) séu fasar (sjá Marantz 2001, 2007) en það sem sagt er í þessari grein samræmist hvort heldur sem er

kenningu þar sem *nP* markar fasaskil eða ekki.

Gert er ráð fyrir að formgerð setningar sé byggð innan frá og út á við og þegar fasi hefur verið byggður upp er hann sendur annars vegar í merkingarfræðihluta afleiðslunnar (til túlkunar) og hins vegar í hljóðkerfisfræðihluta hennar (til framburðar). Hér fylgjum við Chomsky (2001) að því leyti að við gerum ráð fyrir því að fylliliður fasahauss sé sendur burt við það að setningagerðin rennur saman (e. *merge*) við næsta fasahaus fyrir ofan. Það þýðir að fasahaus getur „séð“ næsta fasahaus fyrir neðan sig en ekki fyllilið hans (það er einnig hægt að orða þetta þannig að efri fasahausinn hafi aðgang að þeim neðri en ekki að fyllilið hans). Í (41) er sýnt með feitletrun hvað mismunandi hausar (*C*, *T*, *v*) geta séð neðar (þ.e. til hægri við sig í (41)) í setningagerðinni; fasahausar eru undirstrikaðir (framsetningin er fengin frá Richards 2011).

- (41) a. C: [CP C {TP T [{_{vP} v {VP V [{_{DP} D nP}]}]}]
 b. T: [CP C {TP T [{_{vP} v {VP V [{_{DP} D nP}]}]}]
 c. v: [CP C {TP T [{_{vP} v {VP V [{_{DP} D nP}]}]}

élémentaires aurait certainement du mal à s'affranchir de son réalisme allégorique. Bien que la physionomie hideuse de la peste appelle les images les plus noires de la matière liquide (vomissements de bile et de sang) et que ses victimes soient dévorées par la soif, la fonction allégorique de la peste comme fléau moral – voire nazi – est si manifeste que toute autre interprétation devient forcée. N'oublions toutefois pas de rappeler la scène, l'une des plus belles pages de *La peste*, où le docteur Rieux et son ami, l'intellectuel Tarrou, pour affirmer leur amitié profonde, nagent ensemble en pleine nuit, dans « la nuit [...] sans limites »⁴³. Ainsi « [c]ette respiration calme de la mer [qui] faisait naître et disparaître des reflets huileux à la surface des eaux » va-t-elle rythmer et s'unir à la respiration des deux hommes : « Il [Rieux] nageait régulièrement. Le battement de ses pieds laissait derrière lui un bouillonnement d'écume, l'eau fuyait le long de ses bras pour se coller à ses jambes. [...] Il respira longuement. Puis il perçut de plus en plus distinctement un bruit d'eau battue, étrangement clair dans le silence et la solitude de la nuit. Tarrou se rapprochait, on entendit bientôt sa respiration. Rieux se retourna, se mit au niveau de son ami, et nagea dans le même rythme. [...] Pendant quelques minutes, ils avancèrent avec la même cadence et la même vigueur, solitaires, loin du monde, libérés enfin de la ville et de la peste »⁴⁴. Même en pleine dévastation de la peste, l'eau fait une irruption poétique pour suggérer le bonheur des hommes qui s'aiment fraternellement sans avoir à se le dire.

Même *La chute*, le roman le plus urbain de Camus, ne peint-il pas l'Amsterdam des brumes, des canaux, de la neige et des pluies, bref, cet « espace de maisons et d'eaux, cerné par des brumes, des terres froides, et la mer fumante comme une lessive »⁴⁵ ? Non seulement il pleut sans cesse dans *La chute*, mais l'eau organise le déroulement narratif du récit de Clamence, dans la mesure où des observations sur la pluie déclenchent un nouveau pan de l'histoire qu'il raconte à son dit compagnon : « Tiens, la pluie tombe de nouveau. Arrêtons-nous, voulez-vous... [...] Puisque la pluie redouble et que nous

⁴³ *Ibid.*, p. 254.

⁴⁴ *Ibid.*, p. 255.

⁴⁵ *La chute*, Paris : Gallimard, coll. Folio, Paris, 1976 [1956], p.17.

avons le temps, oserais-je vous confier... [...] Tiens, la pluie a cessé ! Ayez la bonté de me raccompagner... »⁴⁶.

Thématiquement aussi, l'eau est au cœur de l'histoire que raconte Clamence, hanté par ce cri qu'il avait entendu troubler la sérenité nocturne de la Seine. N'oublions pas que Clamence est victime de l'eau suicidaire de Paris, et que la « chute », aussi métaphorique soit-elle, est avant tout une chute dans l'eau. Comme en témoigne la confession finale, la connaissance qu'il a prise en remémorant son vécu s'apparente à une leçon donnée par l'eau : « Je compris alors, sans révolte, comme on se résigne à une idée dont on connaît depuis longtemps la vérité, que ce cri qui, des années auparavant, avait retenti sur la Seine, derrière moi, n'avait pas cessé, porté par le fleuve vers les eaux de la Manche, de cheminer dans le monde, à travers l'étendue illimitée de l'Océan, et qu'il m'y avait attendu jusqu'à ce jour où je l'avais rencontré. Je compris aussi qu'il continuerait de m'attendre sur les mers et les fleuves, partout enfin où se trouverait l'eau amère de mon baptême. Ici encore, dites-moi, ne sommes-nous pas sur l'eau ? Sur l'eau plate, monotone, interminable, qui confond ses limites à celles de la terre ? »⁴⁷

A la fois insensiblement et subrepticement, le récit des faits se double ici d'un récit des éléments matériels. C'est l'eau profonde dont prend acte Clamence, l'eau qui délie et l'eau qui lie, l'eau dans sa densité ontologique comme force submersible. Plus encore qu'à *L'étranger* et à *La chute*, il revient cependant, nous semble-t-il, aux six nouvelles de *L'exil et le royaume* de pousser plus loin cette double narration. Ainsi ces nouvelles, qui chacune à sa manière bien différente des autres racontent l'histoire d'une personne en crise, renferment-elles en même temps une écriture qui, précisément, évoque la nature à un niveau élémentaire, la nature des quatre éléments.

Il en va certainement pour Camus d'une certaine pensée dialectique de l'exil, puisque l'autre terme du titre, celui du royaume, même l'utopique royaume des hommes auquel aspirent certains personnages « solidaires », n'est réalisable qu'en exil, qu'en solitaire, qu'en silence. D'où la fin de la nouvelle sur *Jonas*, où on découvre sur une toile du peintre une inscription dont on ne sait pas

46 *Ibid.*, p. 59, 61 et 74.

47 *Ibid.*, p. 114–115.

très bien s'il faut lire « solitaire » ou « solidaire ». Il n'en demeure pas moins vrai que cette pensée de l'exil surgit de la nature, se mêle à elle, si bien qu'elle en devient inséparable. Camus a d'ailleurs précisé lui-même que « [l]e royaume coïncide avec une certaine vie nue que nous avons à retrouver, pour renaître enfin »⁴⁸. Or, à lire les nouvelles, on dirait que cette « vie nue » passe par la nature, retrouvée elle-même dans la nudité des éléments.

Il y a tout d'abord Janine, dans *La femme adultère*, dont l'infidélité est de se donner, non pas à un autre homme, mais à la nature, et, nous le verrons en guise de conclusion, à l'eau délivrante. Dans le terrible récit, *Le renégat*, le malheureux missionnaire subit le puissant soleil « torride » et « cruel », le « pouvoir absolu » et maléfique du feu. Dans *Les muets*, Yvars, le tonnelier à la fois en lutte pour son travail et traversant la crise de la quarantaine, incarne le repli auprès de l'eau mélancolique, de cette mer qu'il ne regarde plus, que le soir, parce qu'elle « ne [lui] promettait plus rien »⁴⁹. Ce qui a changé pour Yvars, c'est justement son rapport à la mer qu'il longe chaque matin sur sa bicyclette pour aller au travail. Yvars ne la regarde plus, alors que, « [q]uand il avait vingt ans, il ne pouvait se lasser de la contempler » et qu'« elle lui promettrait une fin de semaine heureuse à la plage »⁵⁰. C'étaient alors « ces journées violentes » comparables au bonheur de Meursault : « L'eau profonde et claire, le fort soleil, la vie du corps, il n'y avait pas d'autre bonheur dans son pays »⁵¹. Et lorsqu'il se rend compte, avec regret et ameretume, que « ce bonheur passait avec la jeunesse », c'est encore en regardant la mer avec sa femme, « la mer douce du soir »⁵².

Puis, dans *L'hôte*, Daru, l'instituteur pied-noir, reçoit l'ordre de livrer un Arabe et se trouve ainsi devant un difficile choix moral, mais là aussi le récit se mesure à l'intransigeante nature, à « ces plateaux calcinés mois après mois »⁵³, à la neige qui vient de tomber,

48 Albert Camus, *Théâtre, romans, récits*, Paris : Gallimard, Bibliothèque de la Pléiade, 1964, p. 2039.

49 Albert Camus, *Les muets, L'exil et le royaume*, Paris : Gallimard, Coll. Folio, 1972 [1957], p. 65. Désormais, nous renverrons à cette œuvre sous le sigle « ER » tout en indiquant le titre entier de la nouvelle dont provient la citation. Les sigles précédent, sans autre indication, le chiffre renvoyant à la page de la citation.

50 *Les muets*, ER, 62.

51 *Les muets*, ER, 62.

52 *Les muets*, ER, 77.

53 *Les muets*, ER, 83.

bref, à ce « pays cruel » que pourtant il aime. Car cette terre rude constitue la sagesse et la sensibilité de Daru, son cœur et son âme. C'est pourquoi l'humanisme de Daru, comme celui de Camus (on a souvent noté la similitude des deux noms), n'est pas véritablement celui des hommes. Son geste d'humanité lui est strictement enseigné par la nature inhumaine de son pays : « Le pays était ainsi, cruel à vivre [...] Mais Daru y était né. Partout ailleurs, il se sentait exilé »⁵⁴. En contemplant à la fin du récit les images du ciel, de la terre et de la mer absente, il comprendra l'immense solitude de cet humanisme, inhumain, mais le seul qui vaille : « Daru regardait le ciel, le plateau et, au-delà, les terres invisibles qui s'étendaient jusqu'à la mer. Dans ce vaste pays qu'il avait tant aimé, il était seul »⁵⁵.

Quant à l'allégorique *Jonas*, la cinquième nouvelle, on y constate en revanche un apparent oubli des éléments. Jonas, l'artiste-peintre, est si mondain, si sollicité par ses admirateurs qu'il n'a pas le temps de vivre le monde, bientôt non plus de le peindre. Pourtant, s'il y a un élément qui se manifeste dans cette nouvelle, c'est l'air. Jonas, en crise, va se mettre à peindre des ciels, et lorsque, à la fin, il fuit enfin le monde artificiel et hypocrite pour se cacher dans une soupente qu'il a fait construire sous le toit de son appartement, il va en réalité se mettre à l'écoute du vrai monde, jusqu'à ce que l'air vibrant des sons le reconduise à ceux qu'il aime : « il écoutait son propre cœur [...] Il entendait les grognements de ses enfants, des bruits d'eau, les tintements de la vaisselle. Louise parlait. Les grandes vitres vibraient au passage d'un camion. Le monde était encore là, jeune et adorable : Jonas écoutait la belle rumeur que font les hommes »⁵⁶.

Dans la dernière nouvelle, *La pierre qui pousse*, l'eau revient avec force. Le récit pour ainsi dire trempe dans l'eau, avant même de devenir l'histoire d'Arrast. Dans une longue séquence d'ouverture de huit pages, l'eau fait son travail, apparaissant sous d'innombrables formes, d'abord se mariant à la terre (« la piste [...] boueuse ») et à l'air (« léger brouillard ») pour ensuite osciller entre l'image centrale du « fleuve » et des ornements aquatiques autour de lui, si bien que l'espace se comble d'eau. On note ici à quel point Camus sait

⁵⁴ *L'bôte*, ER, 83.

⁵⁵ *L'bôte*, ER, 99.

⁵⁶ *Jonas ou l'artiste au travail*, ER, 138–139.

fabriquer ce que Bachelard dans *L'eau et les rêves* appelle des « eaux composées », puisque tout en favorisant l'eau, il aime à jouer avec ses combinaisons avec les autres éléments. De là, peut-être, tant de brumes chez Camus, car la brume, selon Bachelard, c'est « l'union de l'air et de l'eau »⁵⁷.

Or, toutes ces images de l'eau, qui ne font que se renforcer en s'alliant à celles de la nuit, vont continuer à couler au rythme du fleuve le long du récit pour tisser ainsi l'histoire d'Arrast, ingénieur français qui s'est rendu dans un village brésilien pour construire une digue destinée à empêcher l'inondation périodique des bas quartiers pauvres, et qui nouera une amitié profonde avec les indigènes noirs. Ainsi, à la fin, c'est l'eau qui va dire son bonheur, un bonheur d'ailleurs là aussi solitaire : « Seule, la rumeur du fleuve montait jusqu'à eux à travers l'air lourd. D'Arrast, debout dans l'ombre, écoutait, sans rien voir, et le bruit des eaux l'emplissait d'un bonheur tumultueux »⁵⁸.

En effet, il y a dans cette dernière nouvelle plus de trois cents allusions à l'eau, aux images de l'eau, et si nous avons pu faire cette brève caractérisation « grossière » de l'impact sur le déroulement narratif d'une parole des éléments dans les six nouvelles – l'eau profonde de *La femme adultère*, le soleil et le feu du *Renégat*, l'eau mélancolique des *Muets*, le ciel et l'air de *Jonas*, la terre, le minéral et, là aussi, l'eau durcie de la neige dans *L'hôte*, et, enfin, l'eau fraternelle de *La pierre qui pousse* – c'est que, à un niveau encore plus formel et moins allégorique de l'écriture, ces textes fourmillent d'images matérielles. La narration s'appuie sur un tel fourmillement d'images matérielles, et surtout aquatiques, qui ne servent pas directement à symboliser un état d'âme, mais qui par leur seule présence renforcent la puissance d'un élément. Dans *Les muets*, pour donner un seul exemple, il est ainsi question de « rues humides »⁵⁹, d'un « toit de tôle ondulée »⁶⁰, de « pavés encore mouillés de l'humidité nocturne »⁶¹, de même qu'une simple « douche »⁶² se transforme en une

57 Gaston Bachelard, *L'eau et les rêves*, Paris : Livre de poche, 1994 [1942], p. 111.

58 *La pierre qui pousse*, ER, 185.

59 *La pierre qui pousse*, ER, 66.

60 *Les muets*, ER, 66.

61 *Les muets*, ER, 61.

62 *Les muets*, ER, 78.

« pluie d'eau »⁶³.

3. Vers une pensée de l'eau

Cet usage de la nature, saisie au niveau des éléments matériels, va d'une certaine manière en deçà de la nature représentable. Si la prose de Camus se fait poème, c'est peut-être que la nature véhiculée par cette prose se fait matière. Autrement dit, si la nature est disloquée ici, ce serait pour redescendre vers sa réalité opaque de matière. C'est en ce sens que l'écriture de Camus nous semble faire écho à la pensée de Gaston Bachelard, car Bachelard, précisément, s'intéresse à « l'imagination matérielle » qui, selon lui, est une « faculté de former des images qui dépassent la réalité »⁶⁴.

Pour résumer trop brièvement les thèses de Bachelard, il faudrait rappeler que l'essentiel de l'œuvre d'art, voire l'œuvre poétique, se joue sur le plan matériel. Car outre les images de la forme, pour ainsi dire les belles formes qui séduisent à la superficie de l'œuvre, il y a des images de la matière. Ces images opèrent à un niveau plus profond, voire ontologique, puisqu'elles saisissent l'homme dans son « intimité substantielle »⁶⁵. Bachelard parle aussi du « germe de l'être »⁶⁶ pour désigner cette « complexité première »⁶⁷, voire primitive que « montrent » sans intermédiaires les images matérielles. On comprend, du même coup, que l'instance intellectuelle susceptible de saisir cette réalité dépassant non seulement la réalité empirique, mais aussi la réalité esthétique, n'est pas celle de la raison, ni d'ailleurs celle de l'imagination des formes artistiques, mais celle du rêve.

Ce rapprochement avec Bachelard est d'autant plus tentant que Bachelard a traité spécifiquement des images matérielles selon leur appartenance à l'un des quatre éléments, donc aussi des images substantielles de l'eau. Car, répétons-le, c'est l'eau qui nous semble permettre l'unité de la nature disloquée dans la prose lyrique de Camus. Il est vrai que l'on a rapproché Camus des images du soleil,

63 *Les muets*, ER, 77.

64 Gaston Bachelard, *L'eau et les rêves*, p. 25.

65 *Ibid.*, p. 8.

66 *Ibid.*, p. 8.

67 *Ibid.*, p. 14.

de la terre méditerranéenne ensoleillée jusqu'à l'appeler « frère de soleil »⁶⁸, mais à regarder ses textes au plus près, on constate que l'eau apparaît comme une sorte d'« immanence grise ». Le plus souvent, tous les éléments entrent en jeu, voire en lutte, mais pour aboutir, subrepticement, délicatement ou subtilement, à l'eau. Dans les *Noces à Tipasa*, véritable manifeste de l'union des éléments, le tout premier passage de l'essai s'ouvre sur l'image du soleil divin (« [a]u printemps, Tipasa est habitée par les dieux et les dieux parlent dans le soleil ... »), pour finir aussitôt, au cours d'une arabesque qui intègre tous les éléments, par rimer avec l'eau en s'arrêtant à la mer (« [à] peine, au fond du paysage, puis-je voir la masse noire du Chenoua qui prend racine dans les collines autour du village, et s'ébranle d'un rythme sûr et pesant pour aller s'accroupir dans la mer »⁶⁹).

Même dans les nouvelles de *L'exil et le royaume* où l'eau est absente ou en retrait, comme dans *Le renégat* et *Jonas*, on se demande si cette négation de l'eau ne fait pas le malheur des protagonistes qui ne parviennent pas à entrer en contact avec l'être liquide en eux-mêmes. Même si le missionnaire pleure et transpire, la couche humide de sueur et de larmes ne peut le protéger de l'action violente du soleil. Quant à *La femme adultère*, tous les éléments coopèrent : le début est marqué par l'image du vent et de la terre, ce « vent sableux »⁷⁰ qui va souffler tout le long du récit, pousser Janine à tendre « l'oreille à un appel [...] tout proche »⁷¹, à se jeter « dans la nuit »⁷² pour y trouver l'eau dans le désert. Ajoutons, en y insistant encore une fois, que même *La chute*, roman qui plutôt évite la nature au bénéfice de l'urbain, se construit sur une toile de fond parsemée d'images aqueuses.

S'il y a ainsi dans l'œuvre de Camus une courbe invisible qui mène à l'eau, c'est peut-être dû au fait que ce soit l'eau qui lie et transforme. Elle est, par excellence selon Bachelard, « l'élément transitoire. [...] la métamorphose ontologique essentielle entre le

68 Voir ainsi le titre de l'ouvrage biographique d'Emmanuel Roblès: *Camus, frère de soleil*, Paris : Editions du Seuil, Paris, 1995.

69 « *Noces à Tipasa* », N, 11.

70 *La femme adultère*, ER, 11.

71 *La femme adultère*, ER, 31

72 *La femme adultère*, ER, 32.

feu et la terre »⁷³. Elle est un « élément plus uniforme que le feu, élément plus constant qui symbolise avec des forces humaines plus cachées, plus simples, plus simplifiantes »⁷⁴. Ne pourrait-on pas dire de Janine qu'elle coïncide, en se vouant à l'eau, avec cet « être en vertige » que Bachelard décrit comme celui qui « meurt à chaque minute, sans cesse quelque chose de sa substance s'écoule »⁷⁵ ? De toute façon, dans l'étrange expérience solitaire de Janine, en pleine nuit sur la terrasse du fort, d'où l'étendue illimitée du désert se donne à voir, la nuit et les étoiles vont s'unir à des images de l'eau, commencer à couler pour que Janine enfin se « réuniss[e] à son être le plus profond »⁷⁶.

Ainsi, littéralement, Janine se comble d'eau: « il lui semblait retrouver ses racines, la sève montait à nouveau dans son corps qui ne tremblait plus [...] Alors, avec une douceur insupportable, l'eau de la nuit commença d'emplir Janine, submergea le froid, monta peu à peu du centre obscur de son être et déborda en flots ininterrompus jusqu'à sa bouche pleine de gémissements »⁷⁷. L'impact de l'eau de la nuit serait d'ailleurs d'autant plus puissant que la nuit, selon Bachelard, « entre dans la matière des choses », pour devenir, non pas allégorique, mais « la Nuit [...] de la Nuit », « la matière nocturne » qui s'offre à l'imagination matérielle.⁷⁸ Justement, on dirait que Janine absorbe la nuit par ce qu'il y a d'hydrique en elle.

De cette rencontre entre l'eau de la nuit et son être, Janine tire une double leçon. D'une part, elle se rend compte de la vanité de la vie qu'elle a menée jusqu'à présent : « Après tant d'années où, fuyant devant la peur, elle avait couru follement sans but »⁷⁹. D'autre part, elle reçoit humblement la parole de l'eau, en elle et en dehors d'elle, pour comprendre, en donnant aux images de l'eau son adhésion irraisonnée, qu'il s'agit là de son destin. En effet, selon Bachelard, l'imagination matérielle de l'eau touche à un type de

73 Gaston Bachelard, *L'eau et les rêves*, p. 13.

74 *Ibid.*, p. 12.

75 *Ibid.*, 13.

76 *La femme adultère*, ER, 33.

77 *La femme adultère*, ER, 33–34.

78 Gaston Bachelard, *ibid.*, p. 18.

79 *La femme adultère*, ER, 33.

destin, à « un destin essentiel qui métamorphose sans cesse la substance de l'être »⁸⁰. Aussi dit-il que « déjà, dans sa profondeur, l'être humain a le destin de l'eau qui coule »⁸¹. D'où, également, le thème de la mort qui rôde dans tout texte signé Camus.

Ici comme dans les premiers essais tout se passe comme si les images matérielles roulaient sur le texte comme des vagues, s'intégraient à lui, jusqu'à l'effacement de ce qui est en train de se dire, mais, du même coup, pour donner lieu à une autre parole limpide, elle de l'eau. Dès que l'écriture de Camus entre en rapport direct, en-deçà de la représentation formelle, avec les sources matérielles élémentaires, la nature se défait et se refait en retentissant d'échos ontologiques. On dirait précisément dans le langage des philosophes que l'ontique et l'ontologique se font indiscernables dans les germes d'une imagination qui a su condenser les matières élémentaires. La nature, c'est ce qui fait bloc, se soustrait à la volonté de l'homme et, en ce sens, elle est inhumaine, irréductible, mais pour être délivré – Janine, précisément « voulait être délivrée »⁸² – l'homme devra passer par elle, se rendre à elle, s'exiler des autres pour subir sa douloureuse leçon. De toute manière, les personnages de Camus, surtout ceux qui sont sensibles à l'eau, semblent en faire l'expérience.

80 Gaston Bachelard, *ibid.*, p. 13.

81 *Ibid.*

82 *La femme adultère*, ER, 31.

ABSTRACT

**Water Images – Towards a Bachelardian
Reading of Albert Camus**

Despite a sober and “economic” prose, the entire oeuvre of Albert Camus is surprisingly full of images of nature, be it memories of the Mediterranean sun and soil or experiences of man’s bodily fusion with nature. This article aims to question the signification of these nature descriptions in Camus by opting for an “elementary” approach, which is more attached to “material imagination” than to symbolical and allegorical interpretations. Rather, the descriptions of nature in Camus’ philosophical essays as well as in his narratives seem to go beyond representation, in so far as they speak a more “elementary” language, the language of the four elements: earth, water, air, fire. Unlike the prevalent picture of Camus as a poet of the sun, a closer reading points to the predominance of the element of water. Accordingly, the French philosopher Gaston Bachelard is consulted in order to demonstrate how the representation of nature in Camus is dissolved or deconstructed into a kind of poetics of elements where water is the aesthetic secret horizon.

ÚTDRÁTTUR
**Myndir vatnsins – tilraun til
lesturs á Camus í anda Bachelard**

Prátt lágstemmdan og „knappan“ stíl er furðulega mikið af náttúru-myndum í öllu höfundarverki Alberts Camus, hvort sem það eru minningar um sólina og jarðveginn við Miðjarðarhafið eða reynsluna af samruna mannlíkamans við náttúruna. Í þessari grein er spurt um þýðingu þessara náttúrulýsinga hjá Camus með því að velja „einfalda“ nálgun sem tengist fremur „efnislegri ímyndun“ en táknrænni og táknsögulegri túlkun. Náttúrulýsingar í heimspeki-ritgerðum Camus sem og í frásögnum hans virðast ganga lengra en að setja fram lýsingu, að svo miklu leyti sem tungumálið á þeim er „einfaldara“, það er tungumál frumefnanna fjögurra: jarðar, vatns, lofts og elds. Ólíkt viðteknum hugmyndum um Camus sem skáld sólarinnar bendir nánari lestur til þess að vatn yfirgnæfi önnur frumefni. Í samæmi við það er leitað í smiðju franska heimspek-

ingsins Gaston Bachelard til að sýna fram á hvernig framsetning náttúrunnar hjá Camus er leyst upp eða afbyggð í nokkurs konar skáldskaparfræði frumefna þar sem vatn er hinn leyndi sjóndeildarhringur fegurðarinnar.

Grímur Thomsen og framandgerving Pindars

1. Inngangur

Kvæðaþýðingar Gríms Thomsen hafa frá fyrstu tíð þótt ágæt dæmi um staðfærslu eða aðlögun erlends skáldskapar að íslenskum hefðum og sugarfari, þar sem erlendu kvæðin séu nánast átylla rammíslensks skáldskapar Gríms. Við þetta mat er hins vegar litið fram hjá þýðingum Gríms á forngrískum kveðskap, enda falla þær miður vel að þessu viðhorfi. Síðustu ár ævi sinnar þýddi Grímur mest úr forngrísku, ekki síst eftir drápuhöfundinn Pindar. Þetta myrka skáld var nánast framandleikinn holdi klæddur. Það kemur ekki á óvart að þessum þýðingum hafi snemma verið tekið fálega og þær útskýrðar sem sérviska gamalmennis sem þoldi illa samtíma sinn. Í greininni held ég því fram að Grímur hafi með þýðingum sínum á Pindar og öðrum forngrískum kveðskap ekki gengið til að staðfæra, heldur hampa framandleikanum og þannig auðga íslenskar bókmenntir.

2. Þýðingar Gríms Thomsen á drápum Pindars og viðtökur þeirra

Á sinni tíð var Grímur Thomsen (1820-1896) manna fróðastur um erlendar bókmenntir samtímans. Kornungur vinnur hann til verðlauna fyrir ritgerð um franskan skáldskap. Hálfþrítugur semur hann magisterritgerð um Byron lávarð, sem síðar dugar honum til doktorsnafnbótar við Hafnarháskóla. Íslenskar miðaldabókmenntir urðu

honum hugleiknar og voru það lengstum. Þessir þættir hafa skilgreint skáldið, ásamt þeirri rómantísku hughyggju og skandínavisma sem hann aðhylltist.¹ Grímur átti til að skýra einkenni íslenskra miðaldabókmennta með samanburði við grískar fornþókmenntir, sem hann nam ungar og þekkti ágætlega, ekki síst til að upphefja hið norræna. Áhuginn á grískum bókmenntum átti hins vegar eftir að breytast og dýpka, því að síðustu ár ævi sinnar var Grímur hugfanginn af forngrískum bókmenntum og heimspeki. Um þennan áhuga Gríms og verkin sem af honum spruttu – einkum viðureign hans við eftirlætisskáldið Pindar – hafa fáir fjallað.² Í formála sínum að heildarútgáfu ljóða Gríms segir aldavinur hans, Jón Þorláksson: „...í ellí sinni lagði hann mikla stund á grískan kveðskap og bókmentir, sem hann hafði hinum mestu mætur á eins og „klassiskri“ mentun [svo] í heild sinni. Las hann frumhöfundana grísku með orðabók þýðingalaust og vildi brjóta þá *sjálfur* til mergjar.“³ Grímur þýddi forngrískan kveðskap og skrifðaði lærðar greinar um Platon og Aristóteles, sem birtust skömmu eftir láthans.⁴ Í aðfaraorðum að grein sinni um Platon útskýrir Grímur meginatriði í viðhorfi sínu til hins forngrískra arfs. Þar sést að Jón Þorláksson hafði rétt fyrir sér þegar hann lýsir þeim vilja Gríms að brjóta sjálfur til mergjar grískra textann:

Þó margt sé ritað um spekinga þessa og kenníngar þeirra, þá verður sú raunin á, að enginn getur þekkt þá til fulls, nema hann lesi rit þeirra á

-
- 1 Viðamesta rannsóknin á þessum þáttum í starfi Gríms er vafalítið verk Kristjáns Jóhannssónar (2012 og 2014), sem hefur að geyma tilvísanir til annarra rannsókna, eldri og yngri. Þá hefur Sveinn Yingvi Egilsson fjallað um hugmyndir Gríms um norrænan arf og hughyggju (1999). Ritverk Gríms um þessi málefni er helst að finna útgefni í bókinni *Íslenskar bókmenntir og heims-skóðun*, þýðingasafni úr dönsku eftir Andrés Björnsson, sem einnig ritar gagnlegan formála (Grímur Thomsen 1975). Sjá einnig yfirlit Páls Valssonar í 3. bindi *Íslenskrar bókmenntasögu* (Páll Valsson 1996: 348-58).
 - 2 Á síðustu árum hefur mér vitanlega einungis Kristján Árnason fjallað um þessar þýðingar Gríms (Kristján Árnason 2004). Þar fjallar hann einnig um ólíkar hiliðar á samanburði Gríms á norrænum og forngrískum bókmenntum.
 - 3 Jón Þorkelsson (1934: XLIII). Áhuginn fór vitaskuld ekki framhjá neinum sem fjallaði um Grím. Sigurður Nordal skrifðaði: „[Grímur] jök í ellí við menntun sína með því að sökkva sér ofan í grískar bókmenntir“ (Sigurður Nordal 1934: XXIV). – Erindið hafði birst í *Eimreiðinni* 1923 og birtist aftur 1944 í *Áfögum og í Ljóðmuellum* Gríms frá 1969 (bls. 11-32). Um útgáfusögu þessa erindis Sigurðar og skoðun hans á Grími, sjá Kristján Jóhannsson (2014: 63-70). Kristján Jóhann fjallar einnig um frásögn Jóns Þorkelssonar af Grími (2014: 41-55).
 - 4 Grímur Thomsen (1897) og (1898). Fyrri ritgerðin hefur verið endurútgefin (Grímur Thomsen 2013).

frummálínu. Fæstir af þeim, sem um þá hafa skráð, hafa haft fyrir því að fara til sjálfra uppsprettunnar, og af þeim nýrri valla neinir, nema Schleiermacher og Arthur Schopenhauer (Platon) og Trendelenburg (Aristoteles) ... Það sem menn finna um þá í heimspekisögum eptir ýmsa rithófundu, jafnvel aðra eins menn, eins og Hegel, er því harla ónógt, sumstaðar enda misskilið, og jafnvel afbakað, eða að minnsta kosti aflagað eptir nýrri hugsunum, og fer því fjarri að þeir [Platon og Aristóteles] séu látnir njóta sannmælis.

Það kann að virðast mótsagnakennt en skoðun Gríms á mikilvægi þess að skilja forngrísku sýnist mér einnig hafa búið að baki þýðingum hans á forngrískum kveðskap. Grímur virðist hafa þýtt forngrískar bókmennir vegna þeirrar sannfæringar sinnar að hollast væri að kynnast þeim á frummálínu. Skýringuna á þessu viðhorfi er að finna í orðum Gríms sjálfs, þegar hann segir: „um þýðingarnar úr forngrísku vildi eg geta þess, að mig langaði til að sýna þeim, sem amast við grískum bókmentum ... að kveðskapur Grikkja eigi stendur neinum nýrri kveðskap á baki, sem eg þekki til.“⁵ Hann þýddi handa gagnrýnendum grískunnar. Þetta vildi Grímur gera til að þessir gagnrýnendur létu af árásum sínum á fornar menntir og leyfðu áframhaldandi kennslu forngrísku í Lærða skólanum. Þýtt var á íslensku beinlínis til eflingar forngrísku. Þýðingarnar eru gerðar á þeim tíma í sögu landsins þegar klassísk fræði og sérlagi grísk áttu mjög undir högg að sækja sem grundvöllur mennta og menningar. Kennslu í forngrísku var hætt árið 1908, í samræmi við reglugerð frá 1904, þegar skólinn var ekki lengur „lærður“ heldur „almennur“. Þessar breytingar endurspegluðu breyttar áherslur: „grískra er afnumin og kennsla í latínu minnkuð stórum, en í stað þess er aukin verulega kennsla í íslenzku, nýju málunum, stærðfræði og náttúruvísindum.“⁶

Fjórum árum fyrir dauða sinn hafði Grímur birt þýðingar á forngrískum kvæðum, raunar á sama vettvangi og greinar hans um Platon og Aristóteles áttu eftir að birtast.⁷ Þar var meðal annars að

⁵ Grímur Thomsen (1895: iii).

⁶ Sjá Heimi Þorleifsson (1975: 72). Þar er fjallað nokkuð um breytingarnar og örlög kennslunnar í grísku og svokölluðum fornaldarfræðum. Sjá einnig Clarence E. Glad (2011), sem fjallar um forsendur og örlög klassískerkennslu frá 19. öld fram á þá 20.

⁷ Grímur Thomsen (1892).

finna þýðingu á annarri ólympísku drápu Pindars.⁸ Þetta forngrískra skáld var að mati Gríms eitt tignarlegasta skáld heimsbókmenntanna.⁹ Pindar hefur skipað sérstakan sess í bókmenntasögunni vegna þess hversu myrkur og torskilinn hann hefur þótt, allt frá fornöld, nánast óskiljanlegur, örugglega óþýðanlegur. Að þýða Pindar hefur ávallt verið yfirlýsing út af fyrir sig, ögrandi og kannski sérviskuleg.¹⁰ Mér vitanlega hefur aðeins Sveinbjörn Egilsson íslenskað nokkrar línum, í skólaþýðingu sinni á Menoni Platons (br. 133). Það er skiljanlegt, ef skáldið er óþýðanlegt. Premur árum síðar birtust *Ljóðmæli: Nýtt safn*, síðari þeirra ljóðabóka Gríms sem voru gefnar út fyrir andlát hans; hin fyrri hafði verið gefin út árið 1880. Í ljóðabókinni frá 1895 var að finna þýðingar á forngrískum ljóðum: þýðingu á téðri ólympískri drápu og öðru bundnu máli úr forngrískum bókmenntum, meðal annars þemur öðrum drápum Pindars. Grímur þýddi einnig fyrstu ólympísku drápuna, og fyrstu og fjórðu pýþísku drápurnar. Auk þess þýddi hann línum sem hann kallað „Brot úr ymna“.¹¹ Loks birtist í bókinni ótitluð þýðing á nokkrum línum eftir Pindar.¹² Fleiri ljóð birtust að Grími látnum. Árið 1906 birtust *Ljóðmæli: nýtt og gamalt og Rímur af Búa Andriðssyni*. Heildarútgáfa í tveimur bindum birtist árið 1934.¹³ Allur síðari helmingur síðara bindisins hefur að geyma þýðingar á grískum fornkvæðum. Það er allstór hluti af höfundarverki Gríms.

Þessar þýðingar úr grísku hafa lengstum mælst heldur illa fyrir, og sýnu verst þýðingarnar á Pindar.¹⁴ Einkum fóru þær fyrir bring-spalirnar á Sigurði Nordal. Fyrir utan nokkrar neikvæðar yfirlýsingar og efasemdir fyrstu árin eftir birtingu þeirra hafa þessar þýðingar öldungsins nánast legið í þagnargildi, einkum þýðingarnar á

8 Hán var endurútgefín í gríkska þýðingasafninu *Grikkland alla töl*; sjá Kristján Árnason (2013: 80-83).

9 Hér var einnig stutt kórsöngsbrot (nr. 588) eftir Evripídes um Palamedes og kvæði kennt við Åsop. Brot Evripídesar átti að sýna hversu illa Aþenningar fóru að ráði sínu þegar þeir tóku Sókrates af lifi.

10 Frægasta dæmið um slíkt eru Pindarsþýðingar Hölderlins, sem vikið verður að hér á eftir.

11 Þetta brot hafði áður birst í Sunnanfara 2/13 (1893), 107 sem „Ymnabrot eptir Pindar“ og er þýðingin eignuð „Gr.B.“. Þetta mun vera brot 42 (Bergk) [= 171 (Boeckh)].

12 Höfundur veit ekki hvaðan línumnar eru, en 25-30 úr annarri pýþísku drápunni koma til greina.

13 Snaebjörn Jónsson gaf út *Úrvalsljóð* árið 1941 og svo *Ljóðmæli* árið 1946. *Ljóðmæli* í útgáfu Sigurðar Nordal birtust árið 1969.

14 Sjá 5. hluta að neðan.

Pindar. Í stuttu máli þótti sök sér að snara nokkrum línum eftir Sófókles, en vægast sagt vafasamt að bera á borð sigurdrápur eftir Pindar, reyndar til marks um dómgreindarskort. Svo virðist sem gagnrýnendur hafi sýnt Grími lítinn skilning. Það var nefnilega almenn krafa til þýðenda að góðar þýðingar væru framlag til íslenskra bókmennata. Þessi krafa er enn við lýði. Hér fannst gagnrýnendum sem Pindarsþýðingar Gríms hefðu brugðist, því þessi kveðskapur verði aldrei íslenskur, heldur sé hann eðli málsins samkvæmt framandi og óskiljanlegur. En það var fjarri Grími að gera kveðskapinn íslenskan; Íslendingar áttu að fara í ferðalag til Forngríkkja. Sigurður Nordal hafnaði tilraunum Gríms, þó að hann hafi að einhverju leyti áttað sig á ásetningi hans. Í fyrsta lagi misheppnaðist Grími að auka skilning á mikilvægi forngrísku enda tókst honum ekki að gefa inn-sýn í fegurð og mikilfengleika skáldskapar Pindars. Tilraunin misheppnaðist vegna þess að Grími mistókst að þýða séreinkenni hins forngríkska kveðskapar, enda taldi hann að alls ekki ætti að færa Íslendinginn til Grikklands, heldur Grikkland til Íslendingsins. Það væri gert með íslenskun, því sem nefnt hefur verið staðfærsla. Þessi staðfærsla færir skáldskapinn inn í hugarheim Íslendingsins, sem annars er útlendingur á framandi slóðum. Grímur útskýrði ekki tilraun sína berum orðum sem einhvers konar framandgervingu. Hins vegar er tilraunin ljóslega skilin sem staðfærsla og er sem slík illa heppnuð.¹⁵

Áður en ég geri grein fyrir ásetningi Gríms með þýðingum sínum á Pindari og neikvæðum viðtökum þýðinganna vil ég kynna forngríkska skáldið til sögunnar. Því geri lesandinn sér ljóst hvers kyns skáld Pindar var skilur hann bæði hversu sérstakt verk er að þýða hann og hversu framandi skáldskapurinn er, jafnvel svo framandi að það eitt að þýða Pindar er tilraun til framandgervingar. Með hliðsjón af því er næstum skiljanlegt að Sigurður Nordal hafi hrist höfuðið yfir Pindarsþýðingum Gríms og vísað þeim á bug.

15 Orðið „staðfærsla“ er þýðing á *domestication*, en „framandgerving“ á *foreignization*. Stutt en greinar-gott yfirlit um hugtökin má finna hjá Yang (2010). Um ólíkar tegundir þýðinga og þýðingakenn-inga, sjá Ástráð Eysteinsson (1996: k. 4). Þekktasta umræða samtímans um framandgervingu er væntanlega Venuti (1995), þótt skyldri hugmynd hafi verið gerð skil af Schleiermacher þegar við upphaf 18. aldar, sjá Schleiermacher (2010).

3. Gríská skálđið Pindar: sérkenni og viðtaka

Fátt er vitað um þeverska skálđið Pindar (kr. 518–438 f.Kr.). Að líkendum var hann af aðalsættum, aristókrat sem samdi ljóð handa öðrum aristókrötum um allan hinn grískumælandi heim. Hann er orðinn frægur hjá Herodótosi (3.38) en var á rómverskum tíma talinn fremstur lýrísku skáldanna níu og kanoníseraður sem slíkur. Quintilíanus (10.1.61) tiltekur innblásinn mikilfengleika orðgnóttar og efniviðar og líkir honum við straumþungt fljót. Þetta var klassíkska viðhorfið og þar skipar Pindar veglegan sess allt til nítjándu aldar – og örugglega hjá Grími sjálfum. Hjá fræðimönnum Alexandríu hafði verkum Pindars verið skipt í 17 bækur eða papýrusrollur eftir tegund með ýmsum gerðum af kvæðum. Af þeim voru fjórar bækur sem innihéldu sigurdrápur. Þær einar hafa varðveisit heilar, 44 drápur alls, en önnur ljóð eru til í brotum, bæði varðveitt sem tilvitnanir annarra höfunda og á papýrus.¹⁶

Sigurdrápur voru samdar til að fagna sigurvegurum á fernum grískum íþróttaleikum. Í raun voru leikarnir trúarhátíðir; Ólympíuleikarnir voru haldnir til heiðurs Seifi og aðrir íþróttaleikir til heiðurs öðrum guðum. Pindar var ekki fyrsta skálđið sem samdi sigurdrápur af þessu tagi. Til eru brot eftir Ibýkos (frá sjöttu öld) og Símonídes (kr. 556-466). 14 drápur eftir Bakklídes hafa varðveisit í papýrusbrotum. Þær gegna þó óverulegu hlutverki í bókmenntasögunni, þar sem þær voru týndar allt til ársins 1896, þegar þær fundust í Egyptalandi, reyndar um það leyti sem Grímur þýðir Pindar. Það voru drápur Pindars sem höfðu áhrif á skáld seinni tíma.

Drápan er lýrískur kveðskapur, líklega flutt af kór og undirleikurum, ásamt dönsurum; hún nefnist því kórlýrík, til aðgreiningar hinni tegundinni af lýrík, sem var flutt af einsöngvara. Drápan var ýmist flutt í kjölfar sigurs á leikum, að talið er, eða eftir heimkomu sigurvegarans. Vitnisburður um tónlistina, dans-

16 Nýleg Loeb-útgáfa eftir William Race (1997) á varðveittum kvæðum og brotum Pindars hefur að geyma gagnlegan formála með tilvísunum í helstu ritverkin um Pindar. Nýlegt og aðgengilegt yfirlitsrit um skálđið er eftir Burnett (2008).

inn, og flutninginn sjálfan hvarf mönnum snemma sjónum.¹⁷ Ólympíuleikarnir nutu mestrar virðingar og hafa varðveisist 14 Ólympíudrápur eftir Pindar. Sem fyrr segir tilheyrdú sigurvegararnir, og kaupendur kvæðanna, valdafjölskyldum og aðli á Grikklandi hinu forna; efnistökin voru sniðin að heimsmynd þeirra. Pindar fékk vel greitt fyrir list sína, að eigin sögn (*Pýbisk drápa* 1.90).

Lengri drápurnar eru oft þrískiptar. Upphafið og niðurlagið er iðulega lofgjörð um sigurvegarann, borg hans, ætt og ágæti, tengsl hans eða borgarinnar við guðdóminn. Miðkaflinn hefur oft að geyma goðsögn sem tengist borg sigurvegarans. Gert er ráð fyrir þekkingu á goðsögninni, enda aðeins greint frá hlutum hennar; hér eru bútar úr stærri sögum, sem innihalda sláandi smáatriði. Það er eins og skáldið lýsi smásmyglislega örlitlum fleti gríðarstórrar myndar sem hann telur alla þekkja til hlítar. Annað einkenni á skáldskap Pindars er að hann tekur siðferðilega afstöðu til atburða og frásagna. Þessi afstaða endurspeglar hugmyndir aristókratíunnar, ekki lýðsins. Loks má oft finna nokkur orð um flutning drápunnar og skáldið sjálft.

Málfar Pindars létt jafnvel einkennilega í eyrum samtíðarmanna hans, enda reyndist það torskilið frá fyrstu tíð. Það er einkenni á kveðskapnum að skáldið skiptir oft skyndilega um efni, hættir við efni í miðjunum klíðum, eins og því detti eithvað nýtt í hug (sjá t.d. *Ólympiska drápu* 1.128-35). Þessi aðferð gefur til kynna að skáldið yrki á staðnum, eftir innblæstri. Annað einkenni er tíð notkun á myndhvörfum, stundum blönduðum, og alls kyns samlíkingum (svo sem í upphafi fyrstu ólympísku drápunnar). Tiltekið orð eða hugmynd ræður stundum ríkjum innan einstakra drápna, eins og hugmyndin um át gerir í fyrstu ólympísku drápunni. Einnig mætti nefna svokallað *priamel*, algengt stílbragð hjá grískum skáldum, sem er t.d. notað við upphaf fyrstu ólympísku drápunnar. Fyrst eru talin upp dæmi (tvisvar eða þrisvar) sem verða bakgrunnur megin-efnisins. Orðaröð er æði flókin og mikið kveður að notkun á marg-

¹⁷ Flestar eru drápurnar samdar í þrenndarformi þar sem skiptast á strófa, andstrófa, eftirdrápa, þótt sumar séu erindarunur. Algengasti hátturinn er svokallaður *dactylo-epitritus*, sem sameinat daktýl (-UU, oft sem hálfa hexameturslínus -UU-UU-) og epitritus (-U--). Hinn algengi hátturinn er æólskur, mest samsettur úr jömbum og kórjömbum (U- og -UU-). Málið sjálf er að miklu leyti tilbúið skáldamál, samsetningur úr epísku skáldamáli Hómers, dórisku og æólsku.

víslegum stílbrögðum. Pindar var ljóslega undir töluverðum áhrifum frá Ilíonskviðu, Hesíodos og vafalaust glötuðum kviðum.

Þarna má því finna í einu og sama kvæðinu lofgjörð, goðsagnir, bænir, hymna eða lofsöngva, heilræði, gildisdóma, íþróttalýsingar. Tilgangurinn er að gera sigurvegarann ódauðlegan með skáldskap, enda sé skáldskapurinn eina tækið sem geti hafið menn yfir dauðleikann. Ólíkum þáttum drápurnnar má blanda saman á ólíkan hátt en nokkrir þættir eru þó alltaf til staðar. Sögð eru deili á kappanum, hvaðan hann kemur og til hvaða sigurs hann vann. Pindar kemur öllum þessum upplýsingum fyrir á ólíka vegu, hvort heldur beint eða með misjafnlega skyrum tilvísunum, sem er einkenni á skáldskap hans. Oft eru ljóðin nefnd hymnar eða lofsöngvar (sem beinast að guðum), enda er stöðugt vísað til guða, ekki síst með bænum, sem eru venjulega við mörk tveggja efna innan drápunnar. Heilræðin eru vel þekkt siðferðilegt forðabúr enda átti Platon eftir að leita mikid til Pindars.

Sigurdrápurnar eru vitnisburður um mikilvægi ágætis þeirra aðalsmanna sem skara fram úr öðrum. Afrek á leikum jók hróður sigurvegarans, ættar hans og borgar. Þegar skáldið lofar sigurvegarann er þess iðulega gætt að minnast á dauðleika mannsins og hversu háður vilja og duttlungum guðanna hann er, einkum ef hann er valdamikill; því skuli hann forðast ofdramb og öfund guðanna. Skáldið hamrar á því að ekkert vinnist án erfiðis, án guðlegrar aðstoðar. Hann undirstrikar mikilvægi þess ágætis sem ekki verður lært en er meðfætt, einkum í íþróttum. Þær dyggðir sem hann boðar eru meðalhóf, reglufesta samfélagsins, samlýndi stéttu og guðsótti. Frægustu orð Pindars eru þó vafalaust úr áttundu pýþísku drápunni, línur 95-97, en þessi drápa var líklega hans síðasta (frá 446):

ἐπάμεροι· τί δέ τις; τί δ' οὐ τις; σκιᾶς ὄναρ // ἀνθρωπος.

Hverfulu verur! Hvað (er) hver? Hvað (er) ekki hver? Draumur skugga // (er) maðurinn.

Gildin tilheyra greinilega aðalsveldi arkaísa tímans, sem var að hverfa á æviskeiði Pindars, frekar en þeim lýðræðishugmyndum sem við þekkjum einkum úr klassískri sögu Aþenu. Hann horfir til

fyrirmynða fortíðarinnar, hann er afturhald. Löngum hefur verið litið á ljóðin sem persónulega tjáningu skáldsins Pindars, eða allt frá rómantískum tíma. Þessi tjáning er þó alfarið háð kröfum þessa bókmenntaforms og viðtakenda kvæðanna, þar sem sigurvegarar eru lofaðir með trúarlegri og síðferðilegri hugtakanotkun fimmstu aldar aðals á Grikklandi.¹⁸

Sem bókmenntaform lifði drápan ekki sama lífi eftir Pindar og Bakkylíðes, þó að varðveitt séu tvö brot eftir Kallímakkos frá 2. öld f.Kr.; hún var ekki lengur flutt heldur lesin. Það var viðfangsefnið og þó einkum stíllinn sem lifði, hinn innblásni og óræði, fullur af myndhvörfum. Þessi stíll eignaðist form, þar sem endurteknar voru mislangar línur, sem gaf til kynna óheftan skáldskap hins frjálsta anda. Í frægu kvæði sem Grímur þýðir brot úr segist Hóras ekki geta jafnast á við hinn háfleyga Pindar. Hann ber sig saman við forngrískra skáldið og sýnir okkur muninn: annars vegar svanur, hins vegar býfluga. Þessi munur verður aftur grunnurinn að greinarmun endurreisnarinnar á pindarískum og óvidískum drápum. Þegar komið er fram á nýöld er það einkum enska 17. aldar skáldið Alexander Cowley sem er þekktur fyrir að hafa tekið sér Pindar til fyrirmynðar. Hann líkir eftir honum, en skrifar jafnframt: „Ef Pindar væri þýddur frá orði til orðs, yrði talið að hér hefði einn brjálæðingur þýtt annan.“¹⁹ Hann líkti eftir því sem hann taldi vera innblásinn stíl með mislöngum línum og stórfenglegu viðfangsefni; þetta varð sú merking sem pindarískur fékk. Hjá rómantísku skáldunum þýsku var Pindar í miklum metum. Meðal þýðenda hans var Goethe, sem dáðist að skáldinu, hversu torskilinn og djúpur hann væri. En frægust er glíma Hölderlins við skáldið. Hann þýddi Pindar orðrétt af ásetningi, beinlínis til að framandgera ljóðin á þýsku, sem hljómar fyrir vikið býsna undarlega.

Pindarsþýðingar hafa ákveðna sérstöðu í menningarviðleitni vestrænna manna á síðari öldum vegna þess að í þeim felst yfirlýsing um sérstakt erindi forngrískrar ljóðagerðar, hins erfiða, ill-skiljanlega og framandi kveðskapar. Athugum ásetning Gríms að

18 Um þessa hlið málá, sjá Bundy (1986: 35). Verk Bundys er almennt talið eitt merkilegasta framlag nútímans til Pindarsfræða.

19 „If a man should undertake to translate Pindar word for word, it would be thought that one Mad man had translated another.“ Þessi orð úr formála Cowleys að *Pindarique Odes* frá 1656 má finna hjá Daniel Weissbort og Ástráði Eysteinssyni (2006: 124).

þessu leyti.

4. Grímur: ásetningur og þýðingafræði

Grímur tekur til við þýðingar sínar nokkru eftir að sól Pindars fer að hníga með undanhaldi rómantíkurinnar; undir aldamótin 1900 þótti hann helst til dulur og fjarlægur, illskiljanlegur og hátimbraður. Grímur er orðinn gamall maður á þessum tíma. Hann fór alls ekki dult með ástæður þýðinganna. Honum farast svo orð í formála að *Ljóðmælum* frá 1895, sem fæst reyndar að langmestu leyti við réttlætingu og útskýringu á því að þýða forngrísk kvæði:

En – um þýðingarnar úr forngrísku vildi eg geta þess, að mig langaði til að sýna þeim, sem amast við grískum bókmentum, líkast til af því, að þeir eru þeim lítt kunnugir, að kveðskapur Grikkja eigi stendur neinum nýrri kveðskap á baki, sem eg þekki til. Enginn getur fundið það betur enn sjálfur eg, hversu langt er frá því, að þýðingarnar nái frumkvæðunum, en þó þær séu fríar, hef eg þá von, að hinn gríski segurðarándi hafi nokkurn veginn haldið sér, og að lesendurnir fái nokkra hugmynd um aðal og einkenni hins forna grískra skáldskapar. Sé svo, þá ætti það að nægja til að stöðva það frumhlaup, sem nú viðgengst hér á landi gegn grískum bókmentum og grískri túngu.“²⁰

Af orðum Gríms má ráða að hann hafi ekki þýtt úr grísku fyrir unnendur grískra bókmennta (sem væntanlega gætu notið þeirra á frummálinu), heldur þvert á móti gagnrýnendur þeirra, í menningsarpólítiskum tilgangi, til að tryggja að forngrískar yrði áfram kennd í Lærða skólanum og stúdentar byggju þannig yfir þeirri þekkingu sem gerði þeim kleift að lesa forngrískar bókmenntir á frummálinu. Það er athyglisvert að nánast allur formálinn fæst við þýðingarnar úr forngrísku.

Í þýðingunum fór mest fyrir Pindar, sem fyrr segir. Um hann talar Grímur sérstaklega í eins konar skýringarljóði sem hann beinir til Jóns Þorkelssonar: „Íslenzkað jeg aðeins hefi Pindar / yngri skáldunum til fyrirmynadar.“ Af þessum orðum að dæma vill Grímur gera kveðskap Pindars að fyrirmynnd ungra íslenskra skálða, enda telur hann Pindar ekki standa neinu nútímaskáldi að baki.

20 Grímur Thomsen (1895: iii-iv).

Petta markmið er annað en hið fyrra, en ekki ósamrýmanlegt. En til þess að það sé samrýmanlegt þurfa ungu skáldin að eiga þess kost að lesa Pindar á forngrísku.

Hann heldur áfram ljóðtali sínu um Pindar og lofar hann mjög:

Eins og hann var allra háfleygastur,
örninn skygni meðal fugla smærri,
alt eins var hann greppa guðhræddastur,
guða því að stöðvum flaug svo nærri.

Upp á Ólymps gat hann gullna tinda
gægzt, sem flestra mundi augu blinda.

...

Pindar þolir birtu sólar. Bera' hann
breiðir vængir ljett um himin geima,
eins og sjer hann, alt eins viða fer hann,
á hann hverjum fjalls á tindi heima.

Hóratíus hafði rjett að mæla,
honum djörfung eftir er að stæla.

Grímur semur sem sagt lofkvæði um Pindar þar sem hann hermir upp á hann þá eiginleika sem höfðu þótt prýða skáldið um aldir. Því næst víesar Grímur í kvæði Hórasar um Pindar (IV.2), sem hann þýðir einnig að hluta og styttir reyndar:

Pindar af jöklum eins og elfur brunar
ofan í vexti og hátt í gljúfrum dunar;
beljar hann fram í þanka þungum straumi
þrymjanda glaumi.

Svanurinn Dirkur súginn arnar dregur,
sig upp í loftið ofar skýjum vegur;
býfluguvængjum ber eg mig að fljúga og
blómin að sjúga.²¹

Hér eru þau komin svanurinn og býflugan. Í stuttu máli: Grímur

21 Svanur Dirkur víesar til sjálfs Pindars, en Dirkur er lind nálaðr Þebru í Böötíu, fæðingarstað skáldsins. Eins og yfirlesar bendir höfundi á notar Grímur athyglisverða nykrun þegar hann segir að gríski svanurinn dragi íslenskan arnsúg. Kannski væri réttlætanlegt að líta á þessa nykrun sem dæmi um framandgervingu.

taldi að forngrísk bókmenntaverk væru svo merkileg að þau verð-skulduðu lestur – en það yrði að vera lestur á forngrískum textum. Skilningur krefðist frummálsins og þýðingarnar áttu að vera hvatning til að lesa textana á forngrísku, enda ætti alls ekki að leggja niður kennslu í málinu. Markmið Gríms var ekki að gera ljóðin að hluta af íslenskum bókmenntum. Þvert á móti vildi hann fá landa sína til að kynnast upprunatextanum, færa Íslendinga til Forngríkkja. Þetta vildi hann gera með því að gefa Íslendingum kost á innsýn í forngrískan bókmenntaheim, þótt sú sýn hlyti að vera takmörkuð.

Grímur tjáir sig eilítið um þýðingaraðferðir. Hann segist hafa ætlað að láta fylgja þýðingar úr Ilíonskviðu Hómers, eða Ilíonsdrápu, eins og hann kallar verkið, en bætir við:

...það er hvortteggja að þessi drápa er Íslendíngum áður kunn, enda fann eg brátt, að það er ekki mitt meðfæri, að þýða *drápur* – Hómers, eins og þær ættu að þýðast, sem sé *orðrétt og í bragarhatti frumkvæðisins*. Með því einu móti getur andi *Hómers* halddi sér. Að öðrum kosti breytist hinn þungi og lygni straumur, sem einkennir bæði Ilíons og Odyssefsdrápuna. Þýðing Svb. Egilssonar á hinni síðari í óbundinni ræðu skal því reynast betri og skyldari frumkvæðinu, enn nokkur sú þýðing, sem yfirgefur sex-stuðla bragarháttinn (hexametrum), þótt í bundinni ræðu sé. Alt öðru máli er að gegna með lýriskan kveðskap enn söguljóðin, hinn episka kveðskap; hinn fyrrí þolir stórum betur að breytt sé útaf bragarhætti.²²

Grímur útskýrir ekki hvernig stendur á þessum mun, að epískan kveðskap verði að þýða í sama bragarhætti, en ekki lýrískan, sem megi þýða með öðrum bragarhætti. Ekki er heldur ljóst hvort krafan um orðréttu þýðingu eigi aðeins við um epískan skáldskap. Áður hafði hann sagst hafa þýtt lýrískan kveðskap frítt. Það mætti hæglega ráða af orðum hans að því frírri sem þýðingarnar séu, þeim mun fjarlægari séu þær frumkvæðunum enda er það skiljanlegt við-horf. Einnig virðist hann halda að þrátt fyrir þennan ágalla – þetta gengisfall í flutningum á milli tungumála – voni hann að fugurðar-andinn haldi sér og að lesendur nái að skynja hann. Hann útskýrir einnig í löngu máli hvers vegna hann þýði mest eftir Evripíðes af grísku harmleikjaskáldunum og nefnir einkum tvennt. Annars

²² Grímur Thomsen (1895: iv-v).

vegar var Evripíðes í mestum hávegum hafður af samtíðarmönnum sínum og Grímur tekur mark á því mati. Hins vegar er hann lýrískari en hin skáldin og kórsöngvar hans „ef svo mætti að orði kveða, söngvi skyldari en hinna beggja, og því léttari fyrir þýðandann enn hinn þungstígí Æschylos eða hinn heimspekilegi Sófókles.“²³ Það virðist vera því léttara að þýða kveðskap því lýrískari sem hann er.

Nú þekkti Grímur örugglega til rómantískra túlkunarfræðingsins Schleiermachers sem þýðanda Platons. Hann fjallar m.a.s. um hann í inngangi sínum að ritgerðinni um Platon.²⁴ Mér er ekki kunnugt um að hve miklu leyti Grímur var handgenginn heimspeki og hugsun Schleiermachers eða þeim hugmyndum um þýðingar sem settar voru fram í fyrilestrinum „Um hinrar mismunandi þýðingaraðferðir“, sem var fluttur árið 1813 en birtist fyrst þremur árum síðar.²⁵ Það hlýtur þó að teljast líklegt að Grímur hafi haft vitneskju um þennan fyrirlestur eða innihald hans. Í honum útskýrir Schleiermacher þá skoðun sína að þýðandinn eigi ekki að færa höfundinn til lesandans, heldur lesandann til höfundarins, að textinn skuli framandgerður á þennan hátt, en ekki staðfærður eða endurskapaður; forngrískan ætti hreinlega að þekkjast af þýskunni. Við höfum áður minnst á Pindarsþýðingar Hölderlins en hann fylgdi forskrift Schleiermachers.

Schleiermacher hefur sérstæðar skoðanir á þýðingum og ólíklegt er að Grímur hefði samsinnt honum að öllu leyti. En þó hefði hann að líkindum verið sammála Schleiermacher um það að þýðingunni væri fyrst og fremst ætlað að afhjúpa heim frumtextans, veita innssýn í þann heim og þannig hafa áhrif á viðtakandann sem nokkurs konar útlending á ferðalagi á framandi slóðum.

23 Grímur Thomsen (1895: v).

24 Reyndar hæðist Grímur að honum, því hann segir í neðanmálsgrein: „Varð þó Schleiermacher fyrir slæmri útreið af hálfu hins nefnkennda málfræðings F. A. Wolfs sem gjörði Schl. þann grikk, að láta prenta eina síðu af Faidon á grísku, með þýðingu Schl.'s hins vegar, en öllum villunum með einkenndu letri“ (Grímur Thomsen 2013:14n2).

25 Sjá Schleiermacher (2010).

Hugmyndir Schleiermachers spruttu úr frjóum jarðvegi.²⁶ Þýskar þýðingar frá átjándu og nítjándu öld voru margar hverjar næsta orðréttar. Þannig þýddi Voss Hómerskviður (1781 og 1793) eins orðrétt og hann gat. Skoðun Schleiermachers kom því ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti, heldur tjáði hún viðhorf sem í meginatriðum var nokkuð tryggt í sessi. Þýðingar Voss höfðu reyndar mikil áhrif á Sveinbjörn Egilsson, sem einnig þýðir lygilega orðrétt. Þýðingar Hölderlins á Sófóklesi og Pindar – eftirlæti Gríms – eru líklega með skýrustu dænum um framandgervingu frá rómantísku tímanum.

Reyndar er athyglisvert hversu mikla áherslu Grímur leggur á að þýða Pindar, myrka skáldið sem enginn skildi, torræðasta skáld sögunnar.²⁷ Það virðist þó ljóst að honum þótti sem kvæði hans gætu bætt íslenskan kveðskap samtímans. Þessi sýn á mikilvægi Pindars, ásamt því viðhorfi að þýðandinn leiði lesandann inn í heim frummálsins, er hliðstæð ásetningi Hölderlins, sem reyndar hafði gengið miklu lengra en Grímur og þýtt Pindar nánast orðrétt án nokkurrar málamiðlunar.²⁸

Á nítjándu öld var Schleiermacher talsmaður framandgervingar, sem að hans dómi átti að þjóna því hlutverki að auðga þýskar bókmennitir. Á síðustu áratugum hefur annar málsvari framandgervingar gert grein fyrir máli sínu, þótt vitaskuld á öðrum forsendum sé, en það er Lawrence Venuti. Hann víesar menningarlegri þjóðernishyggju Schleiermachers á bug en mælir reyndar ekki með neinni sérstakri þýðingaraðferð annarri en þeirri að hafna gagnrýnislausri kröfu um þann læsileika sem gerir lesendum svo auðvelt fyrir að sú staðreynd gleymist, eða á að gleymast, að um þýðingu sé að ræða.²⁹

26 Ástráður Eysteinsson (1996: 75-80) gerir grein fyrir skoðunum Schleiermachers og segir m.a.: „Menn skynjuðu hversu mikilvæg samtímadeigla fólst í glímu þýðenda eins og Wilhelms von Humboldts, Johanns Heinrichs Voss og Friedrichs Hölderlins við hin forngísku verk. Þarna mátti sjá kvíka og gagnvirka sambúð hins rómaða hefðarveldis og bókmennntamáls sem var á frjóu mótnarskeiði“ (75-76).

27 Sjá Hamilton (2003).

28 Sjá Constantine (1978). Hölderlin galt þess reyndar, að mati Constantines, að hann var lítill filolóög: „Had Hölderlin been as great a classicist as he was a poet then something very extraordinary indeed would have come of his pushing always deeper into the literal meaning. But, as his detractors were pleased to point out, he did not have that scholarship, and probably his search for the basic meaning of a word could never be more than a lexical matter.“

29 Sjá Venuti (1995: 99-100, 148). Ástáður Eysteinsson hefur fjallað um báða höfunda (1996: 76-82, 136-38).

5. Matið á verkunum

Um miðbik nítjándu aldar var Grímur upptekinn af íslenskum miðaldabókmentum, sem hann taldi kjarnann í norrænum bómenntum. Í ritgerðinni „Um stöðu Íslands í Skandinavíu“ hvatti hann Skandínava til að læra íslensku:

Ef það er satt ... að það sé áríðandi fyrir offágunartíma vorn að nálgast náttúruna, að verða náttúrlegri, þá stendur það næst norrænni nútíð að snúa sér að þessum bómenntum ... Það er náttúrlegast, að móðirin gefi sjálf börnum sínum brjóst í stað þess að láta þau í hendur þýzkum eða frönskum fóstrum, þar sem þau hljóta annarlega næringu og sjúga einnig í sig erlenda lesti og galla.³⁰

Hér á hann við íslenskar miðaldabókmenntir. Sem fyrr segir átti Grímur það til að bera norrænan skáldskap saman við forngrískan. Í þessari ritgerð gerir hann það líka:

Loks er hinn hreini norræni andi, sem er festa og þróttur, hreinskiptni og atorka ásamt þeiri efnisrö, er skapar spennu, sem Grikkir þekktu ekki til, – það er að segja *kyrleiksástríðu*, – og hennar er einungis hér að leita í alhreinni mynd.³¹

Svo mörg voru þau orð. Um hálfri öld síðar var Grímur orðinn töluvert opnari fyrir „annarlegri næringu“, eins og áður hefur komið fram, og telur reyndar ungskáld samtímans helst eiga að leita þeirrar annarlegu næringar sem felst í kveðskap Pindars.

Sigurður Nordal er á svipuðum slóðum um miðbik tuttugustu aldar og Grímur var um miðbik þeirrar nítjándu. Sýn hans á mikilvægi og stöðu íslenskra miðaldabókmennta er svipuð og hjá Grími.³² Hins vegar er skoðun hans á þýðingum nokkuð önnur. Svo vill til að Sigurður tjáir sig nokkuð um þýðingar Gríms, ekki síst á Pindar, og þann ásetning Gríms að kynna grískar fornbókmenntir.

Hann segir vonir Gríms um áframhaldandi kennslu í forngrísku hafa brugðist gersamlega. Þessi ásetningur þýðinganna varð að engu

30 Grímur Thomsen (1975: 48-49).

31 Grímur Thomsen (1975: 48).

32 Sjá rökstuðning Ástráðs Eysteinssonar (1996: 237-39).

– en voru þá þýðingarnar til einskis? Hann hyggst líta á kvæðin sjálf, „sem þýðingar og sem skáldskap“:

Við ummæli skáldsins, að þýðingarnar séu langt frá því að *ná* frumkvæðunum, mætti bæta, að sama á við um allar þýðingar og þó sérstaklega þýdd ljóð. Þau geta verið jafngóður skáldskapur frumkvæðunum, einstöku sinnum jafnvel betri, en þau verða aldrei *söm*. Samsvaranir tveggja tungumála eru miklu ófullkomnari en ráða mætti af orðabókum, og hver þýðandi verður með sjálffum sér að fara, þótt hann sé allur af vilja gerður að laga sig eftir frumhöfundi. Grími hlaut að vera sú aðlögun í erfiðara lagi, svo stirt sem honum var um kveðandi og tungutak hans sérstætt. Honum tókst því betur sem hann *íslenzkaði* kvæðin meir, svo sem í hinni snilldarlegu þýðingu *Integer vitae*, – eða þegar hann sótti einungis erlenda kveikju í kvæði sem hann frumorti að öðru leyti...³³

Þessi skilningur Sigurðar á þýðingum er athyglisverður.³⁴ Kvæðin eiga að vera staðfærð, endursamin, innblástur að íslensku kvæði. Að hans mati var Grímur varla þess umkominn að veita íslenskum lesendum þá sýn inn í grískan bókmennataheim sem yfirsærði textann þannig að hann gæti heillað þá eins og um forngrískan texta væri að ræða. Hitt er annað mál að enda þótt Grímur væri illa fallinn til þessa verks, þá væri það í raun og sannleika varla á færi nokkurs þýðanda.

Sigurður taldi að Grímur hefði átt að *staðfæra* grísku kvæðin og jafnvel nota þau einungis sem innblástur til að yrkja íslensk ljóð handa Íslendingum. Sem sagt: Ásetningi Gríms er einfaldlega vísað á bug, enda vitleysa. Grímur átti hvorki að þýða né gat hann þýtt í samræmi við ásetning sinn, sem er Sigurði ljós, enda bætir hann við:

33 Sigurður Nordal (1969: 45-46).

34 Hann samdi ritgerðina „Þýðingar“, *Skírnir* 1 (1919), 40-63. Sú ritgerð snerist fyrst og fremst um þýðingar sem mikilvægan þátt í alþýðumenntun. Þar sýtir hann reyndar hversu einhæfar íslenskar bókmennir séu (50), mest skáldskapur og sagnfræði. Reyndar segir hann líka um hættuna af skorti á þýðingum: „Hættan virðist vera sú, að meiri partur þjóðarinnar skiftist smátt og smátt í þrjá flokka. Þá, sem ekki lesa, nema dagblöðin. Þá, sem lesa tömt skran af versta tæi, dálkásögur blaðanna og annað þaðan af verra, svo sem bækur frá auðvirðilegustu útgefendum Dana, sem seldar eru hingað í stórkauptum. Og loks þá, sem reyna að una sér við þjóðlegu bókmentirnar og loka sig úti frá öllum áhrifum umheimsins, eins og af ótta við að annars rjúfist skjaldborg þeirra.“ (51). Greinin er skrifud eftir lok fyrri heimsstyrjaldar.

Sá tilgangur, sem Grímur kveður hafa vakað fyrir sér, reð meira en skyldi um val kvæðanna. Hann hugsaði stundum helzti mjög um það, hvað mest hefði verið metið af Grikkjum sjálfum, fremur en hvað bezt væri fallið til þess að gera úr því góðan skáldskap handa Íslendingum. Niðurstaðan varð sú, að þessum grísku fornkvæðum var gikkslega tekið og fundið flest til foráttu af þeim gagnrýnendum, er dæmdu þau sem þýðingar með samanburði við frumkvæðin, – og mikið af þeim hefur orðið jafnvel góðum lesendum dauð blaðafylli.³⁵

Af þessum sökum sleppir Sigurður „allmiklu af grísku fornkvæðunum í þessari útgáfu“ enda finnst honum allt of mikið fyrir þeim fara í *Ljóðmælum* frá 1895. Að auki telur hann að þessar þýðingar hafi hreinlega komið illu orði á kveðskap Gríms og „fælt fólk frá því að kynnast hinu, sem betra er – og sumt afbragð.“³⁶ Verstar eru þýðingarnar á Pindar:

Pindar var í fornöld svo mikils metinn ... að Grími hefur fundizt sér skylt og orðið það metnaðarmál að þýða allmikið af drápum hans. En öllum þeim, sem bezt þekkja til, kemur saman um, að kvæði Pindars séu flestum öðrum torlesnari á frummálinu og með öllu óþýðanleg á aðrar tungur, svo að verði nema svipur hjá sjón ... Varla er neinum láandi sem hafa byrjað að lesa grísku fornkvæðin í *Ljóðmælum* 1895 frá upphafi og í réttri röð, þó að Fjórða pyfiska drápan, sem er hvorki meira né minna en 53 erindi, hafi orðið þeim sá Leggjabrjótur, er gerði þá deiga eða jafnvel afhuga því að halda lengra. Ekki er þessu með öllu ólíkt farið með kaflana úr *harmleikunum*.³⁷

Sigurður sér þó eina bjarta hlið á þýðingunum, sem tengist vissulega ásetningi Gríms:

Grímur hefur með þeirri gjörhygli, sem af honum mátti vænta, hyllzt til að velja kvæðin með það í huga að þau veittu sem fjölbreyttasta innsýn í hugarheim Forn-Grikkja, – hina ríku örlagatrú, andstæður bjartsýni og bölsýni ó lífsskoðun, vægðarlausa glöggskyggni á mannlegt eðli, náttúru-skyn o.s.frv.³⁸

35 Sama rit, 46.

36 Sama stað.

37 Sama rit, 46-47.

38 Sama rit, 48.

Að sumu leyti hefur Grími því tekist það sem hann ætlaði sér, þó að þýðingarnar séu slæmar, enda ekki um raunverulega íslenskun grísku fornkvæðanna að ræða. Athugum nánar sýn Sigurðar á þýðingar og kjarnann í gagnrýni hans á Grím.³⁹

Grímur þýddi ljóðið *Integer vitae* (I.22) eftir Hóras. Sigurður hrósar þýðinguð og segir snilldarlega. Þýðingin eða öllu heldur íslenskunin, sem öllu virðist skipta, felst fyrst og fremst í því að fyrir klassísk eiginnöfn eru komin íslensk, sem hafa allt annað umtak, þó að sumum eiginnöfnum sé einfaldlega sleppt. Hóras beinir orðum sínum til manns sem heitir Fuscus; ávarpið og nafnið er horfið hjá Grími. En fyrir Syrtessanda á strönd Afríku er komið Ódáðahraun. Kákasusfjallgarðurinn er Vatnajökull og Hydaspesfljótið á Indlandi Kaldakvísl. Elskan Lalage er Helga. Dáníusveitin er Eiðar, land Júba (Númidía), sem elur ljónin á söndum, verður Serkland, sem vænta má, en einnig Bjarmaland. Loks blandar Grímur Svíþjóð og Syrgisdali við ónefnda staði.

Við vitum hvers vegna Grímur þýddi grísku fornскáldin. Hann vildi fá aðra til að lesa þau á frummálinu. Hvað segir hann um eigin aðferð? Hann segist sjálfur hafa þýtt ófullkomlega og frítt en þó vonað að gríski fegurðarandinn hefði haldið sér – „og að lesendurnir fái nokkra hugmynd um aðal og einkenni hins forna gríská skáldskapar“. Jón Þorláksson er eins konar viðtakandi þýðinganna og gerir grein fyrir viðhorfi Gríms til þýðinga í útgáfunni frá 1906; greinargerð hans var endurbirt 1934.⁴⁰ Þaðan er líklega komin sú skoðun sem getur að finna hjá Sigurði Nordal:

... kveðskapur Gríms varð norrænn og þjóðlegur. Hann gat ekki orðið öðruvísi ... Kynning hans af skáldritum annarra þjóða gat því varla haft önnur áhrif á hann en til þess að leiðbeina smekk hans í fyrstu og frjóvga hugtún hans. Votta og þetta þýðingar hans margar hverjar úr öðrum málum. Hann víkur þeim við, máir út alt það útlenda, og snýr því upp á Ísland og setur á þær svo mikinn íslenzkubrag, að kvæðin eru í þýðing hans orðin miklu líkari honum sjálfum en frumhöfundinum, svo að hann gat stundum eins vel markað þær undir sitt mark.

39 Um þetta efni hefur Ástráður Eysteinsson fjallað (1996: 235-44).

40 Jón Þorláksson (1934: xxxiv-xxxv).

Hér er vísað til þeirra dyggða Gríms sem Sigurður fann í þýðingunni á *Integer vitae*. Jón nefnir um þetta nokkur dæmi en segir loks: „Það getur vitanlega verið nokkurt umtalsmál, hvernig þýða eigi, laust og víkja við, eða fast og þræða orðin sem mest.“⁴¹ Síðari þýðingaraðferðin er við hæfi, vilji þýðandinn *sýna* kveðskap. En vilji hann gera þýðingar sem gagnlegastar og skiljanlegastar þjóðinni,

þá þarf að laga þýðingarnar sem mest eftir hugsunarhætti og skilningi þeirrar þjóðar og gera þær henni sem eiginlegastar, svo að hún finni sem minst til þess, að ekki sje frumkveðið, og það mun Grímur hafa talið mest vert.⁴²

Nú virðist manni tilraun Gríms, með þýðingum hans á Pindar, vera allt önnur en Jón segir: Grímur vill auðga Íslendinga með þeim hugsunarhætti sem má finna í forngrískum bókmenntum. Hann vill einmitt ekki staðfæra Pindar, enda vonlaust verk, heldur „sýna kveðskap“ hans, til þess að lesendur skilji mikilvægi grískunnar og hætt verði við að leggja grískunámið niður.

Það er rétt hjá Sigurði Nordal að grískuþýðingum Gríms var tekið dræmlega. Til dæmis sagði Sigfús Blöndal í *Sunnanfara* um Ljóðmæli frá 1895:

... margar af þessum þýðingum eru því miður ekki neitt sérlega vel af hendi leystar, og gefa mönnum tæplega nægilega hugmynd um hinn glæsilega og aðdáanlega skáldskap Grikkja. Fyrst og fremst er ekki sem heppilegast valið: þýðandinn hefir t.d. tekið alt of mikil eptir Pindar ... Pindari er þannig varið, að til þess að skilja hann vel og hafa ánægju af, þarf maður að vera gagnkunnugur goðasögum og lífi Grikkja ... Já, ekki held ég að yngri skáldin muni taka sér Pindar til fyrirmynnar.... Einkum er það eitt sem er afleitt, og spillir mjög miklu hjá þýðandanum. Hann er sem sé alt of mikill Íslendingur ... Hann þýðir t.a.m. fjölda af kvæðum undir íslenzkum þjóðlögum ... og gætir ekki að því, að á þennan hátt tekst honum að flæma burt allan grískan blæ af kvæðunum ... Kvæðin eru grísk og verða grísk og maður á að láta útlendan (grískan) blæ vera á þeim, og bragarhætti þeirra ... hann rifur hinn glæsilega grískra skarlats-

41 Sama rit, xxxv.

42 Sama stað.

búning burt af kvæðunum, og færir þau í móleita íslenzka duggarband-speisu.“⁴³

Pindar er vitaskuld alltof framandi, en það sem vekur athygli er gagnrýni Sigfúsar á notkun íslenskra bragarháttá í stað grískra. Sigfús álítur hana vera ein verstu mistök Gríms og jafnframt við-leitni til að íslenska ljóðin í stað þess að flíka framandleika þeirra.⁴⁴

Mér sýnist Kristján Árnason vera á svipuðum slóðum og Jón Porkelsson sem og Sigurður Nordal í grein sinni um þýðingar Gríms úr grísku, enda segir hann í framhaldi af umfjöllun sinni um skoðanir Jóns á þýðingum Gríms:

Það er ljóst að Grímur var ekki með þessum þýðingum sínum einungis að opna glugga inn í fornöldina til að svala forvitni manna um það hvernig þá hefði verið ort, glugga sem þeir gætu svo lokað aftur, margs vísari um framandi ljóðagerð og hugsunarhátt, heldur ætlaðist hann til að þýðingarnar lifðu með þjóðinni sem þáttur í hennar eigin listsköpun og yrðu til að móta stíl og viðhorf yngri og upprennandi skálda.⁴⁵

Hér sýnist mér gleymast markmið Gríms, a.m.k. með þýðingunum á Pindar: að halda á lofti mikilvægi þekkingar á forngrísku, getunni til að lesa forngrísku, sem stóð og féll með kennslunni í Lærða skólanum. Kristján Jóhann Jónsson tekur í sama streng og Kristján Árnason og segir að Grímur hafi sótt til útlendra ljóða „til þess að endurskapa erlendan bókmenntaarf á íslensku.“⁴⁶ Hann tekur dæmi af „Jólanótt á Hafnarskeiði“, sem ber undirtitilinn „Íslenzkur Tam o’ Shanter“: „Kvæði Gríms er alls ekki þýðing. Frekar mætti tala um tilvísun til kvæðis Burns því að aðstæður í kvæði Gríms eru íslenskar.“⁴⁷ Þessi gerð íslenskunar minnir svoltíð á þýðingu Gríms á *Integer vitae* Hórasar. En varla var þetta ásetningur Gríms þegar hann þýddi Pindar.

Þær þýðingar eru ekki staðfærsla nema að litlu leyti og ekki ís-

⁴³ Sigfús Blöndal (1895).

⁴⁴ Þetta er athyglisverð gagnrýni. Í örstuttri riffregn sem birtist sama ár, 1895, tekur Finnur Jónsson í sama streng (1895: 156): „Þýddu kveðin eru flest útlögð úr grísku, en þar er mart að finna, einkum þó hvað herflega íslenzka bragi skáldið hefur stundum leyft sé að klæða hin fögru grísku kvaði í. Ef ekki er hægt að þýða þau öðruvísi, er bezt að ganga frá því.“

⁴⁵ Kristján Árnason (2004: 410).

⁴⁶ Kristján Jóhann Jónsson (2014: 215).

⁴⁷ Sama rit, 216.

lenskun í skilningi Sigurðar Nordals og Jón Þorkelssonar. Grímur umturnar til dæmis ekki öllum erlendum eiginnöfnum í íslensk, þótt hann geri það vissulega stundum. Hann notar framandi eiginnöfn og víesar til framandi goðsagna. Það er einmitt þess vegna sem þær ganga ekki upp, að mati Sigurðar. Kristján Árnason fylgir að nokkru leyti skoðun Jóns og Sigurðar:

...það að styttu ýmist eða lengja kvæðin með því að fella úr eða prjóna aftan við, líkt og honum finnist frumkvæðið annaðhvort ekki nógu meitlað eða að eitthvað sé þar vansagt. Þetta má svo sem telja kenjar Gríms en jafnframt vott þess að hann er með þýðingum sínum ekki síður að koma einhverju frá sjálfum sér á framfæri en að þjóna öðrum, og lái honum það hver sem vill. En það segir sig sjálfst að Grímur velur ekki til þýðingar kvaði af handahófi heldur einmitt þau sem eru honum hugstæð og segja það sem honum liggar á hjarta sjálfum, en hér þarf þó ekki að vera um beinan boðskap að ræða heldur einhver gildi sem hann vill halda á loft eða einhvern anda sem hann vill seiða fram.⁴⁸

Þýðingar Gríms á kórsöngvum notast iðulega við rím, sem kemur ekki fyrir í forngrísku kvæðunum. Er þessi viðleitni dæmi um íslenskun? Hann notar sama hátt og í Rínum af Búa Andríðssyni, sem hann kann að hafa fengið frá Don Juan eftir Byron.⁴⁹ Kristján segir:

...frásagnarþátturinn er yfirleitt styttur að mun og einfaldaður, enda um goðsagnir að ræða, yfirleitt ókunnar íslenskum lesendum, en um spek- iyrði og ályktanir eru því öfugt farið – þar vill þýðandinn bæta í og sumt af því eftirminnilegasta í þýðingunum á sér ekki beina samsvörun í frum-

48 Kristján Árnason (2004: 410). En varla á þessi skoðun við Pindarsþýðingarnar? Kristján undrast einnig hversu ónákvæmur þýðandi Grímur er, jafnvel þegar hann þýðir undir ræðulagi (jambísku trúmetri). Kristján kafar dýpra og spyr hver þessi gildi séu. Hann varpar fram þeirri hugmynd að þau séu rómantísk, og styðst þar að hluta við skoðun Nordals á höfundareinkennum Gríms. Andlegur bakhjalr Gríms er rómantiskt hughyggiukerfi Hegels. Hann hafnar og fyrirlitir efnishyggju. Hins vegar snýr hann baki við þeim sérnorraenu gildum sem hann boðar um miðja oldina: Hinn norræni maður er sinn eigin herra og ekki ofurseldur valdi guðanna, eins og Grikkir. Kristján Árnason setur fram eftirfarandi tilgátu: Grímur þýðir ekki samtímanns sína, heldur einkum elstu fulltrúa rómantíkur, Goethe, Schiller, Byron. Þá þýðir hann Forngríkkirnir í beinu framhaldi af því að þýða þessi skáld. Og hann telur að Forngríkkirnir hafi haft allar þær dyggðir sem hann hafði fyrrum eignað íslenskum miðaldakultúr andstætt grískum.

49 Sjá Svein Yngva Egilsson (1999: 151-52).

textanum en er fremur einskonar útfærsla á því sem þar er gefið í skyn.⁵⁰

Hverníg þýðir Grímur Pindar? Hrapallega, eins og Sigurður og Sigfús sögðu, af því honum mistókst staðfærslan? Listilega, af því honum tókst staðfærslan, eins og Kristján lætur í veðri vaka? Sjálfur hef ég hér halldið því fram að Grímur hafi alls ekki verið staðfærsla í hug, heldur miklu frekar framandgerving; sjálft viðfangsefnið væri þess eðlis. Að neðan gefur að líta þýðingu Gríms á fyrstu ólympísku drápunni, ásamt frumtexta og orðrétttri þýðingu. Efnið sjálft var ekki síður framandlegt undir lok 19. aldar en um okkar mundir. Það mætti segja með nokkrum rétti að þýðingar Gríms væru ekki nákvæmar ef borið er saman við ofurnákvæmar prósabýðingar Sveinbjarnar á Hómerskviðum. En þó komast þær furðulega nærrí frumtextanum af bundnum þýðingum að vera. Grímur sleppir í raun ekki miklu og bætir enn minna við. Hann notar fornt íslenskt skáldamál í hófi. Bæði hátturinn og rímið er hins vegar fjarri grískunni.⁵¹

50 Kristján Árnason (2004: 410).

51 Textinn fylgir útgáfum eftir Snell og Maehler (Teubner 1987) og Race (Loeb 2012).

ÓLYMPÍSK DRÁPA I

Handa Híeron frá Sýrakusu, sigurvegara kappreiða 476 f.Kr.

Grískur texti ásamt orðrétttri
þýðingu

Þýðing Gríms

Strófa 1

Ἄριστον μὲν ὄδωρ, ὁ δὲ χρυσός αἰθόμενον πῦρ
ἄπει διαπρέπει νυκτὶ μεγάννορος ἔξοχα πλούτου·
εἰ δ' ἄεθλα γαρύεν
ἔλδεαι, φίλον ἦτορ,
μηκέτ' ἀελίου σκόπει (5)
ἄλλο θαλπνότερον ἐν ἀμέρᾳ φαεν-
νὸν ὅστρον ἐρήμας δι' αἰθέρος, (6)
μηδ' Ὄλυμπίας ἀγῶνα φέρτερον αὐδάσομεν·
ὅθεν ὁ πολύφατος ἡμίνος ἀμφιβάλλεται
σοφῶν μητίεστι, κέλαδεῖν
Κρόνον παῖδ' ἐξ ἀφνεάν ίκομένους (10)
μάκαιραν Τέρωνος ἑστίαν,

Best er vatn, en gull eins og logandi eldur
að nóttu ber glæstur af auði aðals. En
viljir þú, mitt hjarta, kveða um keppni,
leitaðu ekki frekar annarrar stjörnu en
sólar sem skín varmari á daginn um auðan
himin og segjum enga leika meiri en
Ólympíu. Þaðan umvefur margfrægur
lofsöngur vísldóm skálðanna, sem komið
hafa að kyrja Kronosson til hins auðuga
og sæla arins Híerons,

Andstrófa 1

θεμιστείον δις ἀμφέπει σκᾶπτον ἐν πολυμήλῳ
Σικελίᾳ δρέπον μὲν κορυφὰς ἀρετᾶν ἄπο πασῶν,
ἀγλαζεται δὲ καί
μουσικᾶς ἐν ἀώτῳ, (15)
οἷα παιζομεν φίλαν
ἄνδρες ἀμφὶ θαμὰ τράπεζαν. ἀλλὰ Δω-
ρίαν ἀπὸ φόρμιγγα πασσάλου (17)
λάμβαν', εἴ τι τοι Πίσας τε καὶ Φερενίκου χάρις
νόον ὑπὸ γλυκυτάταις ἔθηκε φροντίσιν,
ὅτε παρ' Ἀλφεῷ σύντο δέμας (20)
ἀκέντητον ἐν δρόμοισι παρέχων,
κράτει δὲ προσέμειξε δεσπόταν,

Bezt er vatnið. Eldar Ægis lýsa
öllu skarti bjartar hauks á ströndum.
Kappleik með því skáldi er skylt að prísa,
– skærast ljósá sól er yfir löndum –
af öðrum leikir Ólympíu bera,
ýmninn þeim til lofs skal kveðinn vera,

og syni Kronos's, Híerons í höllum
harra rjettvíss Sikileyjar þjóða;
les hann blómin beztu' af drengskap öllum.
Boðnar ann hann flóði' og smiðum ljóða.
Hans á bekkjum höfum synir Braga
heldur en ekki lifað glaða daga.

sem ræður lögsprota í hinni fjárauðugu Sikiley, öðlast hámark hvers ágætis og er vegsamaður í bestu sönglistinni, slíkri sem við mennirnir gerum að leik og flytjum oft umhverfis vinarbord. Tökum dóriska lýru af snaga, ef dýrð Písu og Fereníkoss hefur að sönnu selt huga þinn sætstu hugsunum, þegar hesturinn skeiðaði viljugur meðfram Alfeos í reiðunum og batt sigurvaldinu húsbóna sinn,

Alfeis var það yndi' að sjá á bökkum undir Hieróni Sigurgjafa öllum Grikklands fara fram úr blökkum, fákinn þurfti' ei svipu við að hafa; Hieróni ljeði hann limu fljóta, ljet hann reiðmennskunnar góðu njóta.

Eftiróður 1

Συρακόσιον ἵππογάρ-
μαν βασιλῆα· λάμπει δέ οἱ κλέος (23)
ἐν εὐάνορι Λιδῷ Πέλοπος ἄποικι·
τοῦ μεγασθενῆς ἑράσσαστο Γαιάοχος (25)
Ποσειδάν, ἐπεὶ νῦν καθαροῦ λέβη-
τος ἔξελε Κλωθό, (26)
ἔλέφαντι φαιδύμον ὥμιον κεκαδμένον.
ἢ θαύματα πολλά, καί πού τι καὶ βροτῶν
φάτις ὑπὲρ τὸν ἀλαθῆ λόγον (28b)
δεδαιδαλμένοι ψεύδεστι ποικίλοις (29)
ἔξαπατῶντι μῆθοι. (29)

Pelops' einnig nýbygð hennar nýtur. –
Nýfæddur með ökl úr fílabeini
Pelops kom úr kerlaug mjallahvífur,
konungur fjekk lagar ást á sveini. –
Þangað til er sagan sönn, en annað
sumt er hugarburður skáldmælanna.

hestunnandi konung Sýrakúsu. Frægðin skín honum í göfugra manna nýlendu hins lýðfska Pelops. Af honum varð Poseidon láðvaldur ástfanginn, þegar Klóþó hafði dregið hann úr hinum hreina katli skrýddar öxl af skínandi fílabeini. Vist eru undrin mörg og þó blekkja einnig í manna máli (tel ég) sagnir handan sannleikans skreyttar skrautlegum lygum.

Strófa 2

Χάρις δ', ἄπερ ἄπαντα τεύχει τὰ μείλιχα θνατοῖς,
 (30)
 ἐπιφέροισα τιμὰν καὶ ἄπιστον ἐμήσατο πιστόν
 ἔμμεναι τὸ πολλάκις·
 ἀμέραι δ' ἐπίλοιποι
 μάρτυρες σοφώτατοι.
 Ἑστι δ' ἀνδρὶ φάμεν ἑουκός ἀμφὶ δαι- (35)
 μόνων καλά· μείων γὰρ αἰτίᾳ. (35)
 νὶε Ταντάλον, σὲ δ' ὀντία προτέρων φθέγξομαι,
 ὅπότ' ἐκάλεσε πατήρ τὸν εὐνομώτατον
 ἐξ ἔρανον φίλαν τε Σίτυλον,
 ἀμοιβαῖα θεοῖσι δεῖπνα παρέχων,
 τότ' Αγλαοτρίαιαν ἀρπάσαι, (40)

Karis, sem smiðar allt hið ljúfa handa
 dauðlegum verum, færir heiður og gerir
 hið ótrúlega löngum trúverðugt. En
 ókomnir dagar eru vitrustu vitnin. Það
 hæfir manni að tala vel um guðina, því
 sökin er síðri. Sonur Tantaloss, um þig
 mun ég tala, öfugt við forvera mína, að
 þegar faðir þinn bauð guðunum til hinnar
 best búnu veislu og til hans eigin Sípyloss
 og endurgalt málsvæði þeirra, þá greip
 þig guð hins skínandi þriforks,

Andstrófa 2

δαμέντα φρένας ἴμερφ, χρυσέαισι τ' ἀν' ἵπποις
 ὑπατον εὐρυτίμου ποτὶ δῶμα Διὸς μεταβῆσαι·
 ἔνθα δευτέρῳ χρόνῳ
 ἥλθε καὶ Γανυμήδης
 Ζηνὶ τῷτ' ἐπὶ χρέος. (45)
 ώς δ' ὄφαντος ἐπελεξ, οὐδὲ ματρὶ πολ-
 λὰ μαιόμενοι φῶτες ἄγαγον, (46)
 ἔννεπε κρυφῇ τις αὐτίκα φθονερῶν γειτόνων
 ὕδατος ὅτι τε πυρὶ ζέοισαν εἰς ἀκμάν
 μαχαίρᾳ τάμον κατὰ μέλη.
 τραπέζαισι τ' ἀμφὶ δεύτατα κρεῶν (50)
 σέθεν διεδάσαντο καὶ φάγον.

Þokkinn, sem á stundum snáka felur
 í snildar ham og rotnum blómum þekur,
 oft um lygar trúna manni telur,
 tímans reynsla það á síðan hrekur.
 Skal um guði góðu einu trúá,
 gumar sjer með þessu í haginn búa.

Aðra lýðum sögu', en sögð var áður,
 af syni Tantalosar mun jeg bjóða: –
 Eitt sinn veizlu guðir góða þáðu
 hjá glöðum Tantalosi Lýda þjóðan.
 Mun þá Ægir, eitthvað lítið hreifur
 aðhafst hafa líkt og fyrrum Seifur.

Eins og föður guða' a' Ganymeði
 geðjaðist, fór Ægi' að þessu sinni,
 Pelops upp til himins hefja rjeði,
 hafði' hann burt á laun frá módurínni.
 Ámælið við tíva síðan toldi,
 að Tantal's hefðu bergt á sonar holdi.

með huga ofurliði borinn af þrá og flutti á gylltum hestum til hæstu húsakynna hins viðmetna Seifs. Þangað kom einnig Ganymedes síðar til sömu þjónustu Seifi. Pegar þú hvarfst og menn færðu þig ekki móður þinni þrátt fyrir mikla leit, þá sagði strax einhver hinna öfundsjúku nágranna heimulega að þeir hefðu skorið þig lim fyrir lim með hnifí í bullsjóðandi vatn yfir eldi, að síðustu skipt holdi þínu milli borda og etið.

Eftiróður 2

έμοι δ' ἄπορα γαστρίμαρ-
γον μακάρων τιν' εἰπεῖν· ἀφίσταμαι·
ἀκέρδεια λέλογχεν θαμινὰ κακαγόρους.
εὶ δὲ δή τιν' ἄνδρα θνατὸν Ὄλύμπου σκοποί
ἐτίμασαν, ἦν Τάνταλος οὐτος· ἀλ- (55)
λὰ γάρ καταπέψαι (55)
μέγαν ὅλβον οὐκ ἐδυνάσθη, κόρῳ δ' ἔλεν
ἄταν ὑπέροπτον, ἄν τοι πατήρ ὑπερ
κρέμασε καρτερὸν αὐτῷ λιθον, (57b)
τὸν αἱεὶ μενοινῶν κεφαλᾶς βαλεῖν (58)
εὐφροσύνας ἀλάται. (58)

Mér er um megn að segja nokkurn hinna sælu átvagl. Ég hörfa. Oft er fátækt hlutskipti rógberans. Ef verðir Ólymposs hafa í raun heiðrað einhvern dauðlegan mann, var sá Tantalos. Hins vegar gat hann ekki melt hina miklu hamingju sína og vegna offylli sinnar hlotnaðist honum yfirþyrmanni ógæfa, sem Faðirinn hengdi yfir hann, gríðarlegan stein, sem hann þráir ávallt að henda frá höfði sér og glatar gleðinni.

Átvagla með nafni guði^{ic} að niða,
neinn eí láti slíkt um munn sjær fara,
illmælgji mun síðar höldum svíða,
sjálfur skal jeg mig á slíku vara.
Munið nefndan varla vísi heyra,
en virtu guðir Tantalosi meira.

Strófa 3

εχει δ' ἀπάλαμον βίον τοῦτον ἐμπεδόμοχθον
μετὰ τριῶν τέταρτον πόνον, ἀθανάτους ὅτι κλέψαις
(60)
ἀλίκεσσι συμπόταις
νέκταρ ἀμβροσίαν τε
δῶκεν, οἵσιν ἄφιτον
θέν νιν. εἰ δὲ θεὸν ἀνήρ τις ἔλπεται
<τι> λαθέμεν ἔρδων, ἀμαρτάνει. (64)
τοῦνεκα προῆκαν νιὸν ἀθάνατοι οἱ πάλιν (65)
μετὰ τὸ ταχύποτον αὐτὶς ἀνέρων ἔθνος.
πρὸς εὐάνθεμον δ' ὅτε φυάν
λάχναι νιν μέλαν γένειον ἔρεφον,
έτοιμον ἀνεφρόντισεν γάμον

Frekur þoldi maður eigi mátið,
misti fyrir hvínsku guða hylli;
þeirra tók hann matinn munns og -gátið,
miðlaði' af því vinum sínum fylli,
út hann eilíf gjöldin glæpa tekur,
guð fær brotum leyndan enginn sekur.

Ódauðlegur sendi sævar drottinn
son hans aftur skammlífs í heima.
Þegar úlfa grenni grön var sprottin,
girnist hann að festa þellu seima,
Hipp'dameju, dóttur göfugs vísa
drótta þeirra', er lindin svalar Písá.

Hann hefur þetta hjálparvana líf
linnulausra rauna, fjórða þrautin á eftir
þremur, því hann stal af hinum ódauðlegu
nektar og ambrósíu, sem þeir gerðu hann
eiliðan með, og gaf drykkjufélgum
sínum. Ef einhver maður vonar að
eitthvert verk hans fari framhjá guði,
skjöplast honum. Þess vegna sendu hinir
ódauðlegu son hans aftur til hins
skammlífa kyns mannanna. Við
ungdómsblómann, þegar hýjungurinn
huldi dekkтан vanga, fór hann að hugleiða
hjónaband sem til boda stóð,

Andstrófa 3

Πισάτα παρὰ πατρὸς εῦδοξον Ἰπποδάμειαν (70)
σχεθέμεν. ἐγγὺς ἐλθὼν πολιᾶς ἀλός οῖος ἐν δρφνᾳ
ἄπνευ βαρύκτυπον
Εὐτρίανων· ὁ δ' αὐτῷ
πὰρ ποδὶ σχεδὸν φάνη.
τῷ μὲν εἶτε· ‘Φίλια δῶρα Κυπρίας (75)
ἄγ' εἴ τι, Ποσείδαον, ἐς χάριν (75)
τέλλεται, πέδασον ἔχος Οίνομάου χάλκεον,
ἔμε δ' ἐπὶ ταχνάτων πόρευσον ἀρμάτων
ἐς Ἀλιν, κράτει δὲ πέλασον.
ἔπει τρέψι τε καὶ δέκ' ἄνδρας ὀλέσαις
μναστῆρας ἀναβάλλεται γάμον (80)

Í húmi til hins gráva gekk hann sjávar,
á græði skoraði' hann enn dimmraddaða: –
»Þú, sem yfir bárur ekur bláar,
blakka ljáðu mjer nú vængjahraða
til Elis, og af Oinomásar spjóti
oddinn brjóttu, svo hann þess ei njóti.

að vinna hina frægu Hippodameiu frá
Písu af föður hennar. Hann kom nær gráu
hafinu einn í myrkru og kallaði á hinн
djúpómandi guð hins góða þriforks. Sá
birtist rétt við fætur hans. Hann sagði við
hann: Ef ástkarar gjafir Kýprisar geta
eitthvert þakklæti, Poseidon, heftu þá
eirspjót Önomáss, flyttu mig á
skjótustum vagna til Eliss og veittu mér
sigurvald. Því hann hefur drepið þrettán
biðla og frestar giftingu

Eftiróður 3

θυγατρός ὁ μέγας δὲ κίν-
δυνος ἄναλκιν οὐ φῶτα λαμβάνει. (81)
Θανεῖν δὲ οἶσται ἀνάγκα, τὰ κέ τις ἀνώνυμον
γῆρας ἐν σκότῳ καθήμενος ἔψοι μάταν,
ἀπάντων καλῶν ἄμμορος; ἀλλ’ ἐμοὶ
μὲν οὗτος ἄεθλος (84)
ὑποκείσεται· τὸ δὲ πρᾶξιν φύλαν δίδοι. ’ (85)
ῷς ἔννεπεν· οὐδὲ ἀκράντοις ἐφάγατο
ἔπεσι. τὸν μὲν ἀγάλλων θεός (86b)
ἔδωκεν δίφρον τε χρύσεον πτεροῖ· (87)
σίν τ’ ὀκάμαντας ἵππους. (87)

dóttur sinnar. Mikil hætta nær ekki
tökum á heigli. Fyrst sérhver verður að
deyja, hvers vegna ætti maður að soðna í
nafnlausri elli sitjandi í myrkru til
einskis, án hlutdeildar í öllu því sem er
göfugt? Mín skal þessi keppni verða.
Gefir þú að afrekið verði mitt. Þannig
talaði hann og ekki mælti hann orðin
tóm. Guðinn veitti honum heiður og gaf
gylltan vagn og óþreytandi vængjaða
hesta.

Þrettán ráðið biðlum hefir bana,
brúði faðir vill um hjúskap pretta,
ætla jeg mjær enga fyr en hana,
ef til þess vilt hjálparhönd mjær rjetta;
Stórum berra' er líf í haertu' að leggja
en liggja dáðlaus innan fjögra veggja».

Strófa 4

ελεν δ' Οινομάου βίαν παρθένον τε σύνευνον·
ετεκε λαγέτας ἐξ ἀρεταῖσι μεμαότας νιούς.
νῦν δ' ἐν αἴμακουρίαις (90)
ἀγλααῖσι μέμικται,
Ἀλφεοῦ πόρῳ κλιθεῖς,
τύμβον ἀμφίπολον ἔχων πολυξενω-
τάτῳ παρὰ βωμῷ· τὸ δὲ κλέος (93)
τηλόθεν δέδορκε τὸν Ὄλυμπιάδων ἐν δρόμοις
Πέλιος, ἵνα ταχντὰς ποδῶν ἐρίζεται (95)
ἀκμαὶ τ' ἴσχυνος θρασύπονοι·
οὐ νικῶν δὲ λοιπὸν ἀμφὶ βίοτον
ἔχει μελιτόεσσαν εὐδίαν

Hann yfirvann mótt Önomáss og kvæntist meyjunni. Hann gat sex syni, leiðtoga áfjáða í ágæti. Nú á hann hlutdeild í glæsilegum blóðfórum er hann hvílir hjá vaði Alfeoss og hefur tíðsóttan haug við stallinn sem gesti sópar að. Frægð Ólympíuleikanna skín úr fjarska í kappreiðum Pelops, þar sem keppt er í fráleika fóta og erfiðustu aflraunum. Það sem eftir varir lífsins nýtur sigurvegarinn hunangssætrar kyrrðar,

Andstrófa 4

ἀέθλων γ' ἔνεκεν· τὸ δ' αἰεὶ παράμερον ἐσλόν
ῦπατον ἔρχεται παντὶ βροτῶν. ἐμὲ δὲ στεφανῶσαι
(100)
κείνον ιππίῳ νόμῳ
Αιολῆι μολπᾷ
χρή· πέποιθα δὲ ξένον
μή τιν' ὄμφότερα καλῶν τε ἔδριν ἕϊ-
μα καὶ δύναμιν κυριώτερον (104)
τῶν γε νῦν κλυταῖσι δαιδαλωσέμεν νῦνων πτυχαῖς.
(105)
Θεος ἐπίτροπος ἐόν τεῖστι μήδεται
ἔχων τούτο κᾶδος, Ἱέρων,
μερίμναισιν· εἰ δὲ μὴ ταχὺ λίποι,
εἴτι γλυκυτέραν κεν ἔλπομαι

Skelfir jarðar skjótt brá við og ljéði skaflasnarpa sveini regin-hesta, Oinomási aldurtjón hann rjeði, unga sjer nam Pelops meyju festa. Enn í dag í Elis er hann blótinn, Alfeifs sjást á bökkum hauga mótin.

Ólympiskra frægðin fræknisleika frá þeim landnámsmanni tel jeg stafi. Látið er að sköpuðu þar skeika, á skeiði hver og glímu bezt að hafi. Mikill öllum þessi þykir sigur, þó er annar betri varanligur.

Híeróni hestadrápu' að kveða hjet jeg undir æolisku lagi; hinu fagra handgengnara, eða hagmæltara skáld að víkja bragi í föllin margbreytt, muntu varla finna meðal þeirra' er vitja húsa þinna.

alltént vegna keppni. En ávallt skipta
gæði hvers dags mestu fyrir alla dauðlega
menn. Mér ber að krýna þennan mann
með hestasöng undir æólsku lagi. Veit ég
vel að það er enginn gestgjafi bæði
kunnugur göfugum hlutum og tignari að
mætti nú um tíðir að skreyta með
rómuðum fellingum lofsöngva. Guðinn
sem er vörður þinn ígrundar og hefur í
huga væntingar þínar, Híeron. Ef hann
fer ekki skyndilega í burtu vonast ég til
enn sætari

Eftiróður

σὺν ἄρματι θοῷ κλεῖ· (110)
ξείν ἐπίκουφον εὐρόν ὁδὸν λόγων (110)
παρ' εὐδείελον ἐλθὼν Κρόνιον. ἐμοὶ μὲν ὅν
Μοῖσα καρτερώτατον βέλος ἀλκῆ τρέφει·
ἐν ἄλλοις δ' ἄλλοι μεγάλοι· τὸ δ' ἔ-
σχατον κορυφοῦται (113)
βασιλεῦσι. μηκέτι πάπταινε πόρσιον.
εἴη σέ τε τοῦτον ὑψοῦ χρόνον πατεῖν, (115)
ἐμέ τε τοσσάδε νικαφόροις (115b)
όμιλειν πρόφαντον σοφίᾳ καθ' Ἐλ- (116)
λανας ἔοντα παντῷ. (116)

sigur með snörum vagni að frægja, eftir
að hafa fundið gagnlegan veg orða þegar
ég kom að hinni sólríku Krónosshæð. Mér
velur nú sönggyðjan sterkasta skeytid til
að verjast: Aðrir eru miklir í öðru, en
tindarnir eru skipaðir kóngum. Leitaðu
ekki lengra. Megir þú fara hátt þennan
þinn tíma og megi ég umgangast
sigurvegara, svo mjög sem gefur,
víðfrægur af visku hvarvetna hjá
Grikkjum.

Til hærra sigurs hugur þinn mun standa,
heiti' eg á þig, guð ef slíkt þjer veitir:
að sama skapi skal jeg óðinn vanda.
Skálđið sjá þig mun frá Kronos's leiti
bruna fram í hvela jeli hörðu. –
Hver af sínu miklazt hjer á jörfðu.

Konunganna heiður þó er hæstur,
hærra líta maður enginn skyldi.
Sómi þinn og sigur verði aetzur! –
Sjálfum mér það eitt jeg kjósa vildi:
sigurglaðra flokk að fylla garpa;
fræg um Grikkland alt sje Pindars harpa!

Heimildir

- Ástráður Eysteinsson. 1996. *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Bundy, E.L. 1986 [1962]. *Studio Pindarica*. Berkeley: University of California Press.
- Burnett, A.P. 2008. *Pindar*. London: Bristol Classical Press.
- Clarence E. Glad. 2011. „Grísk-rómversk arfleifð, nýhúmanismi og mótu „íslen-skrar“ þjóðmenningar 1830–1918“, *Saga* 49/2: 53-99.
- Constantine, D. 1978. „Hölderlin's Pindar: The Language of Translation,“ *Modern Language Review* 73/4, 825-34.
- Finnur Jónsson. 1895. „Grímur Thomsen: Ljóðmæli,“ *Eimreiðin* 1: 156.
- Grímur Thomsen. 1880. *Ljóðmæli*. Reykjavík: Björn Jónsson og Snorri Pálsson.
- Grímur Thomsen. 1892. „Forngrísk kvæði,“ *Tímarit Hins íslenzka bókmenntafélags* 13, 276-80.
- Grímur Thomsen. 1895. *Ljóðmæli*: Nýtt safn. Kaupmannahöfn: Gyldental.
- Grímur Thomsen. 1897 og 1898. „Platon og Aristoteles. Tveir kapítular úr sögu heimspekkinnar,“ *Tímarit Hins íslenzka bókmenntafélags* 18 (1897), 1-29 og 19 (1898), 1-65.
- Grímur Thomsen. 1906. *Ljóðmæli*: Nýtt og gamalt. Jón Þorkelsson sá um útgáfuna. Reykjavík: s.n.
- Grímur Thomsen. 1906. *Rímur af Búa Andríðssyni*. Reykjavík: s.n.
- Grímur Thomsen. 1934. *Ljóðmæli*. Heildarútgáfa I-II. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson.
- Grímur Thomsen. 1969. *Ljóðmæli*. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning.
- Grímur Thomsen. 1975. Íslenzkar bókmenntir og heimsskoðun. Andrés Björnsson þýddi og gaf út. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Grímur Thomsen. 2013. „Tveir kapítular úr sögu heimspekkinnar: Platon og Aristoteles – Fyrri hluti: um Platon“, í Svarvar Hrafn Svavarson (ritstj.), Hugsæð með Platoni. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 15-34.
- Hamilton, J.T. 2003. *Soliciting Darness: Pindar, Obscurity, and the Classical Tradition*. Cambridge, Mass.: Harvard University Press.
- Jón Þorkelsson. 1934. „Grímur Thomsen,“ í Grímur Thomsen, *Ljóðmæli*. Heildarútgáfa I. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, XI-XLV.
- Heimir Þorleifsson (ritstj.) 1975. *Saga Reykjavíkurskóla* 1. bindi. Reykjavík: Sögufélagið.
- Kristján Árnason. 2004. „Þýðingar Gríms Thomsen úr grísku,“ Hið fagra er satt. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 410-27.
- Kristján Árnason (ritstj.) 2013. *Grikkland alla tíð*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2012. *Heimsborgari og þjóðskáld: Um þversagnakennt hlutverk Gríms Thomsen í íslenskri menningu*. Doktorsritgerð. Reykjavík: Hugvísindastofnun.

- Kristján Jóhann Jónsson. 2014. Grímur Thomsen: Þjóðerni, skáldskapur, þversagnir og vald. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Louth, C. 1998. Hölderlin and the Dynamics of Translation. Oxford: Legenda.
- Páll Valsson. 1996. „Rómantísk sögusýn og karlmennska,“ í Árni Ibsen o.fl. (ritstj.), Íslensk bókmenntasaga III. Reykjavík: Mál og menning, 348-58.
- Race, W.H. 2012 [1997]. Pindar: Olympian Odes; Pythian Odes. Loeb Classical Library. Cambridge, Mass.: Harvard University Press.
- Race, W.H. 1997, Pindar: Nemean Odes; Isthmian Odes; Fragments. Loeb Classical Library. Cambridge, Mass.: Harvard University Press.
- Schleiermacher, Fr. 2010, „Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir,“ Martin Ringmar þýddi. Jón á Bægisá 14: 5-29.
- Sigfús Blöndal. 1895. „Bókafregn,“ Sunnanfari 4/12: 90-92.
- Sigurður Nordal. 1934. „Grímur Thomsen,“ erindi flutt í Reykjavík á aldarafmæli skáldsins, 15. maí 1920, í Grímur Thomsen, Ljóðmæli. Heildarútgáfa II. Reykjavík: Snaebjörn Jónsson, V-XXVI.
- Sigurður Nordal. 1969. „Um útgáfuna,“ Grímur Thomsen, Ljóðmæli. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning, 40-50.
- Snell, B. og H. Maehler. 1987. Pindari Carmina cum fragmentis. Pars I: Epinicia. Leipzig: Teubner.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. Arfur og umþylting: Rannsókn á íslenskri rómantík. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían.
- Venuti, L. 1995. The Translator's Invisibility: A History of Translation. London: Routledge.
- Weissbort, D. og Ástráður Eysteinsson (ritstj.) 2006. Translation: Theory and Practice. Oxford: Oxford University Press.

ABSTRACT

Grímur Thomsen and Pindar's Foreignization

Grímur Thomsen's translations have usually been viewed as excellent examples of the domestication or adaptation of foreign poetry to Icelandic traditions and mentality. The originals have been regarded as all but a pretext for Thomsen's thoroughly Icelandic poetry. Such a view, however, disregards his translations of ancient Greek poetry, in particular the odes of Pindar. Famous for his obscurity, Pindar is arguably the most foreign of ancient Greek poets. Thomsen's translations were badly received and explained away as the eccentricities of a senile querulous of the times. In this article the argument is made that domestication played little or no role in Thomsen's translations of Pindar. The translator should rather be regarded as a champion of foreignization, through which he clearly intended to enrich Icelandic literature.

Keywords: Grímur Thomsen, Pindar, foreignization

ÚTDRÁTTUR

Grímur Thomsen og framandgerving Pindars

Kvæðaþýðingar Gríms Thomsen hafa frá fyrstu tíð þótt ágæt dæmi um staðfærslu eða aðlögun erlends skáldskapar að íslenskum hefðum og hugarfari, þar sem erlendu kvæðin séu nánast átylla rammís-lensks skáldskapar Gríms. Við þetta mat er hins vegar litið fram hjá þýðingum Gríms á forngrískum kveðskap, enda falla þær miður vel að þessu viðhorfi. Síðustu ár ævi sinnar þýddi Grímur mest úr forngrísku, ekki síst eftir drápuhöfundinn Pindar. Þetta myrka skáld var nánast framandleikinn holdi klæddur. Það kemur ekki á óvart að þessum þýðingum hafi snemma verið tekið fálega; kvæðin voru útskýrð sem sérviska gamalmennis sem þoldi illa samtíma sinn. Í greininni held ég því fram að Grími hafi ekki gengið til að staðfæra með þýðingum sínum á Pindar og öðrum forngrískum skáldum, heldur hampi hann framandleikanum og vilji þannig auðga íslenskar bókmenntir.

Lykilorð: Grímur Thomsen, Pindar, framandgerving

Fræðileg ritgerð

Kunst und Vandalismus im Zeichen der Moderne¹

In memoriam Uffe Hansen

1. Preludio

Gemeinhin versteht man unter Vandalismus die blindwütige Sachbeschädigung, im engeren Sinn das Zerstören von Kunstwerken und Kulturschätzen. Wie nun, wenn die ganze Menschheitsgeschichte mehr ein Zerstörungs- als ein Aufbauprozess gewesen wäre, so wie in Hermann Kasacks Roman *Die Stadt hinter dem Strom?* Hier, im allegorischen Jenseits, arbeiten zwei Fabriken gegeneinander; eine zerstört die würfelförmigen Kunststeine, welche die andere produziert, die andere produziert aus dem Schutt erneut Steine. Allmählich gewinnt die Zerstörung die Oberhand. Nach dieser Allegorie wäre die Weltgeschichte nichts als ein Prozess des Vandalismus. Ist es nicht tatsächlich an der Zeit, Geschichte so zu beschreiben? Nicht als Fortschritt, sondern als die zunehmende Zerstörung von Natur und die wahrscheinlich endgültige der menschlichen Zivilisation. Es fehlt jetzt nur noch ein Zünder, vergleichbar der Ermordung eines Erzherzogs irgendwo auf dem Balkan, um eine schlimmere Katastrophe als den Ersten Weltkrieg auszulösen. Und zwar einfach deswegen, weil die Menschheit sich der Entfaltung ihrer technischen Mittel nicht gewachsen zeigt.²

1 Für Kritik danke ich Ana-Stanca Tabarasi-Hoffmann, Carl Pietzcker, Armin Volkmar Wernsing, Lars Axel Petersen und Klaus Schulte.

2 Am 26. September 1983, verhinderte nur die Besonnenheit eines sowjetischen Offiziers, dass die menschliche Zivilisation in einem Atomkrieg unterging. Er führte den grundsätzlichen Befehl zum Gegenschlag nicht aus, als das Warnsystem fälschlich den Anflug amerikanischer Atomraketen meldete. Heute ist die Katastrophe wahrscheinlicher als damals im Kalten Krieg. Es geht nicht darum, die alte Geschichte der Untergangsszenarien fortzuschreiben. Die Tatsache, dass das Ende der menschlichen Zivilisation wahrscheinlicher ist als ihr Erhalt, können heute nur Traumtänzer und Dummheit leugnen. Sie werden befeuert durch das Machtinteresse herrschender Klassen, die globale Egoismen lehren, wo allein noch in globaler Solidarität vielleicht Rettung wäre.

Das macht gnostisches Denken wieder aktuell.³ Sobald die Welt nicht einfach da ist, wie bei den Denkern der Antike, sondern als Schöpfung gedacht wird, taucht die Frage nach der Herkunft des Bösen auf. Denn ein ebenso guter wie allmächtiger Gott hätte das Böse vermieden, statt es einfach als Mangel des Guten zu akzeptieren, als ein Stück Unvollkommenheit. Auf diesen Zweifel an einem guten Gott antwortet gnostisches Denken mit einem Dualismus, der, wie wir sehen werden, der Struktur künstlerischen Phantasierens entspricht. Es unterscheidet einen fremden Gott, gleichwohl Ursprung der menschlichen Seele, den reinen Geist, die reine Harmonie einerseits, vom unvollkommenen Schöpfergott, dem von Platon entlehnten Demiurgen andererseits. Das Christentum sucht dem laut Hans Blumenberg (*Die Legitimität der Neuzeit*, Teil 2) auf zweierlei Weise vergeblich zu begegnen. Zunächst, indem die von Augustin begründete Tradition die gnostische Antwort durch den Verweis auf die menschliche Erbsünde zu entwerten sucht: Der Mensch mit seinem *liberum arbitrium* trägt die Schuld am Bösen. Da er jedoch nur durch die Gnadenwahl davon befreit werden kann, ist der eine Gott und Schöpfer insgeheim doch wieder verantwortlich. Der zweite Versuch, die Gnosis zu überwinden, die Theodizee nämlich, wird mit dem Beginn der Neuzeit angestellt, wenn eine nur mehr pragmatische Vorsehung dem Menschen die Aufgabe überträgt, für die Vollendung der noch unfertigen Welt selbst zu sorgen. Mit dem Ende des Fortschrittsglaubens scheitert aber auch dieser Versuch. Heute ist der Mensch dabei, die Welt nicht zu vollenden, sondern zu zerstören.

Doch schon lange, bevor das Böse zum theologischen Problem wird, ist die Welt für den Menschen immerhin so bedrohlich, dass sie mythisch interpretiert werden muss. In diesem Sinn war und bleibt sie uns fremd. Wir sehen uns ihr gegenüber, zuerst als fremder Natur, dann als fremder, obgleich selbstgemachter Geschichte. „Fremde sind wir auf der Erde alle“, heißt die erste Zeile eines

³ Ich stütze mich dankbar auf die Hinweise meines verstorbenen Freundes Uffe Hansen. Von seinem reichen Wissen über die Gnosis hat er leider neben einem Vorwort zur dänischen Übersetzung von Kafkas Aphorismen (Franz Kafka, *Aforismer og andre efterladet skrifter*, Roskilde: Roskilde Bogcafé, 1999) nur einen Artikel in einem Sammelband hinterlassen (Uffe Hansen, »At læse Kafka«, in: *Kafka i syv sind*, hrsg. David Bugge, Søren R. Fauth, Ole Morsing, Kopenhagen: Anis, 2012, S. 9–48)

31 Werner Hofmanns These von der Wiederkehr mittelalterlicher Polyfokalität in neuer Form reicht vielleicht nicht aus, die Vielfalt der modernen Kunstformen unter einen Begriff zu bringen, sie zeigt aber deutlich das Ende des Mimetischen an. Vgl. Werner Hofmann, *Die Moderne im Rückspiegel. Hauptwege der Kunstgeschichte*, München: C. H. Beck, 1998.

verstärkt, aber das Subjekt, das darunter leidet, löst sich auf.³²

Auch die Beispiele, die vielleicht am deutlichsten das Ende der Kunst thematisieren, so etwa die Verhüllungen von Christo, zugleich ein Versuch, die Aura vor der Warenästhetik zu schützen, oder die hochreflektierte Malerei von Mark Tansey,³³ sind gerade kein Protest gegen die Kunst als solche mehr, sondern die künstlerische Darstellung ihrer Katastrophe. Durchaus eine Art von Ambivalenz. Die Erscheinungsformen der Verfremdung sind vielfältig. Hier nur einige wenige, beliebig herausgegriffene Beispiele. Eine Weiterführung Baudelaires lässt sich in Karen Blixens „Epiphanien des Nichts“ erkennen; hier erweist sich der Tod als der Ort der absoluten Fremde, an dem allein noch Identität gefunden wird.³⁴ Das Verschwinden des Menschen in der Technik zeigt der Film mit dem treffenden Titel *Modern Times* (1936), in dem Charlie Chaplin bis in seine Körperbewegungen hinein zum Abbild einer Maschine wird, auch wenn sein „ich-hafter Rest“, wie Günter Anders in der *Antiquiertheit des Menschen* sagt, den maschinellen Ablauf komisch stört. Wenn Bertolt Brecht mit seiner berühmten Verfremdungstechnik die Herrschaft der kapitalistischen Abstraktion hinter der zerstörten Zwischenmenschlichkeit erkennbar macht, wobei er Charaktere durch Exemplifiguren ersetzt, dann bleibt er unausweichlich stehen bei der Ambivalenz zwischen dem Guten, das erwünscht wird, und dem Schlimmen, das deswegen getan werden müsste. Wenn Anselm Kiefer nach dem Vorbild von Dubuffet, Fautrier u. a. seine Bilder mit wertlosen Materialien versieht, mit Erde, verbranntem Holz, Stroh, verblühten Rosen – im Gegensatz zu Mittelalter und früher Neuzeit, wo man die sinngebende Bedeutung des Dargestellten mit wertvollen Materialien unterstrich –, so zeigt er melancholisch, wie Krieg und Diktatur nicht nur den Menschen auslöschen, sondern auch seine Lebenswelt.

Die vielfachen Formen, in denen Verfremdung auf die Auslöschung

32 Der antihermeneutische Antihumanismus der Foucault und Kittler ähnelt dem mit seiner lustvollen Absage ans Subjekt. Es geht bei ihnen aber nicht unter in tödlicher Fremdheit, sondern es soll als Produkt von Diskursen oder gar von bloßen Datenströmen erklärbar werden: ein großartiger Sieg des Positivismus, dem der frühe Kittler noch absagen zu müssen meinte.

33 Vgl. Arthur C. Danto, *Mark Tansey: Visions and Revisions*, New York: Harry N. Abrams, 1992.

34 Wolf Wucherpfennig, «Weibliches Phantasieren und das innere Afrika: Karen Blixen», S. 310, in: *Ferne Heimat – Nahe Fremde. Bei Dichtern und Nachdenkern*, hrsg. von Eduard Beutner und Karlheinz Rossbacher, Würzburg: Königshausen & Neumann, 2008, S. 301–315.

des menschlichen Subjekts und seiner Welt antwortet, auch die Darstellungen des Menschen als eines bloßen Objekts von Analyse und Manipulation sind nicht überschaubar. Aber die Avantgarde kann einen Zielpunkt dieser Entwicklung erkennbar machen. Denn sie ersetzt nicht nur sinngebende Symbolik durch Verfremdung, sie führt auch neue, kunstfremde Gegenstände und Materialien ein. Von hier aus ist ein systematischer Blick auf das Verschwinden des Menschen in der modernen Kunst möglich, sofern man den anfassbaren Materialien die modernen Medien gegenüberstellt.

So lassen sich zwei scheinbar gegensätzliche Richtungen erkennen. Die eine treibt den Illusionismus, der sich mit der Renaissance durchgesetzt hat, auf die Spitze: Photo, Film und Fernsehen, insbesondere *Reality tv* und *Docu soap*, schließlich Videokunst, interaktive Medien und virtueller Raum lassen vom anfassbaren Material schließlich nur Photonen und Schallwellen übrig, während die Darstellung immer mehr zur Realität selbst wird, in die schließlich der Beobachter als Mithandelnder einbezogen wird. Die andere, scheinbar entgegengesetzte Richtung präsentiert immer nachdrücklicher kunstfremdes, zufälliges Material.³⁵ Das fängt spätestens mit Collage und *Ready made* an und führt zu „weichen“, spürbar vergänglichen Materialien, welche nicht mehr, *aere perennius*, zu Trägern dauernder geistiger Bedeutung taugen oder zu kurzzeitiger Landschaftskunst. Josef Beuys gebrauchte Filz und Fett, andere stellen ihren eigenen Körper aus.³⁶ Nach toten Tieren in Formaldehyd können schließlich, wie in der skandalösen Ausstellung *Körperwelten*,

³⁵ Einen Zugang zum Verständnis der modernen Kunst unterm Blickpunkt der kunstfremden Materialien bietet Monika Wagner, *Das Material der Kunst. Eine andere Geschichte der Moderne*, München: C. H. Beck, 2001.

³⁶ Auch bei Beuys geht es letztlich um den eigenen Körper: „Immer wieder und in zunehmender Rückbeziehung auf die eigene Kindheit agiert er mit Hilfe biographischer Materialien die Metamorphose des Körpers im Energiestrom fließender Wärme.“ (Wolf Wucherpennig: «Fremdheiten: Die erlebte Fremde, das konstruierte Fremde und die Entfremdung (H. C. Andersen, Joseph Beuys, Gustave Flaubert)», S. 190, in: *Fremde* (Freiburger literaturpsychologische Gespräche 21) 2002, S. 185-197).

anatomische Präparate menschlicher Körper als Kunst erscheinen.³⁷ Der Körper, nicht mehr Ausdruck des Geistes, sondern bloßer Gegenstand, wird mit sadomasochistischer Verachtung behandelt. Er verzehrt sich nicht mehr in der Arbeit an geistiger Vollkommenheit und Dauer, er wird vielmehr verbraucht, indem er als ein zu perfektionierender und zu konservierender Gegenstand bearbeitet wird.

Beide Richtungen kommen zum gleichen Ergebnis. Im Fall des Illusionismus löst sich der Signifikant im allgegenwärtigen Signifikat auf, im Fall der Materialpräsentation löst sich das Signifikat in der Materialität des Signifikanten auf. Vom Geistigen bleibt der überraschende, vielleicht provozierende Einfall, vom handwerklichen Schaffen in dem einen Extremfall das Bedienen eines Computerprogramms, im anderen das Vorzeigen von Fundstücken. In beiden Fällen ist dem transzendentierenden Symbol der Boden entzogen. Zusammen mit dem Subjekt verschwindet auch der subjektive, aber repräsentative Blickwinkel. Beide Richtungen haben also das gemeinsam, dass sie den Unterschied zwischen Signifikat und Signifikant aufheben, weil es keine Urbilder mehr gibt, die in Abbildern wiedererkennbar wären. Hier gibt es nicht mehr den Aufschwung aus der leidvollen Wirklichkeit in die schöne Form, der in den genannten Formen der Verfremdung und der Selbstthematisierung unmöglich Mimesis noch vorhanden ist, hier geht der Weg hinunter zu Reklame oder zur Faktizität des Todes.

Der Illusionismus ist auf einem wohl nicht mehr übersteigbaren Gipfel angelangt. Nachdem es heute möglich geworden ist, jeden beliebigen Videotext mit dem Bild und der Stimme jedes beliebigen Menschen hören und sehen zu lassen – die entsprechende Software heißt VoCo (oder Voco) und stammt von Adobe – ist die gesamte menschliche Wirklichkeit, soweit sie digital vermittelt ist – und das wird sie in zunehmendem Maß – nur noch ein Simulacrum, um den alten Begriff von Jean Baudrillard zu gebrauchen, ein Bild, das kei-

³⁷ Die Körper stammen offensichtlich von einem Plastinationsbetrieb in China, der seine Leichen auf Bestellung aus den Gefängnissen bezieht, wo man anscheinend vor allem Anhänger von Falun Gong hierfür bereit hält. Vgl. http://www.upholdjustice.org/sites/default/files/record/2012/236-236-en_report.pdf (Zugriff am 09.01.2017). Allgemein dienen Gefangene, vor allem Dissidenten und Falun Gong-Anhänger, als Lager lebender Organspender, praktisch als industrielles Rohmaterial. Dazu u.a.: <https://www.youtube.com/watch?v=mMytsQsCjH0> (Zugriff am 09.01.2017).

ne Realität abbildet, sondern im Reich der Bilder verbleibt, welches die Realität ersetzt. Nicht ist die Kunst als verändernde Kraft in der Realität aufgegangen, wie die Avantgarde es wollte, die Realität, und mit ihr der konkrete Mensch, gehen auf in der Kunst, in der sie vergleichgültigt werden. Dabei hört Kunst auf, Kunst zu sein, allerdings auf andere Weise, als die Avantgarde es wollte: Sie wird im Zeichen von Adobes Softwareprogramm zur jederzeit manipulierbaren Reklame. Sie wird zur entscheidenden Machttechnik im sogenannten postfaktuellen Zeitalter, in dem die Performance des Reality-TV Politik und Wissenschaft ablöst. Tatsächlich ist Reklame die neue Grundwissenschaft. Das zeigt sich etwa darin, dass zwei Philosophiedozenten der Universität Roskilde ihr Fach mit der Reklame für einen Pharmakonzern verwechseln, gar nicht zu reden von der Bedeutung der psychologisch durchdachten Reklame bei den Wahlentscheidungen für Brexit und Trump.

Und wie steht es mit der Materialpräsentation? Denken wir an Performance-Künstler wie Gina Pane oder Martina Abramovic und viele andere, die ihren eigenen Körper misshandeln oder ihn den aggressiven Handlungen der Zuschauer darbieten. Mit ihren Selbstgefährdungen nähern sie sich dem Tod, den Fische im Mixer oder die Anhänger des Falun Gong tatsächlich erleiden müssen. Während der Illusionismus, indem er Kunst in der Wirklichkeit auflöst, travestierend zur Avantgarde zurückkehrt, bestätigt die Materialpräsentation Baudelaires Wort, dass die letzte und höchste Neuheit der Tod ist. Allerdings darf diese Grenze nicht überschritten werden, soll der Markt nicht doch noch siegen, denn die plastinierten Leichen haben keinen geringen Handelswert.³⁸

In beiden Fällen geht es um das Ende des Menschen, das heute von pandemischer Dummheit eingeläutet wird. Doch die Künstler der Selbstzerstörung machen darauf aufmerksam, dass sie keine Maschinen sind, keine Sammlungen digitaler Informationen, sondern immer noch verletzbare Körper. Die Humanität dieses

³⁸ Man könnte argumentieren, dass die Kurzzeitigkeit der performativen Kunst sie der Vermarktung entzieht. Die Relikte eines Happenings von Beuys, im Museum aufbewahrt, könnten schon einmal von einer Putzfrau versehentlich entsorgt werden, weil sie, einmal von der Handlung abgelöst, nicht mehr als dauerhafte Kunstware erkennbar sind. Doch auch wenn Happenings keinen dauernden Warenwert haben – man kann höchstens ältere wiederholen –, so sind sie doch der Forderung des Marktes nach Überbietung unterworfen.

Vandalismus, die Selbstzerstörung, welche die Menschlichkeit bewahrt, nicht einen herrschenden Geist, sondern Verletzbarkeit, nicht die Aussicht auf ein sinnvolles Leben, sondern die auf den Tod, sie wird damit zur letzten Form, in der die Ambivalenz des Kunstwerks erscheint. Denn ist es nicht gerade unsere Endlichkeit, unsere verletzbare Körperlichkeit, die uns von der künstlichen Intelligenz unterscheidet, die heute nicht nur kleine Lieder produzieren kann, die von dem eingangs genannten nicht zu unterscheiden sind, die nicht nur helfen kann, Wahlen zu gewinnen, die Intelligenz, die uns an Umfang des Wissens und an der Fähigkeit zu seiner Kombination bald übertreffen wird, die nicht als vergängliche Person lebt, sondern als dauerndes System, das zwar lernen kann, dass wechselnde Formen seiner Hardware weggeworfen oder recycelt werden, das aber nicht so etwas wie Tod begreifen wird, nicht als die Instanz, die es ihm erst ermöglicht, seiner Existenz Sinn zu geben? Das zwar die Zeit messen, sie aber als seine Existenzbedingung nicht begreifen kann? Dem es deswegen auch nie gelingen wird, Kunstwerke zu schaffen, in denen der Tod alles in der Schwebe hält.³⁹ Vielleicht bekommt die von Joseph Beuys gerne vorgetragene Geschichte von seinem Absturz als Kampfflieger im Zweiten Weltkrieg, der ihn später zu seinen Happenings anregte, eine andere symbolische Bedeutung als die, an der er gedacht hatte. Nicht die Rettung durch einen Tartaren und die Pflege mit Salben, sondern der Absturz ist dann das Entscheidende. Das endgültige Bild dieses Kunstvandalismus gibt es freilich schon lange, es ist dasjenige des Gekreuzigten. Allerdings ohne Erlösung.

Coda: Das ultimative vandalistische Kunstwerk

Wäre die Erdkugel als eine Bombe, vielleicht angeregt von George Lucas (*Star Wars*). Der Untergang der menschlichen Zivilisation in Krieg und Umweltkatastrophen ist dagegen keine Kunst. Aber Kunst ist es, den Untergang der Erde zu beschreiben, wie er vom Mars aus erlebt wird, wenn man dort auf der abendlichen Veranda sitzt (Ray Bradbury: *The Martian Chronicles*).

³⁹ Wie Androide wirklich menschlich werden könnten, zeigt die Serie *Westworld*: durch Erinnerung an ihr Leiden.

Bagatellas: Kleiner Exkurs

Mit der Verselbständigung des Subjekts kommt es auch zur Verselbständigung der Ästhetik. Das heißt, dass die Affektrhetorik, die auf die Vermittlung religiös-moralischer Wahrheiten beschränkt ist, abgelöst wird von der Wissenschaft, die auf eine dem Schönen eigene Wahrheit zielt. Als solche Wissenschaft erhebt die Ästhetik einerseits Anspruch auf gesamtgesellschaftliche Geltung und damit auf Objektivität, während die allgemeinen metaphysischen Wahrheiten verloren gehen; andererseits ist sie Ausdruck der Subjektivität, während das Subjekt zugleich in fühlendes einerseits und lebenspraktisches bzw. logisch-wissenschaftlich denkendes andererseits auseinanderfällt. Dabei stellt sich das Problem des Geschmacksurteils, das im Riss zwischen dem privaten und dem repräsentativen Subjekt erwächst; es stellt sich die Frage, wie das Geschmacksurteil objektiv zu machen sei. Die prominentesten Antworten finden sich bei Hume, Shaftesbury und Kant. Doch schon in der französischen Klassik hat man Allgemeingültigkeit in der Diskussion der Urteile innerhalb einer gebildeten Elite gesucht.

Schiller hat auf radikale Weise auf die Geschmacksproblematik geantwortet, indem er Kants kategorischen Imperativ ästhetisierte und eine allgemeine Harmonie forderte, die sozusagen automatisch alle ethischen Konflikte löste. Das tut er durch eine philosophische Erweiterung des Spielbegriffs, der ansonsten in Europa an der Grenzfläche zwischen Adel und Bürgertum dazu gebraucht wurde, das Ideal einer die beiden Stände übergreifenden harmonischen Gesellschaft zu erarbeiten. (Vgl. Wolf Wucherpfennig: Europäische Klassiken. Zur Soziologie eines Ideals. – In: *Text & Kontext* 25.1-2 (2002), S. 7-32.) Dem grundsätzlichen Relativismus der Geschmacksästhetik, der auch durch die Versuche nicht auszurotten ist, das Geschmacksurteil in sozialer Übereinkunft zu begründen, steht die von gnostischem Denken beeinflusste Ästhetik gegenüber, die von der Romantik bis zur Frankfurter Schule reicht. Und, wie man bemerkt haben wird, auch in die hier vorgetragene ästhetische Theorie hinein.

In unseren Tagen hat man die Geschmacksdiskussion wieder aufgenommen, dabei jedoch die Versuche aufgegeben, durch soziale

Übereinkunft den Relativismus des Geschmacksurteils zu überwinden. Stattdessen hat man das Schöne politisch korrekt um das Reklameschöne und seine Sinneserregungen erweitert. Die politische Korrektheit besteht darin, dass der abwertende Begriff der Warenästhetik mit dem neuen Titel vermieden wird. Einige der Werke, auf die sich diese Theorie beruft, sind manchmal aber todesnäher und melancholischer, als es der Theorie lieb ist, ja sie gebrauchen das Reklameschöne, das gerne an der romantischen Kunsttradition schmarotzt, sogar als Beispiel für die Hässlichkeit der Welt. Jedenfalls bleibt das Geschmacksproblem auch hier wieder ohne Lösung, denn darüber hinaus, dass die emphatische Kunst uns als Gegenentwurf zur Wirklichkeit mit der Ambivalenz des Lebens versöhnt und den Herausforderungen ihrer Epoche mit den Mitteln ihrer Epoche begegnet, kann man nichts von ihr verlangen. Das allerdings muss man auch von ihr verlangen. Das Reklameschöne hingegen ist unter dem Titel Reklameschönes abzuhandeln, nicht unter dem Titel Kunst.

Pýðingar

Um höfundinn Carmen Lyra

Carmen Lyra er höfundarnafn Maríu Isabel Carvajal Quesada. Hún fæddist í höfuðborg Kostaríu, San José, árið 1887, en lést í útlegð í Mexíkó árið 1949.¹ Lyra lauk kennraprófi árið 1904 og lagði um árabil stund á barnakennslu í skólum og á barnadeild San Juan de Dios-spítalans. Hún lét snemma til sín taka á sviði stjórn- og félagsmála. Meðal annars barðist hún gegn Tinoco-einræðisstjórninni árið 1919 en þegar stjórnin fíll og Julio Acosta komst til valda var Lyra send til Evrópu til frekara náms í kennslufræðum við Sorbonne-hálskólann í París. Á meðan á þeirri dvöl stóð sótti hún Ítalíu og England heim, en snéri aftur til Kostaríku árið 1921.

Menntamál voru Carmen Lyra ætíð hugleikin og þá sérstaklega menntun fátækra barna og kvenna. Árið 1926 stofnaði hún til dæmis og stýrði skóla sem byggði á hugmyndafræði Montessori kenninganna, *Escuela Maternal Montessoriana*. Árið 1931 gekk hún í Kostaríkskum kommúnistaflokkinn og stofnaði í kjölfarið Verkalyðsfélag verkakvenna, *Sindicato Único de Mujeres Trabajadores*, og vann að stofnun samtaka kostaríkskra kennara. Síðustu ár ævi sinnar helgaði Carmen Lyra sig stjórnámum og vann sem blaðamaður. Þegar borgarastríðinu í Kostaríku lauk árið 1948 var hún rekin úr landi og leitaði hælis í Mexíkó, þá farin að heilsu. Ári síðar falaðist hún eftir því að flytja til baka en var synjað. Hún lést í Mexíkó í maí árið

1 Yfirlitið um Carmen Lyra er unnið upp úr eftirfarandi heimildum: *Guías Costa Rica: Información General e Histórica*: <http://guiascostarica.info/personajes/maria-isabel-carvajal-quesada-carmen-lyra/> og „Bibliografía selecta de la cuentística de escritoras centroamericanas“ eftir Willi O. Muñoz: <http://istmo.denison.edu/n18/proyectos/munoz.html> [Sótt 3/8/2016].

1949 en líkamsleifar hennar voru fluttar til Kostaríku skömmu síðar og jarðsettar í San José-borg.

Carmen Lyra hóf ritstörf ung að árum og fyrstu verk hennar birtust í blöðum og tímaritum ýmis konar. Hún skrifaði barnaleikritin *La niña Sol* (Stúlkan sem hét Sól) og *Había una vez* (Einu sinni var) en langþekktasta verk hennar *Cuentos de mi tía Panchita* (Sögur Panchitu frænku minnar) kom fyrst út árið 1920, en hefur oft verið gefið út síðan. Í Kostaríku hefur hún verið talin upphafshöfundur frásagnargerðar sem kennd er við félagslegt raunsæi eins og það birtist m.a. smásögunum “El Barrio Cothnejo Fishy” (Cothnejo Fishy-hverfið, 1923), “Siluetas de la Maternal” (Skuggamyndir úr Maternal-skólanum“, 1929) og “Bananos y hombres” (Bananar og menn, 1931/1933) en þessi verk færðu henni frægð í heimalandinu jafnt sem utan þess.²

Eftir Carmen Lyra liggur einnig skáldsagan *En una silla de ruedas* (Í hjólastól, 1917/1918) og fjöldinn allur af styttri sögum sem eftir hennar dag hafa verið gefnar út í safnútgáfum, sú síðasta *Narrativa de Carmen Lyra: Relatos escogidos* (Skáldverk Carmen Lyra: Úrvall sagna), kom út í Kostaríku árið 2011. Nokkrar smásagna Lyra hafa einnig ratað í safnrit erlendis s.s. í Salvador, Méxikó, og á Spáni.

Höfundaverk Carmenar Lyra ber vitni þeirri hugmyndafræði sem hún aðhylltist á hverjum tíma; fyrst áhrifum kristinnar trúar, svo hugmyndum anarkisma, þá hugmyndum gegn heimsvaldastefnu (s. *antiimperialismo*), og síðar hollustu við sósíalismu (s. *socialismo científico*) og stjórnmálahreyfinga verkamanna. Sé litið til sögu kostarískra kvenhöfunda er hún á meðal þeirra sem fyrst brutust út úr hefðbundnum ramma í skrifum sínum, sem kostaríski fræðimaðurinn Magda Zavala bendir á að í tilviki Lyra hafi ráðist af andsöðu hennar gegn ríkjandi viðhorfum í íhaldssömu bændasamfélagi heimalandins. Zavala ítrekar að það að gera þá andstöðu opinbera hafi verið óalengt af hálfu kvenna í Kostaríku á fyrri hluta tuttugustu aldar og ekki hvað síst úr þeirri þjóðfélagsstöðu sem Lyra tilheyrði.³

2 Iván Molina Jiménez (2002). „Un pasado comunista por recuperar: Carmen Lyra y Carlos Luis Fallas en la década de 1930“: http://www.helsinki.fi/aluejakulttuurintukimus/turkimus/xaman/articulos/2002_01/molina.html [Sótt 2/8/2016].

3 Zavala, Magda (2009). „El cuento que desafía: Las narradoras costarricenses y el gesto de ruptura“, bls. 95-117, í CENTROAMERICANA 16, Direttore: Dante Liano, Milano, Italy, Útg: Cattedra di Lingua e Letterature Ispanoamericane, Università Cattolica del Sacro Cuore, 2009. <http://www.educatt.it/libri/ebooks/A-00000243.pdf> [Sótt 3/8/2016].

Stefanía¹

Á óendanlegri og eyðilegri ströndinni sem liggar á milli Skjaldböku- og Rauðasandsstrandar, göngum við fram á óheflaðan timburkross. Hann hefur einhvern tíma verið máláður svartur, en er nú nánast aflitaður. Á örmum krossins má sjá útskorið nafn, og mögulega fyrsta staf eftirnafns sem brátt mun þó mást út með öllu. Stefanía R... Mögulega Rojas, kannski Ramírez eða Ramos.

Við höfðum gengið lengi án þess að koma auga á neitt sem stakk í stúf við einsleitt umhverfið: himinn og haf til hægri, sandströndin svo langt sem augað eygði og til vinstri gróðurbelti *Icaco*-trjáa, möndlutrjáa og pálmatrjáa. Degi hallaði í þrúgandi kyrrð. Brátt hyrfi krossinn sem hafði skorðast niður í sandinn í húminu, með útbreidda armana frammi fyrir endalausum blámanum. Hafið hafði borið hana hingað.

Stefanía ...

Hvernig kona var það sem bar þetta nafn?

Röð skyggnimynda af konum birtist mér fyrir hugskotsjónum. Konum eins og þeim sem finna má í þessum strandhéraðum og á bananaplantekrum svæðisins; konum sem eru bakaðar af sólinni. Ástríðu- og kynþokkafullar birtust þær mér fyrir sjónum, ástleitnar og saklaysislega einlægar líkt og dýrin. Ímynd einnar tiltekinnar stendur þó uppúr. Skyldi hún hafa heitið Stefanía? Nafn hennar hefur horfið úr minningunni. Andltið sem dökkur þríhyrningur, umvafið óstýrilátu hári; hvítan í augunum og tennurnar skjanna-hvítar; berir gerðarlegir fætur og langir sterklegir handleggir.

1 Á frummálinu ber sagan titilinn „Estefanía“. Hún hefur birst í tveimur smásagnasöfnum, fyrst í *Antología del cuento centroamericano* (Safn miðamerískra smásagna, 1973), sem Sergio Ramírez ritstýrði, og síðar í *Narradoras costarricenses: Antología de cuentos* (Kostarískar skáldkonur: Smásagnasafn, 2006) sem Willy O. Muñoz ritstýrði. Frumtextinn er fengin úr síðara safninu.

Hvernig stóð á því að hún kom á bananaplantekruna sem kennd er við Reventazón á Parísmínasléttunnni? Lífið hafði borið hana þangað fótgangandi frá Guanacaste-héraði. Mig minnir að dómarinn í Santa Cruz hafi getið henni barn þegar hún var rétt skriðin á kynþroskaaldur. Hann varð seinna hæstvirtur dómarí við Héraðsdómstólinn. Að sjálfsögðu kannaðist þessi mikilsmetni herramaður ekkert við þetta ómerkilega ævintýri síðar. Hún skildi barnið eftir á fyrsta burðuga heimilinu sem hún fann og hélt fótgangandi áfram leið sinni um lífið. Síðan kom annar, hún mundi ekki nafn hans, og hann skildi hana eftir með barni. Aftur flæmdist hún í burtu og flæktist milli staða. ... Það fæddist stúlka. Hún var eins og sprekin sem berast með straumþungum ánum. Lífið skildi hana yfirgefna eftir með stúlkubarn á bananaplantekru við Atlantshafið. Þannig hélt hún áfram, frá plantekru til plantekru, í dag með einum, á morgun með öðrum. Allt þar til hún hitti eiganda kaupfélags á svæðinu, kínverskan karl, sem þurfti líka að eiga við hana. Og alltaf límdi stúlkubarnið sig við hana eins og trjásveppur á brotinni grein.

Eitt sinn tók hún upp sambúð með manni frá Hondúras og fór með honum á enn aðra plantekru þar sem einungis einhleypum karlmönnum var leyft að búa. Hinir vinnumennirnir á staðnum voru allir frá Níkaragva. Stúlkan var eina konan sem þarna dvaldi. Eina nóttina söfnuðust níkaragvarnir saman og réðust á hús þess hondúrskar. Markmiðið var að ná af honum konunni. Þeir börðu hann og gerðu það sem þá lysti við hana. Ekki er vitað hvernig þeir tóku ekki eftir litlu stúlkunni hennar, sem þá var líklega þriggja ára gömul. Á plantekrunni þar sem ég kynntist henni vann hún sem eldabuska. Hún var hundtrygg syni búgarðseigandans, einhleypum myndarlegum og vingjarnlegum pilti. Hún hefði fórnað lífi sínu fyrir hann. Pilturinn kom mánaðarlega á búgarðinn til þess að athuga stöðu uppskerunnar. Þessar heimsóknir glöddu stúlkuna óumræðilega. Hún ljómaði eins og dýrlingur sem sér engil stíga niður af himnum þegar hann birtist. Fyrir hann þoldi hún barsmíðar af hendi drukkins verkstjóra búgarðsins, líkt og dóttir hennar og hundsræksnið. Fyrir hann, gætti hún þess að ekki hyrfi fimmeyringur úr búinu, né svo mikið sem stakt egg, eða sprek úr

eldiviðastaflanum. Á sama tíma nýttist ágóði búgarðsins fyrir árgjaldi piltsins og föður hans að landssamtökum landeigenda og einnig því að frúin, sem þjáðist af þrálátu líkþorni og skakkri stórutá, þyrfti aldrei að stíga út úr bílnum. Ágóðinn dugði einnig fyrir því að dóttirin klæddist samkvæmt nýjustu tísku og kæmst árlega til Evrópu og Bandaríkjanna til að kaupa sér nýja kjóla og fallegri undirföt – nokkuð sem fyllti bestu vinkonur hennar mikilli öfund.

Hún þjónaði þarna í nokkur ár en þegar hún sýktist af malaríu ómakaði sig enginn. Henni var gert að hverfa á brott með dóttur sína og annað hafurtask á sjúkrahúsið San Juan de Dios. Hver veit hvernig fór með stúlkubarnið á þessum tíma ... því að ég held að á sjúkrastofnuninni hafi henni ekki verið hleypt inn með barnið með sér. Einhleypi pilturinn, sonur eigandans, mundi ekki einu sinni eftir henni. Hvað þá frúin með skökku tána og dóttir hennar. Þau hunsuðu tilveru hennar með öllu. Konunnar sem unni sér ekki hvíldar til þess að hvorki hyrfu egg né önnur gæði, hennar sem tryggði rekstur búgarðsins, utanlandsferðir og tískufatnað á ungfrúna.

Í síðasta skiptið sem ég sá hana var hún enn á leið á sjúkrahúsið, með einni af vörulestunum frá þorpinu Siquirres. Vagninn var þétt setinn blökkumönnum sem hlógu glaðlega, þeldökkum konum sem klæddust litríkum pilsum og göspruðu eins og páfagaukar, lágmæltum níkaragvabúum og kínverjum. Stúlkuanginn hélt sig þétt upp við hana eins og ávallt, nú skorpin eins og gömul kona og svo alvörugefín að menn spurðu sig hvort bros hefði einhvern tíma leikið um varir hennar. Það var átakanlegt að sjá þennan anga hennar. Augun voru hvöss eins og smávölur og munnurinn þurr eins og moldarbarð þar sem aldrei rignir. Móðirin klæddist ljósbláu og dóttirin gulur. Það glitraði á efnin. Hvers vegna skildu þær vera spariklæddar? Í mannþrónginni birtust lífssorgir konunnar sem sársaukafullur fáránleiki.

Hverjum hefði komið til hugar að þessi kona væri einungis 25 ára? Hún var svo horuð að það var eins og hún nagaði á sér kinnarnar; á djúpsvartri húðinni speglaðist gulleit augnhvítan og á kinnbeinum hennar, viðbeinum og olnbogum strekktist húðin á beinunum. Þegar hún talaði blasti tannlaus flekkóttur gómurinn

við. Tennurnar sem eitt sinn höfðu verið svo hvítar og fallegar höfðu smám saman tapað tölunni, rétt eins og þegar barnshönd plokkar blöðin af sóllilju.

Þegar hún kom á áfangastað, staulaðist hún niður úr vagninum og studdist við dóttur sína. Hún reikaði um meðal fólksins sem beið þess að stíga upp á aðra vagna. Hún svipaðist um eftir sæti ásamt með hinum ferðalöngunum á vögnunum sem flytja ávexti og annan varning milli plantekranna eftir brautarteinunum. Hvert skildi hún vera að fara? Hún settist niður með dóttur sinni á milli stafla af sekkjum og kössum. Það sást að hún átti erfitt með andardrátt. Það er ekki ólíklegt að hún hafi verið með berkla.

Múldýrasmalinn lét hvína í svipunni og klárinn drattaðist af stað og dró farartækið eftir teinunum. Í fjarskanum, þegar vagninn fjarlægðist, mátti sjá skærliða þústina þar sem mæðgurnar sátu. Ef til vill voru þær enn á ný á leið á einhverja bananaplantekru.

Úr hvaða látlusa kirkjugarði, með sínum tilhyrandi hreysum, ætli krossinn hafi komið?

Hvaða árfarvegur eða öldur höfðu borið hann með sér?

Stefanía R... Ein þeirra mörgu kvenna sem komið hafa og farið um bananaplantekurnar.

Fyrir aftan okkur var krossinn skorðaður í sandinn, armarnir útbreiddir móti opnum óendanleika hfsins í ljósaskiptunum. Dagur var að kvöldi kominn.

Pýð. Hólmfríður Garðarsdóttir

Um Doru Alonso

Dora Alonso, rithöfundur, ljóðskáld og leikritahöfundur, fæddist í Recreo, Matanzas-sýslu, árið 1910. Hún var af spænsku og kúbönsku bergi brotin, dóttir almúgahjónanna Davids Alonso Fernández, frá Asturias-héraði á Norður-Spáni, og Adelu Pérez de Corcho Rodríguez, frá Guamatas, suðaustur af Varadero á Kúbu.

Snemma á ævinni tók hugur hennar að hneigjast til skrifta. Í endurminningum sínum segir Dora Alonso að á unga aldri hafi hún velt fyrir sér að hún „gæti orðið, vildi verða, ætlaði að verða rit höfundur“. Hún nefnir jafnframt að hún hafi verið byrjuð að yrkja áður en hún lærði að skrifa.¹ Árið 1919, þá níu ára gömul, vann hún til fyrstu verðlauna í bókmenntasamkeppni heima í héraði. Hún var rétt sextán ára þegar fyrsta ljóðið hennar, Amor, birtist í dagblaðinu *El Mundo*. Í kjölfarið fylgdu sögur, leikrit og ljóð, og ótal sögur fyrir börn.

Þótt Dora Alonso sé öllu fremur þekkt fyrir barnabækur sínar og -leikrit þá skrifaði hún smásögur og skáldverk í raunsæisanda og á samfélagslegum nótum. Einnig hefur hún sent frá sér furðusögur auk verka sem voru samin fyrir útvarp.² Þá hefur hún enn fremur skrifað greinar og fréttir fyrir dagblöð. Árið 1933 starfaði hún til að mynda hjá fréttablaðinu *Prensa libre* í borginni Cárdenas, og á byltingarárunum var hún fréttaritari fyrir *Bohemia* í Havana og

-
- 1 Rafael, Luis, „Dora Alonso, un clásico de la literatura para niños“, *El rinconete* 2006 http://cvc.cervantes.es/el_rinconete/anteriores/octubre_06/23102006_01.htm [sótt 25. desember 2016]. Llorach, Esteban (ritstj.), „Dora Alonso. Su vida, su obra“, *Cuba literaria* [án ártals] http://www.cubaliteraria.com/autor/dora_alonso [sótt 25. desember 2016].
 - 2 Erla Erlendsdóttir, „Smásagan á Kúbu á 20. öld“ í Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir (ritstj.), *Svo fagurgrænar og frjósamar. Smásögur frá Kúbu, Dóminíkska lýðveldinu og Púertó Ríkó*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 29-45, hér bls. 32.

skrifaði þá m.a. um Svínaflóainnrasina (1961), baráttuna í Sierra Maestra-fjöllunum og í borginni Santiago de Cuba. Nokkrar frásagnir hennar frá þessum tíma komu út í heftinu *El año 61* (Árið 1961).

Smásögur Doru Alonso birtust víða í tímaritum og blöðum á árunum fyrir byltinguna á Kúbu en var fyrst safnað á bók eftir byltinguna. Árið 1970 sendi Dora Alonso frá sér smásagnasafnið *Ellefu bestar* og sex árum síðar var safnið *Smásögur* gefið út. Stuttu seinna kom út úrvall smásagna hennar titlað *Una* (1977) og *Drottningin á leik* birtist 1989. Almennt má segja að smásögur Doru Alonso séu einfaldar og tilfinningaríkar. „Þær flytja oft siðrænan boðskap, viðurkenndan sannleika eða hagnýta lífsreynslu þar sem skyggnst er í innstu sálarkima persónanna“.³

Sagan sem hér kemur fyrir sjónir lesenda heitir „Una“ á frummalinu og var gefin út í safnriti með sama titli árið 1977 ásamt fleiri þekktum sögum Doru Alonso. Nefna má að í þessu riti eru sögurnar „Soffía og engillinn“ og „Ellefu hestar“ sem komu út í íslenskri þýðingu árið 2008 og 2009.⁴

Dora Alonso hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín, meðal annars Premio Nacional de Novela-verðlaunin árið 1944 fyrir skáldsöguna *Tierra adentro* (Varnarlaus jörð), Hernández Catásmásagnaverðlaunin árið 1947 og í tvígang hefur hún fengið bókmennaverðlaun Casa de las Américas (1961 og 1986). Hún fékk kúbönsku Þjóðarbókmenntaverðlaunin 1988, æðstu verðlaun sem rifhöfundi hlotnast á Kúbu.⁵ Hún lést árið 2001 níræð að aldri.

DORA ALONSO

-
- 3 Erla Erlendsdóttir sama rit, bls. 32. Sanz, E. (ritstj.), *Historia de la literatura cubana II. La literatura cubana entre 189 y 1958. La República*. Instituto de Literatura y Lingüística «José Antonio Poruondo Valdor», La Habana: Editorial Letras Cubanias, 2003, bls. 455, 476–477
- 4 Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir (ritstj.), *Svo fagurgrænar og frjósamar. Smásögur frá Kúbu, Dóminíkska lýðveldinu og Puerto Ríkó*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008.
Kristín Guðrún Jónsdóttir (ritstj.), *Raddir frá Kúbu. Smásögur kúbanskra kvenna*, Reykjavík: SVF og Háskólaútgáfan, 2009.
- 5 Campuzano, Luisa, „Skáldkonur frá Kúbu“ í Kristín Guðrún Jónsdóttir (ritstj.): *Raddir frá Kúbu. Smásögur kúbanskra kvenna*, Reykjavík: SVF og Háskólaútgáfan, 2009, bls. 11–23.

Gamla konan

Oft velti ég fyrir mér í hverju æðruleysi og styrkur væri fólgíð. Það var bara einu sinni sem mér fannst ég fá svar við spurningu minni. Það var gamla konan sem opnaði augu mín (kona sem mun deyja eins og hún lifði: nafnlaus og hokin eftir tilbreytingarlaust líf). Ég sé fyrir mér hvítar hærur hennar, tárvot augun. Klukkan var um hálf sjö að morgni.

Frá útfararstofanni og heim til hennar var drjúgur spölur. Ég ók þá leið í dagrenningu. Inni í látlausri kapellunni stóð grá platínumskreytt líkkistan, fjórir stórir gylltir kertastjakar og ljósastikur. Dýrlingamynd trónaði uppi á vegg fyrir ofan kistuna. Við vegginn var röð af klappstólum og fjórir armstólar. Í salnum hittust börn hins látna, útfararstjórarnir og maður frá blómabúðinni, þétholda og flóttalegur náungi með kónganef.

Það var kalt og þokumistur grúfði yfir öllu. Í götunni, þar sem útfararstofan var til húsa, hékk stórt auglýsingaskilti til að vísa svartklæddum viðskiptavinum veginn; hún var vita mannlaus. Einungis barst skarkali frá bakaranum sem ók vélknúnum vagni sínum yfir götuna.

Við stigum inn í leigubíl og ókum beint heim til hennar: gömlu konunnar sem myndi beygja af við andlátsfréttina; þótt ekkert væri jafn eðlilegt og náttúrulegt og fráfall gamla mannsins.

Á leiðinni til hversfisins í útjaðri bæjarins var margs að minnast. Ég minntist þess helst að maðurinn sem nú var láttinn og konan, sem við myndum færa dánarfregnina, höfðu deilt kjörum í rúm fimmtíu ár. Og það er of langur tími til þess ekkert bresti þegar leiðir skilja.

Ég minntist þess liðna. Henni féll aldrei verk úr hendi. Jú, stundum þegar hún fæddi enn eitt barnið en þungunin gerði það að

verkum að hún virtist lágvaxnari og þybbnari en hún var í raun og veru. Sótug og fitug svuntan lá yfir ófæddum króganum; yfir freknóttu enninu lágu hárlokkarnir límdir við hörundið sökum hitans sem steig upp frá eldavélinni.

Við minntumst hennar tutla ylvolga mjólk úr spena handa sóttveiku barni. Við minntumst hennar úti í hellirigningu með strigapoka til að skýla sér og könnu sem hún hélt undir handleggnum. Við minntumst hennar líka á tunglskinsbjartri og kyrrlátri nóttru í fylgd eigin skugga. Þessar minningar tengdust jafnan iðjusemi hennar. Hvern einasta morgun beið hennar þvottabali með blautum þvotti undir ávaxtatrénu. Við sáum fyrir okkur ákaft andlitið, hendur hennar, brotnar neglurnar og sáustykkid. Hún raulaði fyrir munni sér sönglög frá þeim tíma sem hún var trúlofuð, rakti þau upp í vindinn í stóra rykuga húsagarðinum en þar lágu dósir á víð og dreif á milli njólanna sem undust upp og tóku á sig margskonar kynjamyn dir þegar þeir þornuðu. Sami lagstúfur og hún raulaði við vinnu sína svæfði börnin þegar degi tók að halla. Hún var aldrei sorgmædd. Hún var aldrei leið. Iðjusemin og lundin góð einkenndu hana.

Í öllu annríkinu uxu börnin úr grasi. Hvert á sinn hátt. Þau ólust upp við fábrotnar aðstæður. Allt varð þetta gott fólk. Og barni sem fæddist ófullkomið og þjáðist í lifanda lífi óskaði móðirin lausnar og blesstaði andlát þess þegar hún veitti því nábjargirnar af stakri alúð. Eitt árið svipti elsti sonurinn sig lífi og hún sagði nokkuð sem fáir skildu. Eitthvað í þá veru að hann hefði verið í fullum rétti að hafna því sem hann kærði sig ekkert um. Hún krafðist einskis fyrir að hafa borið og barnfætt hann í þennan heim.

Meðan bíllinn þokaðist í gegnum borgina, endurtókum við í sífellu að væntumþykja hennar hefði verið skilyrðislaus og einskær, látlaus og traust. Hún var sem klettur við hlið eiginmanns síns, tókst á við hann í tíma og ótíma, eða faðmaði af öllum lífs og sálar kröftum. Frá fyrsta faðmlaginu voru nú liðin fimmtíu ár. Það var komið að leiðarlokum.

Klukkan var korter gengin í sjö. Morgunbirtan þrengdi sér inn í auð strætin. Agnarsmá sólin dróst upp yfir þakskeggin og ómur af hanagali barst um hverfið. Syfjulegur kaupmaður opnaði búðarholu sína. Í kyrru strætinu endurómaði hávær geispi hans. Á bak við

gildvaxinn kaupmanninn glitti í þroskaða brúnleita ananasávexti og kassa fulla af rótarhnýði.

Ferðinni lauk fyrir framan stóran og mikinn innganginn að þögulu og lokuðu húsínu. Í einni andrá sáum við fyrir okkur stóra gamla lykilinn og án þess að vita af hverju tengdum við allt saman við löngu gleymdan drauginn í spiladósinni forðum. Ég fékk mig ekki til þess að knýja dyra þótt ég héldi um dyrahamarinn, fallega bronshönd. Ég óttaðist aðra hönd, vinnulúna og æðabera; hönd sem skartaði giftingarhring sem tengdist nú dauðanum. Þessi sama hönd myndi ljúka upp fyrir mér dyrunum. Það þyrmði yfir mig. Ég var boðberi sorglegra tíðinda. Ég óskaði heitt og innilega að enginn heyrði til mína, að enginn kæmi til dyra, að enginn tæki á móti mér. Ég verð að viðurkenna að ég lokaði augunum þegar ég lyfti loks dyrahamarinum. Holt höggið hljómaði innan úr húsínu og raskaði ró fuglanna í húsagarðinum. Appelsínutréð var þéttsetið spörfuglum. Í rökkrinu í kyrrlátri stofunni mótaði vart fyrir bogadregnum fjólulituðum, hvítum og bláum gluggunum.

Ómur af hröðu fótataki barst að innan og nálgaðist óðfluga dyrnar þar sem ég stóð kvíðin. Slagbrandinum var rennt frá og dyrnar opnaðust. Hún birtisti í gættinni: hárið, svo hvít, svo skjannahvítt; bómullarkjóllinn, svartir reimaðir skórnir. Og augun, úr þeim skein þessi viðkvæmi fölvi, þetta tregafulla augnaráð þeirra öldruðu. Augu hennar horfðu spryrjandi á mig. Ég virti hana þögul fyrir mér, svo smáa og svo varnarlaus að mér varð orða vant. Hvernig átti ég að koma orðum að því sem ég vildi segja.

Það var hún sem tók fyrst til máls:

- Karl? – sagði hún svo lágt að vart heyrðist.

Ég svaraði með því að hneigja höfuðið. Þá gekk hún inn í húsagarðinn prýddan blómum sem höfðu sprungið út í skjóli nýs dags, og þvert yfir hann undir marglita upplýsta rósagluggana sem vörpuðu á hana fjólulitaðri og bláleitri birtu. Hún hallaði sér eitt andartak upp að appelsínutrénu; andvarpaði þungan. Og þarna ...

- Hann var lífsförunautur minn og gat mér sex góð börn. Ég er honum svo þakklát! – sagði hún með erfiðismunum. Hún grét hljóðlega. Ég sa tárin renna niður vanga hennar ... við svo búið gekk hún inn í eldhúsið til að hella á könnuna.

Þýð. Erla Erlendsdóttir

Nokkur orð um esseyjur (*Essais*) Michels de Montaigne

Michel Eyquem de Montaigne fæddist árið 1533. Hann var sonur Pierre, Seigneur de Montaigne, og konu hans Antoinette de Louppes. Eitt af því sem einkenndi æsku Montaignes var áhugi foreldra hans á að láta hann læra erlend tungumál frá unga aldri og fyrstu árin var eingöngu tölzuð latína við barnið. Fleiri tungumál bættust svo við, ásamt frönskunni. Montaigne lagði stund á lögfræði og starfaði meðal annars sem bæjarstjóri í Bordeaux. Hann hóf ritun verksins *Essais* árið 1571 og kom fyrsta gerð þess út árið 1580. Þar var að finna two fyrstu hluta esseyjanna en verkið var endurútgefíð árið 1588, í endurskoðaðri gerð, ásamt þriðja hluta. Montaigne lést árið 1592 en þá vann hann enn að endurskoðun esseyjanna sem komu út í lokagerð 1595.

Hér er þýdd XX. esseyja 1. bindis sem ber heitið *Que philosopher, c'est apprendre à mourir* eða „Að iðka heimspeki er ígildi þess að læra að deyja“. Verkið *Essais* er eitt af þekktustu bókmennntaverkum 16. aldar og eitt af fyrstu verkum bókmennntasögunnar þar sem höfundur fjallar um sjálfan sig þótt ekki sé um hefðbundna sjálfssævisögu að ræða. „Ég sjálfur er efniviður bókar minnar,“ segir höfundurinn í upphafi verksins og í því fjallar Montaigne um reynslu sína og hugsanir sem hann setur í samhengi við samtíma sinn og fornöld, sem var honum mjög hugleikin og nálæg, eins og fleiri menntamönnum endurreisnartímans. Aðeins ein þýðing á verkum Montaigne er til á íslensku og kom hún út hjá tímaritinu *Milli mála* árið 2013.

Texti Montaignes er á margan hátt dæmigerður fyrir ritmál 16. aldar í Frakklandi en einnig afar persónulegur. Setningar eru iðulega langar og flóknar og reyna talsvert á sveigjanleika íslenskunnar. Hér mun þýðandi reyna að halda nokkuð fast í stíl og setningaskipan höfundarins en um leið gera textann eins aðgengilegan og hægt er á íslensku. Í sumum útgáfum tíðkast að merkja inn viðbætur og breytingar Montaignes í textana þannig að sjá megi hvernig þeir þróuðust og breyttust í hugsun hans með hverri endurútgáfu. Í þýðingunni sem á eftir kemur hafa slík merki verið felld út til að textinn verði samfelldur og auðlesnari. Benda má á, til merkis um stöðug heilabrot Montaignes, að hann átti eftir að skipta um skoðun varðandi heimspekilegar forsendur þessarar esseyju eins og fram kemur í esseyjunni „Um reynslu“ sem er að finna í þriðja hluta verksins (III, 13) og er jafnframt síðasti kafli þess. Þar lýkur leit Montaignes og þar setur hann fram jákvæðari sýn á lífið en hér¹

1 Um Michel de Montaigne má lesa í grein undirritaðrar „Sjálfsmýnd og villimenn nýja heimsins“, *Milli mála* 5/2013, bls. 177–195 og þar er einnig að finna íslenska þýðingu á esseyunni „Af mannum“-, bls. 317–330.

Að iðka heimspeki er ígildi þess að læra að deyja¹

Cicero segir að það að iðka heimspeki sé ekki annað en að undirbúa dauða sinn.² Það er vegna þess að lærðómur og ígrundun draga á vissan hátt sálina úr líkamanum og halda henni upptekinni utan hans, sem er eins konar undirbúningur og æfing fyrir dauðann; eða þá vegna þess að öll viska og veraldlegt hjal ákveða loks að kenna okkur að óttast ekki dauðann. Satt að segja hlýtur skynsemin annaðhvort að draga dár að okkur eða stefna að því að gera okkur ánægð, og öll vinna hennar hafa það að leiðarljósi að gera líf okkar gott og þægilegt, eins og segir í hinni heilögu ritningu.³ Allir deila þeirri skoðun að ánægja sé markmið okkar þótt margar leiðir liggi þang-að; ella myndum við skella við þeim skollaeyrum, því hver hlustar á rödd sem hefði í hyggju að valda okkur þjáningu og leiða?

Deilur heimspekiskólanna um þetta efni snúast um orð. „*Transcurramus solertissimas nugas.*”⁴ Þar er að finna meiri þrjosku og hártoganir en særir svo virðulegri starfsgrein. En einu gildir hvaða persónu maðurinn leikur því hann leikur ætið sitt eigið hlutverk.

1 Hér er einkum stuðst við útgáfu Alberts Thibaudet og Maurice Rat: Montaigne, *Oeuvres complètes*, París, Gallimard, 1962 en ensk þýðing M. A. Screech er höð til hlíðsjónar: Michel de Montaigne, *The Complete Essays*, London, Penguin Classics, 2003. Tilvísanir í þau fornu rit sem Montaigne studdist við eru alla jafna fengnar úr frönsku útgáfunni og hafa skal í huga að þær eru ekki alltaf í samræmi við þær útgáfur fornra texta sem nú eru til. Þýðandi hefur sjálfur snarað latneskum textum nema annað sé tekið fram. Geir P. Þórarinssyni er færðar þakkir fyrir vandaðan yfirlestur á latneskum textum og þýðingum.

2 Cicero, *Tusculanae disputationes*, I, 30: „Öll ævi heimspekinga, eins og Sókrates segir, er hugleiðing um dauðann.“

3 Hér vitnar Montaigne í Gamla testamentið: „Ég sé að ekkert hugnast þeim betur en að vera glaðir og njóta lífsins meðan það endist“; *Préd III. 12* (*Bíblían*, Hið íslenska bíblíufélag, JPV útgáfa, 2007, bls. 820).

4 [Fórum hratt yfir þetta gáfulega gaspur. Seneca, *Epistulae morales ad Lucilium*, CXVII, 30]

Hvað sem þeir segja þá er unaður hinsta takmark okkar í dyggðinni sjálfri. Ég nýt þess að láta þetta orð, sem þeir hafa svo mikla óbeit á, dynja á eyrum þeirra. Og ef það vísar til dýpstu ánægju og ríku-legrar hamingju er það dyggðinni að þakka frekar en nokkru öðru. Þótt ánægjan sé frískleg, þróttmikil, karlmannleg og kröftug er hún einfaldlega enn ánægjulegri. Og við hefðum átt að kalla dyggðina ánægju, sem á betur við, er eðlilegra og mildara; ekki því nafni dugnaðar sem við gáfum henni.⁵ Ef hin ánægjan eða unaðurinn, sem er óæðri, hefur fengið þetta fallega nafn ætti það að vera um-deilt en ekki af því hún hefur rétt á því. Mér finnst meira um fyrir-stöður og hindranir þar en í dyggðinni. Burt séð frá því að bragð hennar er hverfulla, ógreinanlegra og veikara þá á hún sér sínar vökur, föstur, erfiði, svita og blóð, og umframt allt sína sterku og margbreytilegu hughrif, og, við hlið sér, svo þungbæra mettun að hún jafnast á við iðrun og yfirbót. Það er rangt hjá okkur að halda að þessar hindranir þjóni hlutverki hvata og bragðbætis á sætleika hennar, þar sem andstæða verður skarpari af andstæðu sinni í náttúrunni, og að segja, þegar við fjöllum um dyggðina, að slík eftirköst og erfiðleikar geri hana óvægna og óaðgengilega þegar það göfgar hana, skerpir og upphefur hina fullkomnu guðlegu ánægju sem hún færir okkur mun frekar en þegar unaður á í hlut. Sá er sannarlega óverðugur því að kynnast henni sem mælir og vegur verð hennar við ávöxtinn og þekkir hvorki fugurð hennar né notagildi. Þeir sem fræða okkur um að hættulegt og erfitt sé að leita hennar en ljúft að njóta hennar, hvað eru þeir að segja okkur annað en að hún sé ávallt ógeðfelld? Því hvaða mannlegt meðal hefur nokkru sinni gert einhverjum kleift að njóta hennar? Þeir fullkomnustu hafa látið sér nægja að þrá hana og nálgast án þess að komast yfir hana. En þeir hafa rangt fyrir sér: vegna þess að sjálf leitin að allri þeirri ánægju sem við þekkjum er ánægjuleg. Eiginleikar þess sem leitað er setja svip sinn á leitina vegna þess að þeir eru stór hluti hennar og óaðskiljanlegur. Hamingjan og sælan sem ljóma í dyggðinni fylla allt sem er hluti af henni og leiðir til hennar, að fyrsta inngangi og ystu tálnum. Og einn helsti ávinningur hennar er fyrirlitning á dauðanum, sem er leið til að færa lífi okkar hægláta ró

⁵ Hér virðist Montaigne styðjast við þá skýringu Cicero (*Tusculanae disputationes*, II, 18) að orðið *virtus* 'dyggð' sé dregið af *vis* 'ofsbeldi', 'kraftur'. Pessi orðskýring er ekki viðurkennd í dag.

og láta okkur finna hreint og ljúft bragð þess, en án þess slokknar allur annar unaður.

Af þessum sökum mætast allar reglur og eiga við um þetta at-riði. Og þótt þær leiði okkur líka allar í kór að því að líta niður á sársaukann, fátæktina og önnur óhöpp sem henda mennina, þá er það ekki á sama hátt, þær vegna þess að ekki er víst að þessir at-burðir séu óumflýjanlegir (flestir fara í gegnum lífið án þess að kynnast fátækt, og enn aðrir án þjáningar og sjúkdóma, eins og tónlistarmaðurinn Xenofilos sem lifði heilsuhraustur í hundrað og sex ár) en líka vegna þess að í versa falli getur dauðinn bundið enda á lífið, þegar okkur hentar, og komið í veg fyrir öll önnur óþægindi. Og hvað dauðann snertir þá er hann óumflýjanlegur.

Omnes eodem cogimur, omnium

Versatur urna, serius ocius

Sors exitura et nos in aeternum

exitium impositura cymbae.⁶

Og af því leiðir að ef dauðinn vekur með okkur ótta þá er það stöðug uppsprettu þjáningar sem ómögulegt er að lina. Hann sækir að okkur úr öllum áttum, við getum snúið höfðinu hingað og þangað án afláts eins og í óvinalandi⁷: „*quæ quasi saxum Tantalo semper impendet*“.⁸ Dómstólar okkar láta oft taka glæpamenn af lífi á þeim stað sem þeir frömdu ódæðið: á leiðinni þangað skuluð þið láta þá ganga meðfram fallegum húsum, gefið þeim eins mikið af góðum mat og þið viljið,

non Siculæ dapes

Dulcem elaborabunt saporem,

Non avium cythareoque cantus

Somnum reducent.⁹

haldið þið að þeir geti glaðst yfir því og að endanlegur tilgangur

6 [Öll færumst við í átt að sama stað, örlog okkar ráðast í kerinu (*urna*), þaðan fregnast þau fyrir en síðar og láta okkur stíga um bord í bát hins eilífa dauða. Hóratíus, *Carmina*, II, iii, 25–28]

7 Hér þyðir Montaigne úr verki Senecu, *Epistulae morales ad Lucilium*, LXXIV.

8 [Þetta er eins og bjargið sem vofir ávallt yfir Tantalos. Cicero, *De finibus*, I, 18].

9 [Vefslur á Sikiley munu ekki kitla bragðlaukana, hvorki fuglasöngur né leikur lýrunnar munu fára svefn, Hóratíus, *Carmina*, III, i, 18–20]

ferðarinnar, sem blasir jafnan við þeim, hafi ekki breytt og deyft bragð allra þessara hæginda?

*Audit iter, numeratque dies, spacioque viarum
Metitur vitam, torquetur peste futura.*¹⁰

Leið okkar liggur að dauðanum, það er hið nauðsynlega takmark sem við stefnum að: ef hann skelfir okkur hvernig er þá hægt að stíga fram á við, án uppnáms? Ráð hins óbreytta manns er að leiða ekki hugann að honum. En hvaða heiftarlega heimska getur orsakað slíka blindu? Það verður að láta hann beisla taglið á asnanum,

*Qui capite ipse suo instituit vestigia retro.*¹¹

Það er engin furða að hann festist svo oft í gildrunni. Við hræðum fólkid okkar við það eitt að nefna dauðann á nafn og flestir gera krossmark eins og þegar djöfulinn ber á góma. Og vegna þess að dauðinn er nefndur í erfðaskrám skulið þið ekki búast við að þeir hefjist handa við gerð þeirra fyrr en læknirinn hefur kveðið upp dauðadóm og Guð má vita hversu skýrir þeir eru í kollinum, kvaldir og skelfdir, við þau skrif.

Þar sem orðið dauði lét of harkalega í eyrum þeirra og virtist færa ógæfu lærðu Rómverjar að mýkja það, teygja og umorða. Í stað þess að segja: hann er dáiinn, hann er hættur að lifa, segja þeir: hann hefur lifað.¹² Svo lengi sem það er líf, þótt það sé liðið, finna þeir huggun. Þaðan fengum við að láni okkar sálaða Jón Jónsson.

Ef til vill er það svo, eins og sagt er, að tíminn sem við höfum lifað sé peninganna virði. Ég kom í þennan heim milli klukkan ellefu og tólf, síðasta dag febrúarmánaðar árið 1533, samkvæmt okkar tímatali, sem hefst í janúar.¹³ Það eru ekki nema tvær vikur síðan ég varð 39 ára, ég verð að lifa að minnsta kosti jafnlengi; það væri hins vegar glapræði að flækja sig í hugsanir um svo fjarlæga

10 [Hann spryrst vegar og telur dagana, mælir líf sitt út frá vegalengdinni, kvelst af þeirri angist sem býður hans. Claudio Cladianus, *In Rufinum*, II, 137–138]

11 [Því hann hefur ákveðið að snúa aftur á bak þegar hann gengur. Lucretius, *De Rerum Natura*, IV, 472]

12 Fengið að láni úr *Cicero*, XXII eftir Plútarkos.

13 Karl 9. Frakklandskonungur létt færa fyrsta dag ársins frá páskum til 1. janúar árið 1564. Skipun hans var framkvæmd 1. janúar 1567.

atburði. En hvað um það, ungir sem aldnir kveðja lífið á sama hátt. Enginn kveður það öðruvísi en eins og hann væri nýmættur til leiks. Auk þess er ekki til sá maður sem heldur ekki að hann eigi tuttugu ár eftir í líkamanum, sama hversu hrumer hann er, svo lengi sem hann sér Metúsala fyrir framan sig.¹⁴ Og það sem meira er, aumi afglapi! Hver heldur þú að hafi ákveðið hversu langt líf þitt verður? Þú styðst við það sem læknarnir segja. Líttu frekar á staðreyndir og það sem reynslan kennir okkur. Miðað við það sem gengur og gerist getur þú þakkað fyrir að vera á lífi. Þú hefur nú þegar lifað lengur en flestir menn. Og til að fullvissa þig um það skaltu telja hversu margir af kunningjum þínum dóu áður en þeir náðu þínum aldri miðað við þá sem náðu honum; skráðu niður þá sem hafa öðlast frægð og ég skal veðja að fleiri dóu áður en þeir urðu 35 ára en eftir þann aldur. Það er mjög skynsamlegt og til merkis um trúrækni að taka sem dæmi mannlegt eðli Jesú Krists: hans lífi lauk þegar hann var 33 ára. Hinn mikli maður, sem var aðeins maður, Alexander, dó líka á þessum aldrí.

Hversu margar leiðir hefur dauðinn til að koma okkur á óvart?

Quid quisque vitet, nunquam homini satis

*Cautum est in horas.*¹⁵

Ég tel hita og stingsótt ekki með. Hverjum hefði dottið í hug að hertogi af Bretaníu myndi kafna í mannþrónginni eins og gerðist þegar nágranni minn Klement páfi kom inn í Lyon? Hefur þú ekki séð einn af konungum okkar deyja við leik?¹⁶ Og drap ekki svín einn af forfeðrum hans?¹⁷ Það var til lítils fyrir Æskýlos að vera á varðbergi í húsi sem var að hruni komið: hann rotaðist af skel skjaldböku sem slapp úr klóm arnar á flugi. Einn dó af vínbersfræi, keisari vegna rispu sem hann fékk þegar hann var að greiða sér, Emilius Lepidus þar sem hann rak fótinn í þröskuldinn hjá sér, Aufidius við það að rekast í dyragflinn á þinghúsínu þegar hann

14 Metúsala varð 969 ára gamall. Hann var af Nóa; *Bíblíán, Fyrsta Mósebók (Genesis) 5:21–27*.

15 [Maðurinn getur aldrei nægilega varist þeim haettum sem ógna honum á hverri stundu. Hóratíus, *Carmina*, II, xiii, 13–14]

16 Hinrik 2. hlaut banyvænt sár í burtreiðum 10. júlí 1559.

17 Svín hljóp á hest hins unga Filippusar, sonar Loðvíks 6. í París 13. október 1131. Filippus féll af hestinum og lést af högginu.

gekk inn, og milli kvenmannslæra dóu Cornelius Gallus, pretor, Tigillinus, varðstjóri í Róm, Ludovico, sonur Guido Gonzaga, sem var markgreifi af Mantúa, og annar sem er enn síður til fyrir-myndar, Spevsippos, platónskur heimspekingur, og einn af páfunum okkar. Þegar vesalings Bebius dómarí var að veita málsaðila vikufrest klófesti dauðinn hann þar sem lífstími hans var úti. Og Caius Julius, læknir, var að bera smyrls í augu sjúklings þegar dauðinn kom og lokaði hans eigin augum.¹⁸ Og ef ég þarf að blanda sjálfum mér í þetta þá fékk bróðir minn, kafteinn Saint-Martin, aðeins tuttugu og þriggja ára að aldri en sem hafði þá þegar sannað ágæti sitt, prikshögg sem lenti rétt fyrir ofan hægra eyrað þegar hann var í lófaleik; hann hlaut hvorki sár né marblett og þurfti hvorki að setjast né hvíla sig en fimm eða sex stundum síðar dó hann úr heilablóðfalli af þessum sökum. Hvernig er hægt, þegar við höfum þessu mörgu dæmi og hversdagslegu fyrir augunum, að losna undan hugsuninni um dauðann og finnast ekki á hverju andartaki að hann haldi um hálsmálið?

Hverju skiptir það, munuð þið segja, hvernig dauðann ber að, ef maður hefur ekki þungar áhyggjur af honum? Það er míni skoðun, og hvernig sem hægt er að skýla sér fyrir höggum, þá myndi ég ekki hika við það, jafnvel undir kálfsskinni.¹⁹ Því mér nægir að líða vel; ég kem mér eins vel fyrir og hægt er og sætti mig við það sem ég hef, sama hversu skamarlegt og lítt til fyrirmynadar ykkur getur þótt það,

*prætulerim delirus, inérsque videri,
Dum mea delectent mala me, vel denique fallant,
Quam sapere et ringi.²⁰*

En það er firra að halda að sú leið sé vænleg. Þeir koma og fara, þeir hlaupa, dansa, en engar fréttir af dauðanum. Allt er þetta fallegt. En þegar dauðinn kemur, til þeirra, eiginkvenna þeirra, barna eða vina, óvænt og þegar síst skyldi, þvílík þjáning, óp, reiði og örvaenting

18 Pessi dæmi fer Montaigne úr ýmsum áttum, meðal annars frá Plinius eldri (*Naturalis Historia* eða *Náttúrúrannsóknir*) og safnritum eftir samtímmenn sína.

19 Kálfsskinn er andstæða við ljónsfeld, sem var tákni hugrekkis.

20 [Frekar vil ég vera talinn heimskur eða fávís, svo lengi sem mistök míni eru ánægjuleg þótt þau séu óheppileg, en að vera vitur og skapillur. Hóratíus, *Epistulae*, II, ii, 126–128]

hellist ekki yfir þá? Hafið þið nokkurn tímann séð aðra eins niður-lægingu, umskipti og ringulreið? Það þarf að hugsa fyrir þessu í tæka tið. Og þetta dýrslega kæruleysi, sem getur búið um sig í höfði skynsams manns, sem mér finnst reyndar alveg óhugsandi, er of dýrkeypt. Ef það mætti forðast dauðann eins og óvin ráðlegði ég fólkia að nota vopn hugleysisins. En úr því að það er ekki hægt, fyrst hann nær ykkur á flótta, bæði heiglum og heiðursmönnum,

Nempe et fugacem persecuitur virum,

Nec parcit imbellis juventæ

Poplitibus, timidoque tergo.²¹

og engin hert brjóstbrynya getur varið ykkur,

Ille licet ferro cautus se condat ære,

Mors tamen inclusum protrahet inde caput,²²

þá skulum við læra að standa styrkum fótum og mæta honum. Og til að svipta hann strax sínum stærsta ávinningi gegn okkur skulum við velja leið sem er andstæð þeirri venjulegu. Sviptum hann fram-andleikanum, æfum okkur í honum, venjumst honum, hugsum ekki um neitt eins oft og dauðann. Í myndum okkur hann á hverri stundu og í öllum sínum myndum. Þegar hesturinn hnýtur, þaks-kífa dettur, við minnstu nálarstungu, skulum við skyndilega sprýja: „Nú já, ætli þetta sé dauðinn sjálfur?“ og þá skulum við bregðast hraustlega við og herða upp hugann. Í gleðskap og fögnuði skulum við ætið hafa þetta viðkvæði sem minnir okkur á hlutskipti okkar og látum ekki ánægjuna ná svo sterkum tökum á okkur að það rifjist ekki upp fyrir okkur af og til á hve margvíslegan hátt þessi kæti okkar þarf að þola dauðann og á hversu marga vegu hann hótar henni. Það gerðu Egyptar sem, í miðjum veislum og með sínum besta mat, létu bera fram þurrkaðan mannslíkama til að minna gestina á dauðann,²³

Omnem crede diem tibi diluxisse supremum.

21 [Hann eltir hugleysingjarn sem flýr, og hlifir hvorki hnésbótum né baki kjarklitlu æskunnar sem snýr sér undan. Hóratfus, *Carmina*, III, ii, 14–16]

22 [Það er til lítils að fela sig undir járni og bronsi, dauðinn mun ná höfði hans úr herklæðunum. Sextus Propertius, *Elegiae*, III, xviii, 25–26.]

23 Dæmi fengið frá Plútarkosi, *Septem sapientium convivium*, III.

*Grata superveniet, quae non sperabitur hora.*²⁴

Það er óvist hvar dauðinn bíður okkar, væntum hans því alls staðar. Sá sem býr sig undir dauðann, býr sig undir frelsið. Þeim sem hefur lært að deyja hefur tekist að gleyma því hvernig á að vera undirgefinn.²⁵ Að kunna að deyja losar okkur undan allri ánauð og höftum. Það er ekkert illt í lífinu fyrir þann sem hefur skilið að það að missa lífið er ekki illt. Æmilius Paulus svaraði þeim sem fangi hans, sá aumi konungur Makedóníu, sendi með þá bón að sýna hann ekki í sigurgöngu: „Megi hann biðja sjálfan sig um þann greiða.“²⁶

Í raun má segja um alla hluti að ef náttúran hjálpar ekki til eru litlar líkur á að list og iðnaður taki framförum. Sjálfur hneigist ég ekki til þunglyndis en er draumóramaður. Ekkert hef ég fengist jafnmikið við og hugsanir um dauðann, jafnvel á lausbeislaðasta tíma ævi minnar.

*Jucundum cum aetas florida ver ageret,*²⁷

Í félagsskap kvenna og í leikjum, héldu sumir að ég væri haldinn afbryðisemi eða óvissu um eigin væntingar, þegar ég var upptekinn af því að hugsa um hinn eða þennan, sem hafði óvænt fengið sótthita nokkrum dögum fyrr – og dauða hans – eftir veislu líka þeirri sem ég var í, með hugann fullan af iðjuleysi, ást og gleðistendum, eins og ég, og að það sama biði míni handan við hornið:

*Jam fuerit, nec post unquam revocare licebit.*²⁸

Ég var hættur að hnykla brýnnar yfir þessari hugsun frekar en annarri. Fyrst er ómögulegt að svíða ekki undan slíkum hugrenningum. En með því að velta þeim fyrir sér og fjalla um þær, hægt og bítandi, er eflaust hægt að hafa stjórn á þeim. Annars væri ég sífellt dauðskelkaður og fullur örvaentingar, því aldrei hefur sá

24 [Líttu á hvern dag eins og hann væri þinn síðasti. Fagnaðu næstu stund, ef hún kemur óvænt. Hóratíus, *Epistulae*, I, iv, 13–14]

25 Spakmæli fengið hjá Senecu, *Epistulae morales ad Lucilium*, XXVI.

26 Petta dæmi fékk Montaigne hjá Plútarkosi, *Aemilius Paulus*, XVII.

27 [Þegar míni blómstrandi æska fagnaði vorinu. Catullus, LXVIII]

28 [Núið verður senn liðið, og við munum aldrei geta kallað það til baka. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 915]

maður verið uppi sem er jafn lífhræddur eða efast eins mikið um langlífi sitt og ég. Heilsan, sem hefur hingað til verið þróttmikil og jöfn, eflir ekki vonina og sjúkdómar veikja hana ekki heldur. Hvert andartak finnst mér sem ég hlaupi burt frá sjálfum mér. Og ég endurtek sí og æ: „Allt sem gera má annan dag má gera í dag.“ Í raun fára hendingar og hættur okkur aðeins lítið eða alls ekki nær endalokum okkar og ef við hugsum um þá milljón atburði sem vofa yfir okkur, án þess atburðar sem virðist ógna okkur hvað mest á hverri stundu, munum við, hraustir og sjúkir, sjá að á hafi úti og heima, í bardaga og hvíld er dauðinn alltaf jafnnálægur. „*Nemo altero fragilior est: nemo in crastinum sui certior.*“²⁹

Til þess að ljúka því sem ég á eftir að gera áður en ég dey er enginn tími nógu langur, þótt það væri bara einnar klukkustundar verk. Einhver fletti bókunum mínum um daginn og fann minnispunkta um eithvað sem ég vildi láta gera eftir minn dag. Ég sagði honum, eins og satt var, að eitt sinn er ég var í aðeins einnar mílu fjarlægð frá heimili mínu, heilsugóður og þróttmikill, hafi ég flýtt mér að hripa þetta niður þar á staðnum vegna þess að ég var ekki viss um að komast alla leið heim. Þar sem ég er sú manngerð sem liggar á hugsunum sínum og geymir þær innra með sér þá er ég öllum stundum eins reiðubúinn og hægt er að vera. Og koma dauðans mun ekki færa mér neitt nýtt.

Alltaf skal maður verða kominn í skó og ferðbúinn, eftir því sem hægt er, og umfram allt laus við áhyggjur af öðrum en sjálfum sér:

Quid brevi fortis jaculamur aeo

*Multa?*³⁰

Því það mun reynast okkur feikinóg, án þess að annað bætist þar ofan á. Einn maður kvartar meira undan því en að deyja að dauðinn hafi komið í veg fyrir glæstan sigur; annar undan því að hann þurfi að kveðja áður en honum auðnaðist að gifta dóttur sína eða gerði ráðstafanir um menntun barna sinna; einn kvartar undan félagsskap konu sinnar, annar sonar síns, eins og þetta væri það sem mestu

29 [Enginn er viðkvæmari en annar, enginn er öruggari en annar um hvað morgundagurinn munibera í skauti sér. Seneca, *Epistulae morales ad Lucilium*, XCI, 16]

30 [Af hverju ætlum við okkur svo mikið á svona stuttri ævi? Hóratíus, *Carmina*, II, xvi, 17]

máli skipti í tilveru hans.

Það er þannig ástatt hjá mér nú, Guði sé lof, að ég get farið þegar honum hentar, án þess að sjá eftir nokkrum sköpuðum hlut nema ef vera skyldi lífinu sjálfu, ef missir þess reynist mér þungur. Ég losa mig frá öllu, ég hef nú þegar kvatt alla til hálfs, nema sjálfan mig. Aldrei hefur nokkur maður búið sig undir að kveðja þennan heim á skýrari og innilegri hátt eða losað sig frá honum á jafn almennan hátt og ég áætla mér að gera.

*Miser ô miser, aiunt, omnia ademit
Una dies infesta mibi tot præmia vitæ.³¹*

Og smiðurinn segir:

*Manent opera interrupta, minæque
Murorum ingentes.³²*

Ekkert skyldi maður áætla sem er svo tímafrekt að ekki sé hægt að fylga því til enda eða sinna því af ástríðu. Við fæddumst til þess að láta til okkar taka:

Cum moriar, medium solvar et inter opus.³³

Ég vil að maður láti til sín taka og lengi skyldur lífsins eins og hægt er og megi dauðinn koma til míni þar sem ég er að setja niður kál og áhyggjulaus um dauðann og ekki síður minn ókláraða garð. Ég sá mann deyja sem var alveg á grafarbakknum og kvartaði látlauast undan því að nú hefðu örlögin klippt á þráð sögunnar sem hann vann að um 15. eða 16. konung okkar.

*Illud in his rebus non addunt, nec tibi earum
Jam desiderium rerum super insidet una.³⁴*

Maður verður að losa sig við þessa óhefluðu leiðindarólund. Rétt

31 [Æ, mig auman, einn ógæfadagur, segja þeir, tók frá mér allar lífsins lystisemdir. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 898-899]

32 [verk biða í miðjum klíðum, miklir trúrar [og himinhá smíðavéll]. Virgill, *Eneasarkviða*, þýð. Haukur Hannesson, Reykjavík, Mál og menning, 1999, IV, 88-89, bls. 87.]

33 [Þegar ég dey, megi ég vera í miðjum klíðum. Ovidius, *Amores*, II, x, 36]

34 [Enginn bætir við, um þetta, að eftirsjá eftir hlutum muni ekki lifa eftir dauða okkar. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 900-901]

eins og kirkjugarðar voru hafðir við kirkjur og á þeim stöðum sem flestir áttu ferð um til þess að venja, sagði Lýkúrgos,³⁵ lýðinn, konurnar og börnin við að hræðast ekki dauðan mann og til að þessi stöðuga sýning á beinum, gröfum og líkfylgdum minnti okkur á hlutskipti okkar:

*Quin etiam exhibilarare viris convivia cæde
Mos olim, et miscere epulis spectacula dira
Certantum ferro, saepe et super ipsa cadentum
Pocula respersis non parco sanguine mensis;*³⁶

Og líkt og Egyptar, sem eftir veislur létu bera fram fyrir viðstadda stóra mynd af dauðanum af manni sem kallaði til þeirra: „drekktu og vertu glaður vegna þess að þegar þú verður dauður verður þú svona,”³⁷ þá hef ég vanið mig á hafa dauðann án afláts ekki aðeins í huganum heldur einnig á vörnum og það er ekkert sem ég leitast eins fúslega eftir að vita og hvernig dauða manna bar að: hvaða orð þeir létu falla, hvernig þeir litu út, hvernig þeir voru á svipinn, og það er enginn staður í sögum sem ég sýni jafn mikinn áhuga.

Það má sjá á þeim fjölða dæma sem hér eru að ég hef sérstakt dálæti á þessu efni. Ef ég væri bókahöfundur myndi ég gera skrá yfir ólíka dauðdaga.³⁸ Sá sem kenndi mönnunum að deyja myndi kenna þeim að lifa.

Díkæarkos samdi bók um þetta efni en í öðrum og gagnslausari tilgangi.³⁹

Mér verður svarað með því að áhrif dauðans séu svo miklu sterktar en hugsunin um hann að jafnvel besti skylmingamaður missi tökin þegar þangað kemur. Leyfum þeim að tala: Að búa sig undir dauðann er eflaust til bóta. Og er það einskis vert að fara þangað að

35 Þetta dæmi byggir á verki Plútarkosar, *Lycurgus*, XX.

36 [Áður fyrr tilkaðist að lífga upp á veislur með morðum, og skemmta gestum með grimmilegum bardögum þar sem hinir sigrðu félle iðulega á bikarana og blöðið rann yfir veisluborðin. Silius Italicus, *Punica*, XI, 51–54.]

37 Þessa tilvitnun fær Montaigne úr frönsku þýðingunni sem kom út árið 1575 á verkinu *Rannsóknunum (Historia)* eftir Heródotos. Hér er vitnað í íslenska þýðingu Stefnans Steinssonar á verkinu *Rannsóknir*, Reykjavík, Mál og menning, 2013, II, 78, bls. 111.

38 Hér vísar Montaigne í safnritin sem voru vinsæl á hans tíma. Upptalningar voru einnig algengar, t.d. hjá Rabelais.

39 Þessi grífski heimspekingur lét sér nægja að rannsaka hvort fleiri dóu í stríðum en af öðrum sökum; Cicero, *De officiis*, II, 5.

minnsta kosti án hiks og kvíða? Og það sem meira er: Náttúran sjálf réttir okkur hjálparhönd og gefur okkur styrk. Ef þetta er snöggur og voveiflegur dauðdagí höfum við ekki svigrúm til að óttast hann; ef hann er öðruvísi geri ég mér grein fyrir því að eftir því sem veikindin búa um sig finn ég til ákveðinnar fyrirlitningar á lífinu. Mér er ljóst að ég þarf að hafa meira fyrir því að sætta mig við þá ákvörðun að deyja þegar ég er hraustur heldur en þegar ég er sjúkur, ekki síst vegna þess að ég held ekki eins fast í þægindi lífsins og er farinn að glata þeim og ánægjunni sem þeim fylgir, og þess vegna veldur dauðinn mér mun minni ótta. Það vekur hjá mér þá von að því meira sem ég fjarlægist lífið og færst nær dauðanum eigi ég auðveldara með að sætta mig við skiptin. Rétt eins og ég hef oft reynt við aðrar aðstæður það sem Caesar sagði,⁴⁰ þ.e. að hlutirnir virðast gjarnan stærri úr fjarska en þegar nær dregur, þá var ég miklu hræddari við sjúkdóma þegar ég var heilbrigður heldur en þegar ég fann fyrir þeim; kætin sem ég finn, ánægjan og styrkurinn veldur því að veikindin virðast svo ólík því ástandi að ég ýki óþægindin um helming og ímynda mér að þau séu óbærilegri en þau eru þegar ég svo burðast með þau. Ég vona að það verði þannig með dauðann.

Við sjáum á þessum umskiptum og almennu hnignun sem við verðum fyrir að náttúran rænir okkur tilfinningunni um hrörnun okkar og missi. Hvað á gamalmennið eftir af æskuþróttinum og liðinni ævi?

*Heu! senibus vitae portio quanta manet!*⁴¹

Þegar einn varðmanna hans, gammall og skakkur, kom til hans á götu og bað um leyfi til að fara og stytta sér líf, svaraði Caesar af gamansemi, þegar hann sá hans auma útlit: „Þú heldur sem sagt að þú sért á lífi?“⁴² Ég held að okkur væri ógerningur að þola slíka breytingu ef hún ætti sér stað í einni andrá. En náttúran leiðir okkur, skref

40 *Gallastrjóð* (*De bello gallico*), VII, 84. Montaigne lætur sér nægja að endursegja það sem í þýðingu Páls Sveinssonar hljóðar svo: „Fer og einatt svo, að mönnum verður það meira áhyggjuefni, sem fjarlægara er.“ *Bellum Gallicum* eða *Gallastrjóð*, Reykjavík, Bókadeild Menningarsjóðs, 1933, bls. 469–470.

41 [Vei, hversu mikið af lífinu er að finna hjá þeim öldnu. Maximianus, *Elegiae*, I, 16]

42 Fengið að láni hjá Senecu, *Epistulae morales ad Lucilium*, LXXVII, 18.

fyrir skref, niður aflíðandi brekku, sem við finnum varla fyrir, hún nefur þessu auma ástandi um okkur og lætur okkur venjast því, þannig að við finnum engin ónot þegar æskan deyr innra með okkur, en það er í raun og sann þungbærari dauði en þegar lífi fullu söknuðar lýkur og ellin tekur enda. Auk þess er stökkið frá því að vera þjáður til þess að vera ekki til minna en stökkið frá því vera í blóma lífsins til þess að vera aumur og kvalinn.

Boginn og beygður líkami hefur minna þrek til að bera byrðar; það á einnig við um sálina: það þarf að þjálfa hana og ala upp í að mæta krafti þessa óvinar. Þar sem ómögulegt er að hún hvílist meðan hún óttast hann getur hún, ef hún kann að verjast honum á þennan hátt, státað sig af því að ómögulegt sé að merkja óróleika, kvíða, ótta, eða gremjuvott innra með henni, en það er nokkuð sem er nánast ofar mannlegu hlutskipti,

*Non vultus instantis tyranni
Mente quatit solida, neque Auster;
Dux inquieti turbidus Adriæ,
Nec fulminantis magna Jovis manus.⁴³*

Sálin hefur stjórн á ástríðum sínum og fýsnum, örþingð, skömm, fátækt og öðru óláni sem örlogin færa okkur. Reynum allir sem einn að ná þessum ávinningi: Þar er hið raunverulega og sanna frelsi sem gerir okkur kleift að ögra kraftinum og óréttlætinu og hæðast að rimlum og hlekkjum:

*in manicis, et
Compedibus, sævo te sub custode tenebo.*

*Ipse Deus simul atque volam, me solvet: opinor,
Hoc sentit, moriar. Mors ultima linea rerum est.⁴⁴*

Tryggasta mannlega undirstaða trúar okkar er fyrirlitning á dauðanum. Rödd skynseminnar leiðir okkur þangað, því hvers vegna

43 [Ekkert getur haggað traustum hug, hvorki ógnvekjandi harðstjóri, né Áster –Sunnanvindur – yfir ólgandi Adráhafinu, né hin þrumandi hendí Júpíters. Hóratíus, *Carmina*, III, iii, 3–6]

44 [Járnaðan á höndum og fótum læt ég óvæginn vörð gæta þín. – Guð sjálfur mun frelsa mig þegar ég bið hann þess. – Ég held að hann eigi við að ég muni deyja. Dauðinn er endir allra hluta. Hóratíus, *Epistulae*, I, xvi, 76–79]

ættum við að óttast að missa eithvað sem ekki er hægt að sakna þegar það er glatað, og úr því að dauðinn ógnar okkur á svo marga vegu er þá ekki verra að óttast þá alla en að umbera einn?⁴⁵

Hverju skiptir hvenær það verður fyrst hann er óumflýjanlegur? Þegar sagt var við Sókrates: „Harðstjórarnir þrjátíu dæmdu þig til dauða,“ þá svaraði hann: „Og náttúran dæmdi þá.“⁴⁶

Þvílíkur kjánaskapur að hafa áhyggjur af því hvernig við kveðjum þennan heim og losnum við allar áhyggjur.

Rétt eins og fæðing okkar fæddi af sér og færði okkur alla hluti mun dauði allra hluta færa okkur okkar eigin dauða. Þess vegna er jafnheimskulegt að gráta það sem við munum ekki lifa eftir hundræd ár og að gráta það sem við lifðum ekki fyrir hundrað árum. Dauðinn er upphaf annars lífs. Þannig grétum við: þannig þurftum við að greiða fyrir að koma inn í þetta líf; á sama hátt losuðum við okkur við okkar forna hjúp við komuna hingað.

Ekkert getur valdið sorg sem gerist aðeins einu sinni. Er ástæða til þess að óttast svo lengi eithvað sem varir svo stutt? Dauðinn leggur langlífi og skammlífi að jöfnu. Vegna þess að hið langa og hið skamma tilheyrir ekki hlutum sem ekki eru lengur. Aristóteles sagði að það væru lítill dýr á Hypanis-ánni sem lifa aðeins í einn dag.⁴⁷ Það þeirra sem deyr klukkan átta að morgni deyr ungt; það sem deyr klukkan fimm síðdegis deyr í hárri elli. Hver okkar hlær ekki að því hvort þessi andartaksstund sé kölluð hamingja eða óhamingja? Hvort okkar eigin er lengri eða skemmri, ef við berum hana saman við eilífðina eða ævilengd fjallanna, ánya, stjarnanna, trjánna og jafnvel sumra dýra, er ekki síður hlægilegt.

En náttúran neyðir okkur til þess.⁴⁸ „Kveðjið, segir hún, þennan heim eins og þið komuð þangað inn. Farið sömu leið frá lífinu til dauðans og þið fóruð frá dauðanum til lífsins, án ástríðu og án ótta. Dauði ykkar er hluti af gangverki alheimsins, hluti af lífi heimsins,

inter se mortales mutua vivunt

45 Hér styðst Montaigne við kafla úr ritinu *Um borgríki Guðs (De civitate Dei contra paganos)* I, 2 eftir heilagan Ágústínus.

46 Diogenes Laertios, *Vitae philosophorum*, II, v, 25.

47 Þýtt úr *Tusculanae disputationes*, I, 34, eftir Cicero.

48 Í einræðu náttúrunnar, sem hér hefst, sækir Montaigne einkum innblástur í verk Lucretiusar, *De Rerum Natura*, III, og Senecu.

*Et quasi cursores vitaī lampada tradunt.*⁴⁹

Myndi ég breyta þessu fagra samhengi hlutanna fyrir ykkur? Dauðinn er forsenda tilveru ykkar, hluti af ykkur: þið flýið ykkur sjálf. Þessi tilvera ykkar, sem þið njótið, tilheyrir dauðanum og lífinu til jafns. Fyrsti dagur ævinnar er í senn upphaf dauða ykkar og lífs,

*Prima, quæ vitam dedit, hora carpsit.*⁵⁰

*Nascentes morimur, finisque ab origine pendet.*⁵¹

Allt sem þið lifið takið þið frá lífinu; það er á kostnað þess. Alla ævina fáist þið við að búa til dauðann. Þið eruð í dauðanum á meðan þið eruð á lífi. En þegar þið eruð ekki lengur á lífi eruð þið eftir dauðann.

Eða ef þið viljið frekar þá eruð þið dáin eftir lífið en meðan á lífinu stendur eruð þið að deyja og dauðinn snertir þann sem er að deyja mun verr, mun dýpra og sterkar heldur en þann sem er dáinn.

Ef þið hafið notið lífsins, eruð södd lífdaga, skulið þið kveðja ánægð,

*Cur non ut plenus vitae conviva recedis?*⁵²

Ef þið hafið ekki kunnað að nota lífið, ef lífið var ykkur einskis nýtt, hverju skiptir að missa það, til hvers viljið þið halda í það?

Cur amplius addere quaeris

*Rursum quod pereat male, et ingratum occidat omne?*⁵³

Lífið er í sjálfu sér hvorki gott né vont; það er staður góðs og ills eftir því hvað stað þú ætlar þeim.

Og ef þú hefur lifað einn dag hefur þú séð allt. Einn dagur er ígildi allra daga. Það er ekki önnur birta eða önnur nótt. Þessi Sól,

49 [Líf dauðlegra vera eru háð hvert öðru, eins og hlauparar sem rétta hver öðrum kyndil lífsins. Lucretius, *De Rerum Natura*, II, 76–77]

50 [Fyrsta stund þín færði þér lífið og byrjaði að rýra það. Seneca, *Hercules furens*, III, 874]

51 [Þegar við fæðumst deyjum við, endirinn er bundinn upphafinu. Manilius, *Astronomica*, IV, 16]

52 [Hví ekki að kveðja eins og lífsaddur gestur? Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 998]

53 [Hví leitast þú við að bæta við tímann, sem þú munt aftur glata, gleðisnauður. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 941–942]

þessi Máni, þessar Stjörnur, eru á sama stað og þegar forfeður þínir nutu þeirra, og þannig munu þau hafa ofan af fyrir börnum systkinabarna þinna:

*Non alium videre patres: aliumve nepotes
Aspicient.⁵⁴*

Og í versta falli verður skiptingu og fjölbreytileika í öllum þáttum leikrits míns lokið á einu ári. Ef þið hafið tekið eftir hringrás árstíða minna fjögurra, má sjá að þær ná yfir barnæskuna, unglingsárin, manndóminn og elli heimsins. Hún hefur leikið sitt hlutverk og dettur ekkert betra í hug en að byrja aftur. Þetta verður alltaf svona,

*versamur ibidem, atque insumus usque.⁵⁵
Atque in se sua per vestigia volvitur annus.⁵⁶*

Ég hef ekki í hyggju að búa til nýja dægradvöl fyrir ykkur,

*Nam tibi præterea quod machiner, inveniámque
Quo placeat, nihil est: eadem sunt omnia semper.⁵⁷*

Leyfið öðrum að komast að, eins og aðrir hafa leyft ykkur að komast að.

Jafnræði er fyrsti hlutur sanngirninnar. Hver getur kvartað undan því að vera talinn með þegar allir eru það?

Pess vegna er ekki til neins að lifa því að það styttir ekki tímann sem þið verðið dáið; það er tilgangslaust: þið verðið jafn lengi í því ástandi sem þið óttist, eins og þið hefðuð dáið á brjósti,

*licet, quod vis, vivendo vincere secla,
Mors cœterna tamen nihilominus illa manebit.⁵⁸*

54 [Feður þínir sáu ekkert annað, ekkert annað munu afkomendur þínir sjá. Manilius, I, 522–523, skv. Juan Luis Vives, Commentary on St Augustine's *City of God*, XI, 4]

55 [Við snúumst í sama hringnum, og verðum ávallt þar. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 1080]

56 [Og árið fer annan hring, í sín eigin fótspor. Virgill, *Georgica*, II, 402]

57 [Því að það er ekkert annað sem ég get gert eða fundið upp til að veita þér ánægju, allt er alltaf eins. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 944–945]

58 [Sigráðu aldirnar og lifðu eins lengi og þig lystir, hinn eilífi dauði mun samt bíða þín. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 1090–1091]

Og ég skal sjá til þess að ykkur mislíki ekki neitt,

In vera nescis nullum fore morte alium te,
Qui possit vivus tibi te lugere peremptum,
Stansque jacentem.⁵⁹

Og þið munuð ekki þrá lífið sem þið syrgið svo mjög,

Nec sibi enim quisquam tum se vitámque requirit,
Nec desiderium nostri nos afficit ullum.⁶⁰

Maður skyldi óttast dauðann minna en nokkuð annað, ef hægt væri
að finna eitthvað minna,

multo mortem minus ad nos esse putandum
Si minus esse potest quam nihil esse videmus.⁶¹

Dauðinn varðar ykkur ekki, hvorki lífs né liðin: lifandi vegna þess
að þið eruð; látin vegna þess að þið eruð ekki lengur.

Enginn deyr of snemma. Sá tími sem þið skiljið eftir tilheyrði
ykkur ekki frekar en sá tími sem leið áður en þið fæddust, og hann
snertir ykkur ekki heldur,

Respice enim quam nil ad nos ante acta vetustas
Temporis cœterni fuerit.⁶²

Hvar svo sem lífi ykkar lýkur, þar er það í allri lengd sinni. Þau not
sem hafa má af lífinu eru ekki í lengdinni heldur í því hvað þið
gerið við það: sumir hafa lifað lengi en hafa lifað lítið; einbeitið
ykkur að því á meðan þið eruð lifandi. Það er ekki árafjöldinn

59 [Veistu ekki að í dauðanum er enginn annar þú, sem syrgir dauða þinn og stendur við lík þitt. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 885–887]

60 [Enginn hefur áhyggjur af lífi sínu eða sjálfum sér, við finnum enga þrá eftir okkur sjálfum. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 919 og 922]

61 [Við ættum að álita dauðann sem miklu minna fyrir okkur, ef nokkuð er minna en það sem við sjáum að er ekkert. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 926–927]

62 [Líttu við og gættu að því að þessi eilífð sem var fyrir þinn dag er ekkert fyrir okkur. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 972–973]

heldur viljinn sem segir til um hvort þið hafið lifað nóg. Hélduð þið að þið kæmust aldrei þangað sem þið stefnduð? Allir vegir enda einhvers staðar. Og ef félagsskapur getur létt ykkur lífið, eru þá ekki allir á sömu leið og þið?

*omnia te vita perfuncta sequentur.*⁶³

Er ekki allt á sömu ferð og þið? Er eitthvað sem eldist ekki jafnmikið og þið? Þúsundir manna, þúsundir dýra og þúsundir annarra vera deyja á sama andartaki og þið:

Nam nox nulla diem, neque noctem aurora sequuta est,
Quœ non audierit mistos vagitusœ gris
Ploratus, mortis comites et funeris atri.⁶⁴

Til hvers hörfið þið ef ekki er hægt að komast undan. Þið hafið séð næg dæmi þess að menn voru sáttir við að deyja og komust þannig hjá margri ógæfunni. En hafið þið hitt einhvern sem kom þetta illa? Því er það mikil einfeldni að fordæma nokkuð sem þið hafið hvorki reynt á eigin skinni né annars. Af hverju kvartar þú undan mér og örlögunum? Höfum við sýnt þér ranglæti? Átt þú að stjórna okkur eða við þér? Þótt aldur þinn sé ekki hár er lífi þínu lokið. Lítill maður er heill maður, eins og sá stóri.

Það er hvorki hægt að mæla mennina né líf þeirra í alinum. Keiron afþakkaði ódauðleikann þegar sjálfur guð tímans og varanleikans, Satúrnus, faðir hans, sagði honum hvað í honum fólst. Hugsið ykkur hversu óbærilegt varanlegt líf yrði manninum og erfiðara en það líf sem ég gaf honum. Ef þið hefðuð ekki dauðann mynduð þið bólva mér án afláts fyrir að hafa tekið hann frá ykkur. Vísvitandi blandaði ég í hann dálítlum biturleika, þar sem hann er svo auðveldur í notkun, til þess að hindra ykkur í að taka of miklu ástfóstri við hann. Til að halda ykkur í þessari hófstillingu, að flýja hvorki lífið né dauðann, sem ég vil að þið temjið ykkur, mildaði ég hvort tveggja með mykt og beiskju.

63 [Allt mun fylgja þér í dauðann að lífinu loknu. Lucretius, *De Rerum Natura*, III, 968]

64 [Aldrei hefur nött fylgt degi og dagur nött án þess að heyra megi, í bland við vælið í börnum, sorgargráttinn sem fylgir þeim látnu og jarðarför þeirra. Lucretius, *De Rerum Natura*, II, 578–580]

Ég kenndi Pales,⁶⁵ ykkar mesta spekingi, að líf og dauða mætti leggja að jöfnu og þannig svaraði hann einkar viturlega þeim sem spurði hann af hverju hann dæi ekki: „Vegna þess að það má leggja að jöfnu.“

Vatnið, jörðin, eldurinn og aðrir hlutar þessarar byggingar eru ekki meiri þáttakendur í lífi þínu en dauða. Hví óttast þú þinn hinsta dag? Hann færir þig ekki nær dauða þínum en allir hinir dagarnir. Síðasta skrefið veldur ekki magnleysi: það sýnir magnleysið. Allir dagar stefna að dauðanum, sá síðasti kemst þangað.⁶⁶

Þetta eru nú góðu ráðleggingar móður náttúru. Ég hef nefnilega oft leitt hugann að því hvernig á því standi að í stríðum virðast andlit dauðans, hvort sem það er á okkur eða öðrum, tvímælalaust ekki eins skelfileg og í heimahúsi, annars væru ekkert nema læknar og væluskjóður í hernum; og þar sem dauðinn er alltaf eins, hvers vegna sýna þorpsbúar og lægra settir meiri styrk en aðrir? Ég held satt að segja að svipirnir og þessar hræðilegu umbúðir sem við umvefjum dauðann veki hjá okkur meiri ótta en hann sjálfur: lífið gerbreytist, mæður, konur og börn æpa og veina, forviða fólk og frávita af sorg lítur inn, fölr og útgrátnir þjónar sinna verkum sínum, dagsbirtan fær ekki að komast inn í herbergið sem er upplýst af kertaljósi, predikarar og læknar sitja um rúmstokkinn; þegar allt kemur til alls ekkert nema hryllingur og ótti í kringum okkur. Það er búið að vefja okkur í líkklæðin og jarðsetja. Börn verða hrædd við vini sína þegar þeir bera grímur; það sama á við um okkur. Það verður að taka grímuna bæði af hlutum og fólk; þegar hún er farin munum við aðeins sjá sama dauðann og þjónn eða þjónustustúlka sáu nýlega án þess að fyllast skelfingu.⁶⁷ Góður er sá dauðdagi sem sviptir mann tíma til að kalla saman slíkt fylgdarlið!

Þýð. Ásdís R. Magnúsdóttir

65 Dæmi fengið úr *Vitae philosophorum*, I, i, 35, eftir Diogenes Laertios.

66 Hér lýkur ráðleggingum móður náttúru sem byrja neðarlega á bls. 15.

67 Hér sækir Montaigne innblástur í Senecu, *Epistulae morales ad Lucilium*, XXIV, 14.

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Anton Karl Ingason (f. 1980) lauk doktorsprófi í málví sindum frá Pennsylvaníu-háskóla 2016 og er lektor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands. *Netfang: antoni@hi.is*

Ásdís R. Magnúsdóttir (f. 1964) lauk doktorsprófi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum í Grenoble og er professor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands. *Netfang: asdisrm@hi.is*

Pilar Concheira Coello (f. 1975) lauk doktorsprófi í hagnýtum málví sindum í kennslu spænsku sem erlends máls frá Nebrija Háskóla í Madrid og er stundakennari við Háskóla Íslands. *Netfang: mdc@hi.is*

Einar Freyr Sigurðsson (f. 1982) mun verja doktorsritgerð í málví sindum við Pennsylvaníu-háskóla vorið 2017 og verður eftir það nýdoktor við Háskóla Íslands. *Netfang: einarsig@babel.ling.upenn.edu*

Gunnel Engwall (1942) lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Stokkhólmi og er professor í rómönskum tungumálum við sama háskóla. Hún er fyrverandi rektor Stokkhólmsháskóla og hefur stýrt útgáfu sánska ríkisins á verkum Ágústs Strindberg í 25 bindum. *Netfang: gunnel.engwall@su.se*

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barselóna og er dósent í spænsku við Háskóla Íslands. *Netfang: erlaerl@hi.is*

Gísli Magnússon (f. 1972) lauk dr. phil. gráðu í þýskum bókmenntum frá Háskólanum í Hróarskeldu. Hann er þýðandi og lektor í dönskum bókmenntum við Háskóla Íslands. *Netfang: gislim@hi.is*

François Heenen (f. 1957) lauk doktorsprófi í málvísindum frá Háskólanum í Víðarborg og meistaragráðu í frönsku frá Háskóla Íslands. Hann er aðjunkt í frönsku við Háskóla Íslands. *Netfang: ffh@hi.is*

Hólmfríður Garðarsdóttir (f. 1957) lauk doktorsprófi frá Texasháskóla í Austin og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands með áherslu á bókmenntir og menningu Rómönsku Ameríku. *Netfang: holmfr@hi.is*

Alexander Künzli (f. 1967) lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Stokkhólmi og er prófessor í þýðingarfræði við Genfarháskóla. Hann er einnig aðalritstjóri fræðitímaritsins Parallèles. *Netfang: Alexander.Kuenzli@unige.ch*

Margrét Jónsdóttir (f. 1951) lauk cand.mag.-prófi í íslensku og er prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands í námsgreininni Íslenska sem annað mál. *Netfang: mjons@hi.is*

Anne Elisabeth Sejten lauk dr. phil. gráðu frá Háskólanum í Hróarskeldu. Hún er prófessor í frönskum bókmenntum og hugmyndasögu við sama háskóla. *Netfang: sejten@ruc.dk*

Savar Hrafn Svavarsson (f. 1965) lauk doktorsprófi frá Harvard-háskóla og er prófessor við Háskóla Íslands með fornaldarheimspeki að sérsviði. *Netfang: svabra@hi.is*

Jim Wood (f. 1980) lauk doktorsprófi frá New-York-háskóla 2012 og er lektor í málvísindum við Yale-háskóla. *Netfang: jim.wood@yale.edu*

Wolf Wucherpfennig (f. 1942) lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Freiburg i. Br. og er prófessor emeritus við Háskólann í Hróarskeldu. *Netfang: wolfw@ruc.dk*

Pórhallur Eyþórsson (f. 1959) lauk doktorsprófi frá Cornell-háskóla og er prófessor í málvísindum við Háskóla Íslands. *Netfang: tolli@hi.is*

Authors, translators and editors

Anton Karl Ingason (b. 1980) finished his PhD in Linguistics from the University of Pennsylvania in 2016 and is lecturer in Icelandic linguistics at the University of Iceland. *Email: antoni@hi.is*

Ásdís R. Magnúsdóttir (b. 1964) holds a PhD in French Literature from Stendhal University, Grenoble, and is professor of French language and literature at the University of Iceland. *Email: asdisrm@hi.is*

Pilar Concheira Coello (b. 1975) holds a PhD in Applied Linguistics to the Teaching of Spanish as a Foreign Language from Nebrija University in Madrid. She is a part-time teacher at the University of Iceland. *Email: mdc@hi.is*

Einar Freyr Sigurðsson (b. 1982) will defend his PhD in Linguistics at the University of Pennsylvania in the spring of 2017 and will then be a post-doc at the University of Iceland. *Email: einarsig@babel.ling.upenn.edu*

Gunnel Engwall (b. 1942) is professor of Romance Languages at Stockholm University. She is former Vice-Chancellor of the same university and has since 1992 been responsible for the National Edition of August Strindberg's Collected Works in 72 volumes. *Email: gunnel.engwall@su.se*

Erla Erlendsdóttir (b. 1958) holds a PhD in Spanish Studies from the University of Barcelona and is associate professor in Spanish at the University of Iceland. *Email: erlaerl@hi.is*

Gíslí Magnússon (b. 1972) holds a doctorate in German literature from the University of Roskilde. He is lecturer in Danish Literature at the University of Iceland and has translated from Icelandic,

English, and German into Danish. *Email: gislim@hi.is*

François Heenen (b. 1957) finished his doctorate in Indo-European Comparative Grammar from the University of Vienna and an MA in French from the University of Iceland, where he is an adjunct lecturer. *Email: ffb@hi.is*

Hólmfríður Garðarsdóttir (b. 1957) holds a PhD from the University of Texas, Austin, and is professor in Spanish at the University of Iceland with an emphasis on Latin American literature and cultures. *Email: holmfr@hi.is*

Alexander Künzli (b. 1967) holds a doctorate from the University of Stockholm. He is professor of translation studies at the Faculty of Translation and Interpreting of the University of Geneva and editor-in-chief of the translation studies journal *Parallèles*. *Email: Alexander.Kuenzli@unige.ch*

Margrét Jónsdóttir (b. 1951) finished her cand.mag. degree in Icelandic and is professor in Icelandic linguistics at the University of Iceland with an emphasis on Icelandic as a second language. *Email: mjons@hi.is*

Anne Elisabeth Sejten holds a doctorate from the University of Roskilde. She is professor of Communication and Art at that university. *Email: sejten@ruc.dk*

Svavar Hrafn Svavarsson (b. 1965) holds a PhD from Harvard University and is professor at the University of Iceland specializing in Ancient Philosophy. *Email: svahra@hi.is*

Jim Wood (b. 1980) finished his PhD from New York University in 2012 and is assistant professor in Linguistics at Yale University. *Email: jim.wood@yale.edu*

Wolf Wucherpfennig (b. 1942) holds a doctorate from the University of Freiburg i. Br. and is professor emeritus at the University of

Roskilde. *Email:* wolfw@ruc.dk

Þórhallur Eyþórsson (b. 1959) holds a PhD from Cornell University and is professor in Linguistics at the University of Iceland.
Email: tolli@hi.is

